

**SKOÐUN** Stefán Jón Hafstein skrifar um auðlindarað og úthlutun. 18



**MENNING** Myndlistarhátíðin Sequences VII verður opnuð í dag. 30



**LÍFIÐ** Rokkgyðjan Patti Smith heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu í ágúst. 46



**SPORT** Kjartan Henry þakkar konunum í lífi sínu velgengnina í Danmörku. 42

GIVE-A-DAY
Í DAG


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
10. apríl 2015
83. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl-júní 2014


## LÍFIÐ



### Listin lokkaði alveg frá því í barnæsku

Jóní Jónsdóttir er einstök listakona. Hún segir Lífinu frá Gjörningaklúbbnum, upphafinu og biðinni eftir kraftaverkinu.

## FRÉTTIR



### Fjórir tollarar sinna eftirlitinu

Varnir gegn innflutningi fíkniefna eru sagðar veikar á Austurlandi þar sem bara fjórir tollverðir vakta hafnir frá Mjóafirði suður á Djúpavog. 12

**Fyrsta ferð sinnar tegundar** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur ekki farið aðrar utanlandsferðir til að greiða götu íslenskra fyrirtækja en þá sem hann fór í til Kína með Orku Energy. 2

**Hafa ekki innleitt samning** Íslensk stjórnvöld hafa ekki staðið við samning Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, um lög gegn spillingu. 4

**Borga á báðum stöðum** Foreldrar barns á Akranesi sem sækir tvo leikskóla eftir skilnað þeirra þyrftu að greiða fullt gjald á báðum stöðum. 11




16

## 2 SÉRBLÖÐ

Lífið | Fólk







**SAMSTÖÐUFUNDUR** Rúmlega tvö þúsund manns mættu á samstöðufund BHM á Lækjartorgi í Reykjavík í hádeginu í gær. Verkfall starfsfólks aðildarfélaga BHM hafði víðtæk áhrif um allt land í gær. Aðgerðir félaga BHM halda áfram, auk þess sem Starfsgreinasambandið boðar nú hertar aðgerðir. Sjá síðu 4 FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Aldrei sátt um línu yfir hálendi Íslands

Formaður Samtaka ferðaþjónustunnar aftekur með öllu að sátt náist við greinina um háspennulínu yfir hálendið. Landsnet segir fjárfestingarþörf í meginflutningskerfi raforku 70 til 100 milljarða næsta áratuginn. Kostar milljarða að gera ekkert.

**ORKUMÁL** Sátt um styrkingu flutningskerfis raforku með háspennulínu yfir hálendi Íslands um Sprengisand mun aldrei nást við Samtök ferðaþjónustunnar – sem eru til tals um jarðstreng. Efnahagslegt mikilvægi ferðaþjónustunnar fyrir Ísland er slíkt að stórar ákvarðanir um framtíð íslenskrar náttúru á að taka með hagsmuni greinarinnar í huga.

Þetta kom fram í máli Gríms Sæmundsen, formanns Samtaka ferðaþjónustunnar, á vorfundi Landsnets í gær. Yfirskrift fundarins var „Rafvædd framtíð í sátt við samfélag og umhverfi".

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, hnykkti á því sem hefur legið fyrir um alllangan tíma að meginflutningskerfi raforku stenst ekki kröfur tímans. Hann sagði að flutningstakmarkanir milli landshluta samhliða auknu álagi og rekstrartruflunum drægju úr sjálfbærni raforkukerfisins. Landsnet áætlar að fjárhagslegt tap þjóðarinnar hlaupi á þremur til tíu milljörðum króna á ári vegna þessara annmarka og fari vaxandi. Nauðsynleg uppbygging á næsta áratug metur Guðmundur að kosti 70 til 100 milljarða, til að svara kalli tímans.

„Það er kominn tími til að setur sé verðmiði á þau óefnislegu gæði sem í ósnortinni íslenskri náttúru felast," sagði Grímur og gerði að tillögu sinni að áætlun til verndar og nýtingar landsvæða yrði í framtíðinni gerð á forsendum íslenskrar ferðaþjónustu – eða um „rammaáætlun ferðaþjónustunnar" verði að ræða.

- shá / sjá síðu 8



**GRÍNISTARNIR** Seth Meyers, Fred Armisen og Bill Hader.

Þekktir grínistar til Íslands:

## Vilja Íslendinga í nýjan þátt

**MENNING** Þeir Seth Meyers, Bill Hader og Fred Armisen munu taka upp einn þátt í nýrri þáttaröð hér á landi. Grínistarnir, sem slógu í gegn í Bandaríkjunum í þáttunum Saturday Night Live, leita nú að þrjátíu íslenskum leikurum í stór sem smá hlutverk í þáttinn.

Þáttaröðin mun bera titilinn American Documentary og mun hver þáttur líta út fyrir að vera sjálfstæð heimildarmynd. Fyrirtækið Zik zak kvikmyndir vinnur með framleiðendum þáttaraðarinnar og hefur milligöngu um að finna leikara í þáttinn.

- kak / sjá síðu 46



## VEÐUR




**Hæglætisveður og þurrt í dag.** Gengur í norðaustan 10-18 síðdegis í dag með snjókomu eða slyddu, en hægari og áfram úrkomulaust að kalla á vestanverðu landinu fram á kvöld. Hiti breytist lítið.

SJÁ SÍÐU 26

Samtök fjármálafyrirtækja óánægð með þak á bónusgreiðslur starfsmanna:

# Vilja fjórfalt hærri aukagreiðslur

**EFNAHAGSMÁL** Samtök fjármálafyrirtækja, SFF, gagnrýna frumvarp Bjarna Benediktssonar um fjármálafyrirtæki þar sem gert er ráð fyrir að bónusar starfsmanna geti aðeins numið fjórðungi af heildarlaunum starfsmanna. Fjármálafyrirtæki vilja geta greitt fjórfalt hærri bónusa en frumvarpið gerir ráð fyrir.

Samtök fjármálafyrirtækja eru hagsmunasamtök fyrir starfsmenn banka og sætta samtökin sig illa við að bónusar geta ekki farið yfir 25 prósent í frumvarpinu eins og það lítur út núna. Samtökin fara fram á að kaupaukar geti verið 100 prósent og að hluthafafundir hafi möguleika á að hækka þá tölu upp í 200 prósent.

Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir þetta galið „Lærðum við ekkert af hruninu haustið 2008? Hér voru menn að taka tuga milljóna bónusa á mánuði jafnvel sem var einn áhrifavaldur þess að bankakerfið hrundi.“ - þþ



**FORVIÐA** Karl Garðarsson, þingmaður Framsóknar, furðar sig á kröfu um hærri bónusa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

5.000 verslanir í átakinu:

# Salan fer öll til góðgerðarmála

**GÓÐGERÐARMÁL** „Þetta hefur aldrei verið gert neins staðar annars staðar í heiminum, að fyrirtæki gefi alla sölu í svona magni,“ segir Lovísa Anna Pálmadóttir, markaðsstjóri Bestseller á Íslandi um góðgerðardaginn Gefum dag, sem haldinn er í dag.

Öll upphæðin sem verslað verður fyrir í verslunum Bestseller, sem eru yfir fimm þúsund í heiminum, fer til góðgerðarmála. „Við vonumst til að safna tíu til tuttugu milljónum,“ segir Lovísa. - ngy



**TEAM SPARK** Verkfræðinemar við Háskóla Íslands sviptu í gær á Háskólatorgi hulunni af nýjum kappakstursbíl sem tekur þátt í Formula Student-keppninni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

TS15, nýr íslenskur kappakstursbíll, keppir á Silverstone:

# Fjörutíu nemar koma að verkinu

**NÝSKÖPUN Verkfræðinemar við Háskóla Íslands afhjúpuðu nýjan kappakstursbíl á Háskólatorgi í gær. Team Spark, eins og liðið kallast, fer með bílinn nýja í alþjóðlegu kappaksturs- og hönnunarkeppnina Formula Student á Silverstone-kappakstursbrautinni í Englandi í júlí.**

**„Rúmlega 40 nemendur í verkfræðideildum Háskóla Íslands hafa frá því í haust unnið að þróun og smíði kappakstursbílsins TS15, meðal annars í samstarfi við nemendur úr Listaháskóla Íslands,“ segir í tilkynningu skólans. Liðið er sagt staðráðið í að fylgja eftir góðum árangri í keppninni í fyrra, en þá var Team Spark valið bestu nýliðarnir.** - óká



**SAMNINGSUNDIRRITUN** Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra var meðal annars viðstaddur samningsundirritun Orku Energy í Reykjavík í desember 2013. MYND/ORKA ENERGY

# Ferð Orku Energy sú fyrsta sinnar tegundar

Menntamálaráðherra hefur ekki farið aðrar utanlandsferðir til að greiða götu íslenskra fyrirtækja en þá sem hann fór í til Kína með Orku Energy. Segir tugi vísindamanna og sérfræðinga fengið störf í Kína vegna verkefna fyrirtækisins þar.

**STJÓRNMÁL** Illugi Gunnarsson, mennta- og menningarmálaráðherra, segir að vinnuferð ráðuneytisins til Kína þar sem hann sat meðal annars fundi með jarðvarmafyrirtækinu Orku Energy hafi verið sú fyrsta sinnar tegundar í ráðherratíð hans.

Illugi starfaði fyrir Orku Energy sem ráðgjafi meðan hann var í leyfi frá þingstörfum eftir bankahrunið og hefur vinnuferð hans til Kína með fulltrúum fyrirtækisins eftir að hann tók við embætti ráðherra vakið athygli.

Aðspurður hvort hann hafi farið í fleiri sambærilegar utanlandsferðir í ráðherratíð sinni til að greiða götu íslenskra orkufyrirtækja eða annarra segir hann svo ekki vera.

„Komi til fleiri slíkra ferða til annarra landa, verður leitast við að aðstoða íslensk fyrirtæki sem þar starfa eftir föngum, sérstaklega þau sem starfa á sviði hátækni og vísinda,“ segir Illugi í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins.

Illugi segir íslenska ráðamenn á undanförnum árum hafa stutt við starfsemi Orku Energy í Kína.

„Jóhanna Sigurðardóttir, Össur Skarphéðinsson, Katrín Jakobsdóttir og Guðbjartur Hannesson hafa öll verið viðstödd undirritanir samninga sem Orka Energy hefur gert við samstarfsaðila sína í Kína. Þessi starfsemi Orku hefur leitt til þess að tugir íslenskra vísindamanna og sérfræðinga á sviði jarðhita hafa fengið störf vegna jarðhitaverkefna Orku í Kína,“ segir Illugi.

Illugi gefur ekki upp fjárhæð greiðslna Orku Energy fyrir störf hans hjá fyrirtækinu en bendir á að nálgast megi upplýsingar um tekjur hans á þeim árum í opinberum gögnum. Hann segist aðeins hafa unnið fyrir fyrirtækið meðan hann var utan þings, verkefnin hafi klárast á árinu 2012 og þess vegna hafi hann getið um þau í hagsmunaskráningu Alþingis, sem síðan hefur farist fyrir að uppfæra.



**„Komi til fleiri slíkra ferða til annarra landa, verður leitast við að aðstoða íslensk fyrirtæki sem þar starfa eftir föngum, sérstaklega þau sem starfa á sviði hátækni og vísinda.**

*Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra*

Illugi segist einnig hafa starfað fyrir fleiri fyrirtæki meðan hann var utan þings, þar á meðal að verkefnum í Asíu. Meðal þeirra verkefna var skoðun á möguleikum á markaðssetningu á snyrtivörum líftæknifélagsins Orf í Asíu.

fanney@frettabladid.is

Leggja áherslu á samvinnu:

# Fyrsti fundur ferðamálaráðs

**STJÓRNSÝSLA** Nýskipað ferðamálaráð, sem er ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar um málefni er varða ferðaþjónustu, hélt sinn fyrsta fund í gær.

Ferðamálaráð leggur áherslu á að innviðir ferðaþjónustunnar verði styrktir og stoðkerfi atvinnulífsins einfaldað og gert skilvirkara. Jafnframt leggur það áherslu á aukna samvinnu og samstöðu hjá aðilum í ferðaþjónustu.

Ráðinu er ætlað að vera ráðherra til ráðgjafar um þau málefni er varða ferðaþjónustuna. - ngy

Könnun lögð fyrir nemendur:

# Jákvæð þróun í vímuefnaneyslu

**FORVARNIR** Jákvæð þróun er í vímuefnaneyslu unglinga samkvæmt niðurstöðum könnunar Rannsókna og greiningar sem lögð var fram í febrúar. Könnunin var lögð fyrir alla nemendur í áttunda, níunda og tíunda bekk í Hafnarfirði.

Árlega taka unglingar á Íslandi þátt í þessari könnun og alls tóku 84 prósent nemenda í unglingadeildum grunnskólanna í Hafnarfirði þátt að þessu sinni.

Niðurstöður úr könnuninni sýna að vímuefnaneysla unglinga er á talsverðu undanhaldi. - ngy




Ísland lakast EES-ríkjanna í innleiðingum tilskipana frá Evrópusambandinu:

# Vill fjölga starfsfólkinu í Brussel

**STJÓRNSÝSLA** Ísland stendur sig lakast EES-ríkjanna í að innleiða Evróputilskipanir í gegnum EES-samninginn. Innleiðingarhallinn hér á landi er mun meiri en hjá Liechtenstein og Noregi.

Evrópuþingmaðurinn Andreas Schwab hefur skilað af sér skýrsludrögum þar sem aftur er staðfestur innleiðingarhalli Íslendinga á Evróputilskipunum.

Gunnar Bragi Sveinsson utanríkisráðherra vill fjölga sérfræðingum Íslands í Brussel vegna þessa. „Ég hef óskað eftir því að fá fjármuni svo fagráðuneytin geti sent sérfræðinga út til Brussel til þess að koma fyrr að málum og greina málin,“ segir Gunnar Bragi.

Í mars í fyrra var Evrópustefna ríkisstjórnarinnar kynnt. Markmið stefnunnar var að hraða upptöku tilskipana í gegnum EES-samninginn og að útrýma dómsmálum ESA vegna lélegrar innleiðingar.

Þrátt fyrir þessi markmið hefur ESA höfðað ellefu dómsmál fyrir EFTA-dómstólnum vegna slakrar innleiðingar.

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, segir menn vera að vinna að því að stytta málahala EES-tilskipana. „Í sumum tilvikum hafa þessi mál tafist innan stjórnsýslunnar í einstaka ráðuneytum. Í öðrum tilvikum eru tafir í þinginu sjálfu. Þar höfum við þingmenn verið að reyna að laga vinnubrögð til þess að hlutirnir gangi greiðar fyrir sig,“ segir Birgir. - sa



**UTANRÍKISRÁÐHERRA** Gunnar Bragi Sveinsson, utanríkisráðherra, segist hafa kallað eftir fjármunum til að bæta vinnulag við innleiðingu Evróputilskipana. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Verð: 990.000 kr.**

**Opel Corsa Enjoy** GKH16
Skráður júní 2008, 1,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 138.000 km.



**Verð: 2.590.000 kr.**

**Volvo S40 Kinetic** DBY25
Skráður júní 2010, 2,4i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 84.000 km.




**Tilboð: 1.490.000 kr.**

**Ford Explorer XLT 4x4** RA251
Skráður mars 2006, 4,0i bensín, sjálfsk.
Ekinn 151.000 km.
Ásett verð: 1.750.000 kr.



**Verð: 6.990.000 kr.**

**Ford Explorer** Limited 4x4 EMH08
Skráður júní 2012, 3,5i bensín, sjálfsskiptur
Ekinn 102.000 km.

# NOTAÐIR BÍLAR

## MIKIÐ ÚRVAL OG GOTT VERÐ

*Gerðu betri bílakaup!*




**Tilboð: 7.990.000 kr.**

**Toyota Land Cruiser 4x4** FDM35
Skráður janúar 2012, 3,0TDCi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 87.000 km.
Ásett verð: 8.890.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Ford Escape XLS** LI474
Skráður janúar 2007, 2,3i bensín, sjálfskiptur.
Ekinn 167.500 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

**BÍLADÍLL DAGSINS!**
Hafðu samband strax!




**Tilboð: 2.990.000 kr.**

**Volkswagen Passat Comfort** UGD66
Skráður júlí 2012, 1,4i bensín/metan, sjálfskiptur.
Ekinn 74.000 km.
Ásett verð: 3.290.000 kr.

**FINNDU BÍLINN ÞINN**



*Skoðaðu fleiri dæmi hér!*

# NOTADIR.BRIMBORG.IS

Ýmsar fjármögnunarleiðir í boði. Spyrðu ráðgjafa.

**TÖKUM ALLAR TEGUNDIR BÍLA UPPÍ**

*SÝNDU OKKUR BÍLINN ÞINN OG VIÐ GERUM ÞÉR TILBOÐ Í MILLIGJÖF. ENGIN SKULDBINDING*




**Tilboð: 2.090.000 kr.**

**Toyota Yaris Terra** KBM99
Skráður ágúst 2013, 1,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 15.000 km.
Ásett verð: 2.390.000 kr. *Í ábyrgð*




**Tilboð: 990.000 kr.**

**Mitsubishi Lancer** LZ540
Skráður september 2006, 1,6i bensín, beinskiptur.
Ekinn 84.000 km.
Ásett verð: 1.250.000 kr.




**Tilboð: 2.890.000 kr.**

**Volkswagen Tiguan Sport** NXG83
Skráður maí 2008, 2,0TDi dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 134.000 km.
Ásett verð: 3.390.000 kr.




**Tilboð: 2.490.000 kr.**

**Chevrolet Cruze LT2** LGM75
Skráður október 2012, 1,8i bensín, sjálfsk.
Ekinn 16.000 km.
Ásett verð: 2.650.000 kr.



**Verð: 7.990.000 kr.**

**Volvo XC90** Summum D5 AWD TJL91
Skráður júní 2012, 2,4Di dísil, sjálfskiptur.
Ekinn 89.500 km.




**Tilboð: 1.190.000 kr.**

**Ford Mondeo Ghia** KJ785
Skráður apríl 2007, 2,0i, bensín, sjálfskiptur
Ekinn 149.000 km.
Ásett verð: 1.390.000 kr.




**Tilboð: 1.090.000 kr.**

**Ford Galaxy Trend** BS385
Skráður janúar 2005, 2,0i bensín, beinskiptur
Ekinn 144.000 km.
Ásett verð: 1.290.000 kr.

FYLGSTU MEÐ Á FACEBOOK
Notaðir bílar - Brimborg

*Tilboðsbílarnir fara beint á Facebook!*

Söludeildir eru opnar virka daga kl. 9-17 og laugardaga 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7030
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040
Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

## SPURNING DAGSINS



Rúnar, sjáið þið fyrir endann?

**„Nei, en eins og blindir vitum við hvert við ætlum og fikrum okkur áfram.“**

Rúnar Unnþórsson lektor er verkefnisstjóri Sound and Vision sem miðar að gerð nýs tækis sem gera á blindum kleift að „sjá“ í gegn um hljóð og titring.

Starfsgreinasambandið segist bregðast við tilraunum Samtaka atvinnulífsins til að tefja atkvæðagreiðslur:

# SGS boðar hertar víðtækar verkfallsaðgerðir

**KJARAMÁL** Starfsgreinasambandið (SGS) segir að farið verði í víðtækar verkfallsaðgerðir í lok þessa mánaðar og í maímánuði, verði ekki búið að semja fyrir þann tíma.

Aðgerðirnar eru sagðar verða umfangsmeiri og harðari en þær sem áður hafa verið kynntar og nái til yfir tíu þúsund félagsmanna.

Í tilkynningu SGS eru ástæður hertra aðgerða meðal annars sagðar tilraunir Samtaka atvinnulífsins (SA) til að tefja fyrir atkvæðagreiðslum launþegasamtaka og mikill baráttuvilji meðal félagsmanna aðildarfélaga SGS. Meginkrafa SGS hefur verið hækkun grunnlauna og að lágmarkslaun fari upp í 300 þúsund krónur innan þriggja ára.



BJÖRN SNÆBJÖRNSSON

„Fólk er bara orðið reitt,“ segir Björn Snæbjörnsson, formaður SGS, „Það er ekki hægt að lifa sómasamlegu lífi á þessum launum. Þegar við bætast hækkanir á matarskatti og hærri húsnæðiskostnaður þá er ljóst að staða verkafólks er orðin óviðunandi og það nær einfaldlega ekki að framfleyta fjölskyldu sinni.“ - skó

## Boðaðar aðgerðir

- **30. apríl** - Vinnustöðvun frá hádegi til miðnættis.
- **6. maí 2015** - Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
- **7. maí 2015** - Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
- **19. maí 2015** - Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
- **20. maí 2015** - Vinnustöðvun frá miðnætti til miðnættis.
- **26. maí 2015** - Ótímabundin vinnustöðvun hefst á miðnætti aðfaranótt 26. maí 2015.

Auðkenni rukkar fyrir skilríki:

# Einstaklingar greiði ekki gjald

**VIÐSKIPTI** „Í dag innheimtir Auðkenni ekki gjald fyrir rafræn skilríki á farsíma og eru framtíðartekjur fyrirtækisins vegna þeirra óráðnar,“ segir Haraldur A. Bjarnason, framkvæmdastjóri Auðkennis, um þá ákvörðun fyrirtækisins að innheimta gjald af fjarskiptafyrirtækjum fyrir hver seld skilríki frá og með árinu 2016.



HARALDUR A. BJARNASON

Hann segir markmið Auðkennis að skilríkin auðveldi og bæti öryggi rafrænna samskipta. - ngy

Afborgun dregur úr áhyggjum:

# Borguðu 210 milljarða króna

**GRIKKLAND** Gríska ríkið reiddi í gær af hendi um 450 milljóna evra afborgun af láni frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Upphæðin svarar til um 210 milljarða íslenskra króna.

Með afborguninni eru Grikkir sagðir hafa dregið úr áhyggjum af hugsanlegu greiðslufalli landsins. Grikkland fékk 240 milljarða evra neyðarlán frá öðrum evruríkjum og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Ný ríkisstjórn Grikklands hefur átt í viðræðum við lánveitendur sína frá því hún tók við völdum í janúar til að losna undan skilmálum lána sem kveða á um viðamiklar aðhaldsaðgerðir. - skó

## LEIÐRÉTT

Í myndatexta við frétt blaðsins í gær um tengsl Illuga Gunnarssonar menntamálaráðherra við Orku Energy var ranglega sagt að undirritun samnings fyrirtækisins í desember 2013 sem Illugi var viðstaddur hefði verið í Kína. Undirritunin fór fram hérlendis. Beðist er velvirðingar á þessu.

# Hafa ekki staðið við samninga um lög gegn spillingu

OECD gagnrýnir íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki innleitt samning sem berst gegn mútugreiðslum. Höfum aðeins innleitt tvær af sautján tillögum. „Vandræðalegt fyrir íslensk stjórnvöld,“ segir yfirmaður hjá OECD

**STJÓRNSÝSLA** Nefnd á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar, OECD, átelur íslensk stjórnvöld fyrir seinagang í innleiðingu samnings um mútugreiðslur. Kemur fram að Ísland hafi ekki innleitt samning OECD um baráttu gegn mútugreiðslum.

Ísland er aðili að sáttmála innan OECD um að berjast gegn spillingu í aðildarríkjum þess. Í tilkynningu kemur fram að aðeins tvær tillögur nefndarinnar hafi að fullu verið innleiddar í íslensk lög en fimmtán tillögur ekki orðnar að lögum.

Þau atriði sem vanti í íslenska löggjöf snúa að því að refsingar séu ekki fyrir hendi í íslenskum lögum í mörgum tilvikum vegna mútugreiðslna. Einnig er ekki að finna nein verkfæri lögreglu til að geta rannsakað mútur.

Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar, segir íslensk stjórnvöld ætla að bæta sig í því að framfylgja skyldum sínum á erlendum vettvangi, „Almennt eigum við að framfylgja þeim alþjóðlegu sáttmálum sem við undirgöngumst. Þetta mál sérstaklega heyrir ekki undir okkur í utanríkismálanefnd þingsins, en almennt er æskilegt að við fylgjum skuldbindingum okkar.“

Einnig segir í tilkynningu að lög um vernd heimildarmanna eða uppljóstrara sé ekki að finna í íslenskri löggjöf en ein tilmælin eru á þá leið að verja uppljóstrara. Þá er nefndin mjög ósátt með íslensk stjórnvöld fyrir að hafa ekki svarað nefndinni formlega í tvígang þegar eftir því var leitað.

Patrick Moulette, yfirmaður deildar OECD sem vinnur gegn spillingu, segir mikið vanta upp á hjá íslenskum stjórnvöldum til að uppfylla þær alþjóðlegu skuldbindingar sem þjóðin hefur sett sér. Að hans mati er tilkynningin fyrsta skrefið til að hvetja íslensk stjórnvöld til dáða.

„OECD hefur ekki vald til að leggja sektir á þjóðir vegna vanefnda. Tilkynning stofnunarinnar er til þess fallin að setja þrýsting á stjórnvöld til að leiða tillögurnar í lög,“ segir Patrick. „Svo virðist vera sem íslensk stjórnvöld líti ekki á málið sem forgangsatriði og að mínu mati er þessi tilkynning svolítið vandræðaleg fyrir íslensk stjórnvöld.“

Sú tilfinning OECD, að málið sé ekki forgangsatriði stjórnvalda, virðist ekki vera fjarri lagi. Í tilkynningu frá innanríkisráðuneytinu segir að „ýmsar ástæður eru fyrir því að innleiðing framangreindra aðgerða er ekki lengra komin en raun ber vitni. Ástæðan er einkum sú að vegna efnahagsástands hefur ekki verið unnt að setja nægilegt fé og mannafla til að sinna þessu verkefni og það því ekki hlotið forgang.“

Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata, telur ráðherra þurfa að svara fyrir þennan trassaskap. „Við munum kalla fram svör. Við viljum ekki vera eftirbátur annarra og það er slæmur álitshnekkir að fá tilkynningu frá stofnun eins og OECD um að við séum ekki að standa okkur í málum er varða spillingu,“ segir Helgi Hrafn.

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson forsætisráðherra vildi ekki tjá sig við blaðamann, þegar eftir því var leitað.

sveinn@frettabladid.is



**PRÝSTA Á STJÓRNVÖLD** OECD þrýstir á íslensk stjórnvöld að standa við skuldbindingar sínar. Hér talar Angel Gurría, aðalframkvæmdastjóri OECD, á fundi í París nýverið. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA



**„Almennt eigum við að framfylgja þeim alþjóðlegu sáttmálum sem við undirgöngumst.**

*Birgir Ármannsson, formaður utanríkismálanefndar.*



**„Það er slæmur álitshnekkir að fá tilkynningu frá stofnun eins og OECD um að við séum ekki að standa okkur í málum er varða spillingu.**

*Helgi Hrafn Gunnarsson, þingmaður Pírata*

Skógræktarfélag Reykjavíkur

AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Skógræktarfélags Reykjavíkur verður haldinn föstudaginn 24. apríl næstkomandi kl. 17.00 í húsnæði Garðyrkjufélags Íslands Síðumúla 1, Reykjavík.**

**Dagskrá aðalfundar:**

- Skýrsla um starfsemi félagsins síðastliðið ár.
- Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- Kosning samkvæmt félagslögum.
- Tillögur um framtíðarstarfsemi félagsins.
- Önnur mál sem fram eru borin.

*Hreinn Óskarsson skógarvörður á Suðurlandi heldur erindi við lok aðalfundar*

**Er skógrækt náttúruvernd?**

*Stjórn Skógræktarfélags Reykjavíkur*

Verjandi gagnrýnir ákvörðun ríkissaksóknara og segir áfrýjunina sóun á fé:

# Löke-málinu hefur verið áfrýjað

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákveðið að áfrýja Löke-málinu svokallaða til Hæstaréttar.

Lögreglumaðurinn Gunnar Scheving Thorsteinsson var í mars sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur af ákæru fyrir að hafa miðlað persónuupplýsingum til þriðja aðila.

Áður hafði verið fallið frá veigamesta ákæruliðmálsins, þar sem Gunnari var gefið að sök að hafa flett upp 45 konum í málaskrá lögreglu, Löke, án þess að það tengdist störfum hans. Ágallar á rannsókn málsins urðu til þess að ákveðið var að fella þennan ákærulið niður.

Þá var ríkissjóði gert að greiða meira en fjórar milljónir króna í málskostnað.

Garðar Steinn Ólafsson, verjandi Gunnars, segir að endanleg kröfugerð ríkissaksóknara muni liggja fyrir þegar greinargerð verður skilað. Hann segist harma að ríkissaksóknari telji sig knúinn til að halda áfram máli sem ætti að vera löngu lokið.

„Það er mjög skýrt í dómnum að ekkert lögbrot átti sér stað en ég treysti dómstólum mun betur en ríkissaksóknara til að ákveða það. En það mætti bera meiri virðingu fyrir almannafé heldur en að sóa því í að fá Hæstarétt til að komast að sömu niðurstöðu. Sérstaklega í ljósi þeirra vandræða sem embætti hefur átt í með að sinna lögboðnum hlutverkum stofnunarinnar vegna fjárskorts og of fárra starfsmanna,“ segir Garðar Steinn. - fbj



**SÝKNAÐUR** Lögreglumaðurinn Gunnar Scheving Thorsteinsson var sýknaður af öllum ákærum í Héraðsdómi Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



SUZUKI
Way of Life!
FJÓRHJÓLADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR OG FULLUR SJÁLFSTRAUSTS!
S-CROSS
VERÐ KR.
4.780.000
SX4 S-CROSS
Suzuki S-CROSS er öflugur, fjórhjóladrifinn snillingur með ríkulegan staðalbúnað. Meðaleyðsla er aðeins 5,7 l/100km sjálfskiptur.
ALLGRIP
Fáðu nánari upplýsingar á suzuki.is
All-grip skapar akstursеiginleika í sérflokki. Komdu og prófaðu. Þú kemst alla leið!
SUZUKI
Suzuki bílar hf. | Skeifunni 17 | Sími 568 5100
DYNAMO REYKJAVÍK

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvar túlkar íslenski dansarinn Emilía Benedikta Gísladóttir Carmen?
**2.** Hvað er líklegt að margir standi í verkfallsaðgerðum á næstu vikum?
**3.** Hver er listrænn stjórnandi Listahátíðar í Reykjavík?

**SVÖR:**
**1.** Á Spáni. **2.** 15 þúsund manns. **3.** Hanna Styrmisdóttir.

Menntaverkefnið Biophilia:

## Norrænt samstarf í skólum

**MENNTAMÁL** Skólum í Reykjavík býðst nú að taka þátt í norrænu samstarfi um menntaverkefnið Biophilia. Verkefnið er fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni og er sagt gefa nýja möguleika á að þróa þverfaglegu tónvísindasmiðjurnar og námsefni sem þeim fylgi. Verkefnið varð til í samstarfi Bjarkar Guðmundsdóttur tónlistarkonu, Reykjavíkurborgar og Háskóla Íslands á árinu 2011 og var eitt af formennskuverkefnum Íslendinga í Norrænu ráðherranefndinni 2014. - ngy






**MADS GILBERT** Með nýútkomna bók sína, Nótt á Gasa, þar sem hann skýrir frá atburðum síðasta sumars þegar hann stóð vaktina á Shifa-sjúkrahúsinu á Gasa meðan sprengjurnar féllu í gríð og erg á fólkið í kring. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> **Einu vopnin mín eru hlustunarpípan, penninn minn, myndavélin og tungan. En þetta eru líka hættulegustu vopnin.**
> *Mads Gilbert*

# Dáist að þrautseigju Palestínumanna

Norski læknirinn Mads Gilbert segir umsátur Ísraela um Gasa verða æ grimmilegra. Uppbygging eftir eyðilegginguna síðasta sumar sé enn ekki hafin.

**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

**PALESTÍNA** „Það er gjörsamlega óskiljanlegt að alþjóðasamfélagið skuli sitja hjá og láta Ísrael komast upp með þetta framferði,“ segir Mads Gilbert, norskur læknir sem hefur dvalist langdvölum á Gasa og víðar í Palestínu. „Ekkert annað ríki fengi að að drepa hundruð barna án þess að vera með einhverjum hætti refsað af alþjóðasamfélaginu.“

Honum er mikið niðri fyrir, enda hefur hann sjálfur upplifað ástandið á Gasa meðan Ísraelar láta sprengjuregnið dynja á íbúum. Hann hefur starfað sem læknir á Shifa-sjúkrahúsinu í Gasaborg og tekið þar við særðu fólki og limlestu. Sumum hefur tekist að bjarga til lífs á ný, öðrum ekki.

„Umsátrið um Gasa verður æ grimmilegra. Engin uppbygging er enn þá byrjuð eftir árásarhrinuna síðasta sumar. Peningarnir, sem lofað var til uppbyggingar, hafa ekki borist og banni Ísraela við innflutningi þangað á byggingarefnum, steinsteypu, sementi, járni og stáli, hefur ekki verið aflétt. Þannig að þarna eru 100 þúsund manns sem misstu heimili sín og það er ekki byrjað á því að reisa þeim heimili eða endurbyggja þau,“ segir Gilbert.

### Manngerð eyðilegging

„Þetta eru ekki afleiðingar jarðskjálfta heldur er þetta manngerð eyðilegging á heilu borgarsamfélagi, og þetta var í fjórða skiptið síðan 2006 sem þetta er endurtekið. Og ég hef starfað í Shifa í öll skiptin og upplifað þessar árásir sjálfur. Það er satt að segja átakanlegt að sjá átta ára gamalt barn á Gasa komið með reynslu gamals manns eða gamallar konu. Það hefur á stuttri ævi nú þegar upplifað fjórar grimmilegar hernaðarárásir Ísraela.“

Hann segir kynni sín af Palestínu hafa byrjað árið 1967 þegar hann bauð sig fram til sjálfboðastarfa á ísraelsku samyrkjubúi.

„Þetta var þegar stríðið 1967 var nýhafið. Þá kom ákall frá ísraelska sendiráðinu í Noregi. Skorað var á norsk ungmenni að koma til hjálpar á samyrkjubúunum þegar íbúar þeirra þurftu að fara í herinn.“

Gilbert taldi þetta vera snilldarhugmynd og gerði sér ferð í sendiráð Ísraels í Ósló, þar sem honum var fagnandi tekið. Um kvöldið hringdi í hann Ebbe Wergeland, góð vinkona systur hans og mikil baráttukona fyrir réttindum Palestínumanna, og bauð honum í te.

### Aldrei heyrt um Palestínumenn

„Við drukkum tíu bolla af tei þetta kvöld. Ég hafði aldrei heyrt um Palestínumenn fyrr en þá. Hún sagði mér allt um hörmungarnar 1948 og um hryðjuverk síonista. Ég hætti við að fara til Ísraels, en þannig byrjaði þetta. Svo fór ég til Beirút árin 1981 og 1982. Sumarið 1982 starfaði ég í Beirút sem ungur læknir meðan umsátur Ísraela þar stóð yfir, fáeinum vikum fyrir fjöldamorðin í Sabra og Shatila. Ég hafði aldrei upplifað stríð áður og þetta breytti mér gjörsamlega til frambúðar.“

Hann átti eftir að starfa á átakasvæðum víða um heim, í Búrma, Kambódíu, Angóla og Afganistan, en Palestína hefur verið honum hjartfólgnust.

„Ég lít á Gasa nú orðið sem mitt annað heimili. Ég hef verið þar í 15 ár og ég hef dvalist þar meðan allar síðustu fjórar árásarhrinurnar hafa gengið yfir, og ég hef skrifað tvær bækur um þessa reynslu mína. Og alltaf kem ég heim auðugri manneskja og fullur aðdáunar á Palestínumönnum vegna þeirrar þrautseigju sem þeir hafa sýnt og hvernig þeim hefur tekist að halda í sjálfsvirðinguna þrátt fyrir allt sem þeir hafa þurft að þola.“

Þarna fer rödd hans að titra og blaðamaður spyr hvort það taki ekki á að starfa við þessar aðstæður.

### Enn í ferðabanni

„Jú, en mín vandamál eru lítil samanborið við það sem þetta fólk hefur þurft að glíma við. Ekki eru börnin mín drepin, ekki er vatninu mínu stolið. Ég er með rauða vegabréfið mitt frá Noregi og get farið burt hvenær sem ég vil. Ef Ísraelar ætla sér að drepa mig þá gera þeir það bara. Og nú hefur mér verið bannað að fara til Gasa vegna þess að frásagnir okkar þaðan eru of hættulegar. Ekki er ég vopnaður. Einu vopnin mín eru hlustunarpípan, penninn minn, myndavélin og tungan. En þetta eru líka hættulegustu vopnin vegna alls þess sem Ísraelar vilja fela fyrir íslensku þjóðinni og öllu góðu fólki í heiminum.“

Hann segir Palestínumenn ekki þurfa á meðaumkun að halda, heldur sé miklu mikilvægara að fólk frétti af því sem hefur verið að gerast þar og sjái það með eigin augum.

„Meðaumkun gerir kúgunina bara sársaukafyllri. Við þurfum fyrst og fremst að sýna samstöðu með réttlátum málstað þeirra. Við höfum allt of oft forðast erfiðar spurningar og horft framhjá ranglætinu.“

Gilbert er staddur hér á landi í stuttri heimsókn bæði til þess að tala á fundi Félagsins Ísland-Palestína, sem haldinn var í gærkvöld, og til að taka þátt í vísindaþingi á vegum Skurðlæknafélags Íslands og Gjörgæslu- og svæfingalæknafélags Íslands, sem hefst í dag í Hörpu.

SAMSUNG

# Galaxy S6

# Ný stjarna er komin til Nova




**1.000 kr.** notkun eða **1 GB** á mán. í 12 mán. fylgir.

**Samsung Galaxy S6** 32GB

**124.990 kr.** stgr.

**7.490 kr.** /18 mán.

64GB **144.990 kr.** stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkorti + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á Nova.is.

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri

Þjónustuver 519 1919 | **www.nova.is** | Facebook | Twitter

NOVA




1. maí í 4 nætur

Barcelona

Í Barcelona er auðvelt að njóta sín enda iðar þessi einstaka borg af lífi! Borgin býður bókstaflega upp á allt sem hugurinn girnist en Barcelona er stórkostleg menningarborg þar sem listasöfn Miró og Picasso ber hæst. Þá fanga byggingar borgarinnar athyglina á hverju götuhorni og gamli hluti borgarinnar, Barrio Gotico, þar sem fyrstu byggingarnar risu á 13. öld, er einstakur. Römbluna, með sínu lífi og fjöri, þekkja allir en finna má allskonar veitingastaði, kaffihús og bari eftir endilangri götunni. Ekki má heldur gleyma ströndinni og ólympíuþorpinu sem hafa líka sitt aðdráttarafl. Þá er matur og drykkur hér í hæsta gæðaflokki og tapas-menningin er einstök. Hægt er að finna verslanir og verslunarmiðstöðvar um alla borgina sem gerir hana að einstakri verslunarborg.

Abba Balmoral

Frábært verð
Frá kr. 89.900
Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Hotel Derby

Frábært verð
Frá kr. 79.900
Netverð á mann frá kr. 79.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Hotel Salles Pere

Frábært verð
Frá kr. 74.900
Netverð á mann frá kr. 74.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Vilana Hotel

Frábært verð
Frá kr. 69.900
Netverð á mann frá kr. 69.900 m.v. 2 í herbergi m/morgunmat.



Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.

Skógarhlíð 18 • Sími 595 1000
Akureyri • Sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Heimsferðir

Aðalmeðferð hafin í frelsissviptingarmáli ríkissaksóknara gegn þremur mönnum:

# Þorði ekki að kæra vegna hótana

**DÓMSMÁL** Aðalmeðferð hófst í máli ríkissaksóknara gegn Ríkharð Júlíusi Ríkharðssyni, Davíð Fjeldsted og félaga þeirra í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir eru ákærðir fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás, hótanir og frelsissviptingu í desember 2010.

Þremenningunum er gefið að sök að hafa fimmtudaginn 19. desember 2010 í bakherbergi á veitingastaðnum Monte Carlo við Laugaveg í Reykjavík, veist að öðrum karlmanni á fertugsaldri og krafið hann um peninga, slegið og sparkað ítrekað í höfuð og líkama hans og svipt hann frelsi sínu í því skyni að þvinga hann til að láta fé af hendi. Í ákærunni segir að þeir hafi síðan flutt manninn í íbúð í Hlíðahverfi í Reykjavík þar sem þeir slógu hann ítrekað með hnefum, hnúajárnum, kylfu og helltu upp í hann þvottaefni. Maðurinn var látinn laus degi síðar eftir að faðir hans samþykkti að leggja eina milljón króna inn á bankareikning eins ákærða. Áður en hann var látinn laus hótuðu þremenningarnir honum að ef hann kærði brotin til lögreglu yrði honum og fjölskyldu hans gert mein. - ngy

➜ Fram kom fyrir dómi í gær að maðurinn sem ráðist var á hafi vegna ótta við hefndaraðgerðir ákærðra dregið í þrjú ár að kæra árásina.



**LANGT Á MILLI** Það var kannski táknrænt að langt var á milli forstjóra Landsnets og formanns Samtaka ferðaþjónustunnar í fyrirspurnatíma vorfundarins í gær. MYND/HREINN MAGNÚSSON

# Eru ekki til tals um raflínu yfir hálendið

Landsnet boðar breytt verklag með skýrari sýn á samfélagsábyrgð fyrirtækisins. Mikilvægi ferðaþjónustunnar er slíkt að stórar ákvarðanir er varða náttúruna verður að taka með hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi, segir formaður SAF.

**Svavar Hávarðsson**
svavar@frettabladid.is

„Hvað varðar lagningu háspennulínu yfir hálendi Íslands, næst aldrei sátt við ferðaþjónustuna um það,“ sagði Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, á vorfundi Landsnets í gær þar sem fjallað var um stöðu flutningskerfis raforku á Íslandi og nýjar áherslur Landsnets í því samhengi.

### Nýjar áherslur

Landsnet kynnti á fundinum nýjar áherslur til að þróa og viðhalda flutningskerfi raforku, í sátt við samfélag og umhverfi. „Landsnet er að taka upp breytt verklag með skýrari sýn á samfélagsábyrgð fyrirtækisins sem felst m.a. í enn meira samráði á fyrstu stigum fyrirhugaðra framkvæmda og stofnun þverfaglegra samráðshópa. Samtímis verður öll greiningarvinna efld enn frekar með það að markmiði að finna bestu framkvæmanlegu lausnirnar á hverjum tíma,“ segir í fréttatilkynningu fyrirtækisins.

### Staðreynd sem blasir við

Guðmundur Ingi Ásmundsson, forstjóri Landsnets, minnti á það í erindi sínu sem fyrir löngu er öllum ljóst – styrkja þarf flutningskerfið enda svarar byggðalínan sem lögð var fyrir fjórum áratugum engan veginn kalli tímans. Fjárfesting upp á 70 til 100 milljarða næsta áratuginn er nauðsynleg til að mæta væntingum og kröfum í samfélaginu, að hans sögn. Tenging sterks dreifikerfis suðvesturhornsins við önnur landsvæði verði að skoðast í því ljósi að gríðarleg verðmæti fari forgörðum á ári hverju að óbreyttu. Það eru þrír til tíu milljarðar á ári, er mat Landsnets, en flutningstakmarkanir koma í veg fyrir staðsetningu meðalstórra fyrirtækja úti á landi, svo ekki sé nefnt orkuöryggi sem kemur öllum landslýð og fyrirtækjum við – líka ferðaþjónustunni.

### Tvær leiðir

Til að gera þetta eru tvær leiðir færar; hálendisleið, eða lögn línu yfir Sprengisand, eða byggðaleið – uppbygging byggðalínunnar þar sem hún liggur hringinn í kringum landið. „Að hafna hálendisleiðinni er að velja hina,“ sagði Guðmundur Ingi. Svo einföld er þessi mynd.

Hvað hálendisleiðina varðar er hún þrískipt; loftlína alla leið. Loftlína með allt að 50 kílómetra jarðstreng. Síðasti kosturinn er jarðstrengur alla leið með svokallaðri jafnstraumstækni – en hún er varla raunhæf lausn nema í tengslum við sæstreng til Bretlands, sagði Guðmundur en eins og þekkt er virðist það verkefni neðarlega í verkefnabunka stjórnvalda þrátt fyrir að Landsvirkjun hafi lagt töluverða vinnu í að þoka málinu áfram.

### Rammaáætlun ferðaþjónustunnar

Skilaboð Gríms Sæmundsen á fundinum urðu hins vegar ekki misskilin. Ferðaþjónustan er til tals um lagningu jarðstrengs yfir hálendið, en í raun ekkert annað eins og að framan greinir. Hann sagði jafnframt að mikilvægi ferðaþjónustunnar í efnahagslegu tilliti væri slíkt í dag að stórar ákvarðanir er varða náttúruna sem auðlind verði eftirleiðis að taka með hagsmuni greinarinnar að leiðarljósi. Nefndi hann vinnu við rammaáætlun, eða áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða, í því samhengi síðastliðin 15 ár.

„Það er kominn tími til að settur sé verðmiði á þau óefnislegu gæði sem í ósnortinni íslenskri náttúru felast,“ sagði Grímur og gerði að tillögu sinni að áætlun til verndar og nýtingar landsvæða verði í framtíðinni gerð á forsendum íslenskrar ferðaþjónustu – eða um „rammaáætlun ferðaþjónustunnar“ verði að ræða.

**➜ Annmarkar draga úr sjálfbærni**

- Of veikt flutningskerfi takmarkar framleiðslu virkjana
- Hlutfallslega mikil orka tapast
- Skert notkun vegna takmarkana í flutningskerfinu eða skipt yfir í olíu
- Skemmdir á raftækjum notenda vegna lélegra spennugæða
- Tap þjóðarinnar er 3-10 milljarðar á ári og fer vaxandi
- Fjárfestingarþörf 7–10 milljarðar á ári næsta áratuginn

EITT VERÐ KR.

# 39.900

PR. STK.



144 cm hár kæliskápur

Þurrkari með rakaskynjara

45 cm breið uppþvottavél

50 cm breið eldavél

# 50% AFSLÁTTUR



Fæst í þremur litum

**DAEWOO**

**RC-2200 Ryksuga**

Öflug ryksuga með 1600W mótor sem skilar 2000W afli.
- Air Clean II öragnasía.
- 8 metra vinnuradíus.
- Stálskaft og haus sem má nota á parket eða teppi.
- Fullt verð kr. **16.990.**

72 TÍMA TILBOÐ KR. **8.495** SPARAÐU 8.495



Virkar á allar hellur, líka span

# 50% AFSLÁTTUR AF POTTUM

Ótrúlegt úrval af fallegum og vönduðum pottum úr 18/10 stáli eða pottjárni frá Sola í Hollandi. Stærðir frá 1 til 17 lítra. Einnig falleg pottasett í miklu úrvali. Sjáðu allt úrvalið á www.rafha.is

sola THE NETHERLANDS

**Electrolux**

**ZB-2816 ErgoRapido ryksuga**

Upplifðu þessa einstöku léttryksugu með skafti og handryksugu í einu og sama tækinu. Mótordrifinn bursti og góður sogkraftur. Ótrúlega létt og lipur í allri notkun. Svört háglans.
Fullt verð kr. **22.990.**

72 TÍMA TILBOÐ KR. **17.990** SPARAÐU 5.000



2 í 1 skaft- & handryksuga

**Electrolux**

**EN-3601MOW/MOX Kæli- og frystiskápur**
- Rúmmál kælis 226 lítrar og 111 lítra frystir.
- Orkuflokkur A++, 20% minna en orkuflokkur A.
- 3 MAXI frystiskúffur með nægu rými.
- LowFrost tækni í frystihluta - 80% minna hrím.
- HxBxD: 184,5 x 59,5 x 63,2 cm.
- Fullt verð kr. **109.900/119.900.**

185 CM HÁR

XL



STÁL 72 TÍMA TILBOÐ KR. **94.900** SPARAÐU 25.000

HVÍTUR 72 TÍMA TILBOÐ KR. **89.900** SPARAÐU 20.000

LowFrost 80% minni afhríming

FÖSTUDAG TIL SUNNUDAGS!

# 72 TÍMA OFURTILBOÐ



15 gerðir af ofnum

20 gerðir af viftum & háfum

16 gerðir af helluborðum

# 25% AFSLÁTTUR AF OFNUM HELLUBORÐUM & VIFTUM

SIEMENS Electrolux AEG BOSCH EXQUISIT

1400 SNÚNINGA

XL 7 KG



Sparaðu pláss, peninga & tíma

72 TÍMA TILBOÐ KR. **109.900** SPARAÐU 20.000

# 2 í 1

ÞVOÐU OG ÞURRKAÐU

ZANUSSI *Zanussi er dótturmerki Electrolux*

**ZKHB-2145 Þvottavél & þurrkari**

Kláraðu þvottinn og þurrkinn í sama tækinu með þessari Zanussi gæðavél.
- **1400 snúninga** stillanlegur vinduhraði
- **Innbyggður barkalaus þurrkari** með rakaskynjara.
- 0-19 klst **framstillt ræsing.**
- **TimeSave** - sparaðu allt að 60% tíma.
- **A++/A/B orkunýtni, þvottagæði og vinda**
- Fullt verð kr. **129.900.**

**DOMO**

**DO-9037G Heilsugrill**

Stórt og öflugt mínútugrill með 2000W elementi sem tryggir að safinn lokist inni kjötinu, svo það haldist meyrt og ljúffengt. Burstað stál. Hitastillir.
Fullt verð kr. **12.990.**

OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **8.888** 32% AFSLÁTTUR



OKKAR LÆGSTA VERÐ KR. **8.888** 40% AFSLÁTTUR

Bakki sem safnar fitu

**DOMO**

**DO-443BL ProBlend6 blandari**

Frábær blandari með ProBlend 6-blaða tenntum hnífi sem gefur allt að 50% fínni blöndun.
- 700W aflmikill mótor sem vinnur vel undir álagi.
- 1,5 lítra glerkanna.
- 2 hraðastillingar + flýtihraðastilling.
- Malar klaka og frosin ber léttilega.
- Fullt verð kr. **14.990.**

# 25% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM TÖFRASPROTUM

Töfrasprotar eru ómissandi í eldhúsið. Fást stakir eða með þeytara og hakkara. 16 gerðir í boði.

Electrolux BOSCH TRISTAR DOMO



**Rafha ehf**

**Opið**
virka daga 9-18
laugardag 11-17
sunnudag 13-17

Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
**www.rafha.is**



**Í KJÓS** Hitaveita á leið í gagnið. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Könnun á kostnaði að ljúka:

## Ljósleiðari og hitaveita í Kjós

**ORKUMÁL** Kynna á fyrir íbúum og sumarhúsaeigendum í Kjós í byrjun júní hver kostnaður verður „í raun og veru“ á lagningu hitaveitu um Kjósina að því er segir á vef Kjósarhrepps. „Könnun á áhuga á hitaveitu og ljósleiðara hefur nú verið í gangi í nær tvo mánuði,“ segir á kjós.is. „Eins og áður hefur komið fram er áhuginn stór þáttur í vinnu við gerð verðskrár, því fleiri sem taka þátt, því lægri verður kostnaðurinn.“ - gar

Svíar í sveit SÞ:

## Svangir hermenn kvarta

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir hermenn í friðarsveit Sameinuðu þjóðanna í Malí í Afríku hafa greint blaðinu Dagens Nyheter frá því að þeir fái ekki nóg að borða. Þeir hafi verið svangir í mánuð.

Þegar fyrstu hermennirnir komu til Malí fengu þeir tilbúna matarskammta í pokum. Dagskammturinn var 3.500 kaloríur. Þegar hersveitin fékk eigið eldhús útveguðu SÞ hráefni. Nú er miðað við 1.800 kaloría dagskammt. - ibs

# Notendum rítalíns fjölgar

**Frá árinu 2005 hefur notkun meðal fullorðinna á methylfenidats-lyfjum aukist mikið. Eftirlit með ávísunum ávanabindandi lyfja hefur aukist mikið hjá Embætti landlæknis en þrátt fyrir það fjölgar enn notendum.**

Notendum methylfenidats-lyfja, þar með talins rítalíns, hefur fjölgað mikið á undanförnum árum. Á síðasta ári voru notendur 6.666 talsins en árið á undan voru þeir 6.106 talsins samkvæmt upplýsingum frá landlækni. Árið 2005 voru notendur 2.693 og af þeim voru mun fleiri börn en fullorðnir.



**ÓLAFUR B. EINARSSON**

Að sögn Ólafs B. Einarssonar, verkefnastjóra lyfjagagnagrunns hjá Embætti landlæknis, hefur heildarnotkun verið að aukast jafnt og þétt. Ástæðan fyrir því er bæði að heildarfjöldi notenda hefur aukist ásamt því að hlutfall fullorðinna sem fær lyfjunum ávísað er hærra.

„Fyrstu árin sem lyfjagagnagrunnur var starfræktur voru það mun fleiri börn en fullorðnir sem fengu ávísað methylfenidati. Síðan 2005 hefur notkun verið að aukast meðal fullorðinna en árið 2012 voru í fyrsta skipti fleiri fullorðnir sem fengu ávísað methylfenidati. Þegar ávísunum til fullorðinna fjölgaði þá varð aukning í heildarmagni, skiljanlega,“ segir Ólafur. Hann segir að í raun hafi það magn sem er ávísað á hvern og einn þó ekki aukist.

„Í raun hefur dregið úr notkun þessara lyfja ef þú mælir ávísað magn á hvern notanda og okkar von er sú að aukin gæði í greiningu ADHD og fleiri úrræði í meðferð muni leiða til þess að notkun þessara lyfja verði eitthvað í líkingu við það sem hún er meðal annarra þjóða,“ segir hann en á Íslandi er mesta notkun methylfenidats-lyfja á Norðurlöndunum.



**„Þessi lyf hafa verið hluti af vímuefnaneyslunni hjá sprautufíklum og reyndar öðrum í langan tíma,**

*Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á Vogi.*

„Eftirlit með ávísunum ávanabindandi lyfja hefur verið aukið til muna hjá embættinu. Bæði koma fleiri starfsmenn að því og samstarf hefur verið aukið milli stofnana. Embættið hefur einnig beitt sér fyrir bættu starfsumhverfi lækna með beinum aðgangi að lyfjagagnagrunni og með meiri upplýsingagjöf til þeirra.“ Frá árinu 2013 hefur verið starfrækt sérstakt ADHD-teymi á Landspítalanum sem sinnir greiningu fullorðinna.

Þekkt hefur verið undanfarin ár að fíklar misnoti þessi lyf og þau séu seld á svörtum markaði. Valgerður Rúnarsdóttir, læknir á sjúkrahúsinu Vogi, segir þó að ekki sé að merkja aukningu á misnotkun þessara lyfja undanfarið. „En þetta er mjög alvarleg staða og mjög mikið notað af þessum lyfjum.“



**FLEIRI NOTENDUR** Mikil aukning hefur verið á undanförnum árum í ávísun á lyfjunum. NORDICPHOTOS/GETTY

Valgerður segir það þekkt annars staðar að fíklar misnoti þessi lyf en hér á landi séu fleiri sem sprauti þeim í sig. „Þeir sem nota örvandi vímuefni sækja í þetta efni. Þannig að það er kannski vinsælasta efnið hjá stórum hluta þeirra sem nota örvandi vímuefni. Þessi lyf hafa verið hluti af vímuefnaneyslunni hjá sprautufíklum og reyndar öðrum í langan tíma,“ segir hún en tekur fram að stór hluti þeirra sem noti lyfin þurfi á þeim að halda. Þó sé það vitað að það sé alltaf ákveðinn hópur sem fái lyfjunum ávísað en selji þau öðrum.

viktoria@frettabladid.is




**BMW X3 xDrive20d. Verð frá 7.590.000 kr.** Steptronic 8 þrepa sjálfskipting, Sensatec leðuráklæði, lykillaus gangsetning, 6,5" litaskjár í mælaborði, handfrjáls búnaður (Bluetooth) fyrir síma og tónlist.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

Foreldrar barns á Akranesi sem sækir tvo leikskóla þyrftu að borga upp í topp á báðum stöðum:

# Fullt gjald en gefa eftir af helming af fæði

**SKÓLAMÁL** Skóla- og frístundaráð Akraness segir eðlilegt að foreldri greiði leikskólagjald samkvæmt fyrirliggjandi gjaldskrá hverju sinni og helming fæðisgjalds ef barn er í tveimur leikskólum vegna mismunandi búsetu foreldranna.

Á fundi skólaráðsins var tekið fyrir leiðbeinandi álit Sambands íslenskra sveitarfélaga frá árinu 2013. Þar segir meðal annars að ekki sé gert „ráð fyrir að greitt sé sérstaklega fyrir leikskólavist vegna tvöfaldrar búsetu barns“.

Þrátt fyrir að greiða beri leikskólagjaldið allt í slíkum tilfellum að mati skólaráðs Akraness, segir ráðið að foreldri njóti eftir efnum og ástæðum þeirra afslátta sem kveðið sé á um í gjaldskránni.

Umboðsmaður barna sendi einnig frá sér álit um tvöfalda leikskólavist á árinu 2013. „Foreldrar verða að hafa hagsmuni barns að leiðarljósi og ættu ekki að ætlast til þess að barn „skipti lífi sínu í tvennt“ af því það hentar foreldrum betur,“ sagði umboðsmaður. „Telur umboðsmaður barna því almennt ekki rétt að ætlast til þess að barn sé í tveimur leikskólum, enda getur það raskað námi og félagslegum tengslum barns.“

- gar

➜ Umboðsmaður barna segir foreldra ekki geta ætlast til að börn skipti lífi sínu í tvennt eftir skilnað.



**Á LEIKSKÓLA** Almennt mælir umboðsmaður barna gegn því að börn sæki tvo leikskóla á sama tíma. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**VERÐLAUNAAFHENDING** Ágústa Guðmundsdóttur tekur við verðlaunum frá Ragnheiði Elínu Árnadóttur, iðnaðar- og viðskiptaráðherra. MYND/RANNÍS

Zymetech verðlaunað:

## Nýta meltingarensím úr þorski

**ATVINNULÍF** Fyrirtækið Zymetech hlaut Nýsköpunarverðlaun Íslands sem afhent voru á Nýsköpunarþingi í gær.

Fyrirtækið er sagt leiðandi á sviði rannsókna, þróunar, framleiðslu og sölu náttúrulegra sjávarensíma til hagnýtingar í húðvörur, lækningatæki og lyf.

Ágústa Guðmundsdóttir, prófessor við HÍ og rannsóknastjóri Zymetech, tók við verðlaununum. Zymetech nýtir meltingarensím úr Norður-Atlantshafsþorski og hefur tekist að skapa verðmæta viðbótarafurð úr hráefni sem í gegnum tíðina hefur að langmestu leyti verið fargað.

- kbg



**AKRANES** Prettán skólabörn með bráðaofnæmi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Skólastjóri leiti leiða:

## Til móts við ofnæmisbörn

**HEILBRIGÐISMÁL** Skólaráð Akraness hefur falið Hrönn Ríkharðsdóttur skólastjóra að ræða við foreldra um leiðir til að koma til móts við börn með bráðaofnæmi í mötuneytum skólans.

Sex nemendur í Grundaskóla eru með bráðaofnæmi og sjö nemendur í Brekkubæjarskóla. Margir nemendur eru með fæðuóþol. „Í Grundaskóla er hægt að velja mat út frá matseðli og sleppa þar með þeim máltíðum sem valdið geta ofnæmi. Ekki hefur verið í boði að elda sérfæði fyrir þessa nemendur. Í Brekkubæjarskóla er reynt að taka tillit til nemenda með bráðaofnæmi og borða flestir þeirra hádegismat í mötuneytinu,“ segir í fundargerð skólaráðs.

- gar







Eitt allra flottasta parið!
Nýjar Bosch vélar fyrir íslenskar þarfir!




Bosch, þvottavél
WAP28397SN
Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. 1400 sn./mín, orkuflokkur A+++. Mjög hljóðlátur, kolalaus mótor með 10 ára ábyrgð. Nýhönnuð tromla („waveDrum”): Fer mun betur með þvottinn. Snör í snúningum: 15 mín. hraðþvottakerfi.
Kynningarverð: 99.900 kr.




Bosch, þurrkari
WTW86197SN
Nýr 7 kg þurrkari með íslensku stjórnborði. Barkalaus. Rafrænn rakaskynjari. Orkuflokkur A++. Hefur sjálfhreinsandi rakaþétti sem hreinsast við hverja notkun og minnkar rafmagnsnotkunina ár eftir ár. Krumpuvörn, allt upp í 120 mín. við lok hvers kerfis.
Kynningarverð: 99.900 kr.

Við ábyrgjumst gæði.

Opið virka daga frá kl. 11 - 18
og á laugardögum frá kl. 11 - 16.

BOSCH
BÚÐIN
Híðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

FÍKNIEFNAINNFLUTNINGUR Á ÍSLANDI

1 2 3 4 5 6

# Á Austurlandi öllu sinna ekki nema fjórir tollverðir eftirliti með smygli

Varnir gegn fíkniefnainnflutningi eru veikar á Austurlandi. Fjórir tollverðir vakta hafnir frá Mjóafirði suður á Djúpavog. Skipaumferð er allan sólarhringinn. Ferðum Norrænu hefur fjölgað vegna aukins fjölda ferðamanna. Fíkniefnahundurinn er gamall og nýr ekki í þjálfun.

Kristjana Björg Guðbrandsdóttir
kristjanabjorg@frettabladid.is



Fjórir tollverðir starfa á Austurlandi við tollgæslu og segja heimildarmenn Fréttablaðsins í lögreglunni að á meðan svo er, séu smyglleiðir inn og út úr landinu opnar. Engin leið sé að anna eftirliti með svo fámennri tollgæslu. Umdæmið spannar allar hafnir frá Vopnafirði og suður í Höfn í Hornafirði.

Lagt hefur verið hald á minna magn af hörðum fíkniefnum, kókaíni og amfetamíni á landinu síðustu ár og langt er síðan tekin voru fíkniefni í einhverjum mæli fyrir austan. Síðustu stóru fíkniefnamál sem komu upp fyrir austan áttu það sammerkt að smyglarar reyndu að koma fíkniefnum inn í landið frá höfnum að austan. Tvær þýskar konur á fimmtugsaldri voru handteknar við komuna til landsins með Norrænu 17. júní 2010 og fundust í bifreið þeirra um 20 lítrar af amfetamínbasa. Samkvæmt útreikningum lyfja- og eiturefnafræðinga í því máli var fundið út að framleiða mætti 264 kíló af amfetamíni.

Í apríl árið 2009 smygluðu Rúnar Þór Róbertsson, Árni Hrafn Ásbjörnsson og Peter Rabe 109 kílóum af fíkniefnum með skútunni Sirtaki að Djúpavogi.

Árið 2008 fundust 190 kíló af hassi falin í húsbíl í Norrænu.

Í september 2007 smygluðu þeir Einar Jökull Einarsson, Alvar Óskarsson, Guðbjarni Traustason og Bjarni Hrafnkelsson 23,5 kg af amfetamíni, 14 kg af ecstasy-dufti og 1.746 e-töflum á skútu frá Danmörku til Fáskrúðsfjarðar.

Síðan þá hefur uppskera tollgæslunnar verið lítil. Á síðasta ári voru aðeins haldlögð þrjú grömm af amfetamíni, 110 grömm af kókaíni og ekkert af ecstasy.




**MANNEKLA** Stefán segir helstu veikleika í vörnum fyrir austan vera vegna manneklu. Fjórir tollverðir anni ekki eftirliti á svo víðfeðmu svæði en tólf hafnir eru í umdæminu. MYND/TOLLSTJÓRI

#### Næturbrölt og mikil umferð

Stefán Bjargmundsson aðstoðaryfirtollvörður segist myndu vilja hafa að minnsta kosti tvo tollverði til viðbótar við eftirlit. „Það hefur verið reynt að fá fleiri tollverði til starfa, ég myndi auðvitað vilja hafa miklu fleiri, að minnsta kosti tvo til viðbótar. Það er mikið næturbrölt, skip eru að koma á öllum tímum sólahringsins í öllum höfnum umdæmisins, frá Vopnafirði í norðri, á Seyðisfjörð, Neskaupstað, Eskifjörð, Reyðarfjörð, Fáskrúðsfjörð, eitthvað kemur á Djúpavog og svo á Höfn í Hornafirði.“

> **Það er fyrst og fremst í því hversu fáir við erum. Fíkniefni geta komið hvernig sem er, með skipum, með flugvélum og hvernig sem er. Landsmenn kannast til dæmis vel við skútumálið. Svo hefur alltaf verið reynt að smygla með Norrænu.**
>
> *Stefán Bjargmundsson aðstoðaryfirtollvörður*

Ástandið hefur verið verra. „Fyrir nokkrum árum var bara einn tollvörður á Seyðisfirði og einn á Eskifirði. Fyrir það var enginn, þá sinntu lögreglan og starfsmenn sýslumanns eftirliti.“

#### Codie orðinn gömul

Einn fíkniefnahundur er á Seyðisfirði sem nýttur er við eftirlit en Stefán segir hann orðinn gamlan og slappan. Ekki er verið að þjálfa annan hund í hans stað. „Það er einn fíkniefnahundur á Seyðisfirði eins og er. Hún orðin gömul, hún Codie,“ segir Stefán og segir annan hund ekki í þjálfun.

Stefán metur veikleika í vörnum gegn fíkniefnum fyrst og fremst í mannfæð í tollgæslu á meðan umferð inn og út úr landinu eykst. „Það er fyrst og fremst í því hversu fáir við erum. Fíkniefni geta komið hvernig sem er, með skipum, með flugvélum og hvernig sem er. Landsmenn kannast til dæmis vel við skútumálið. Svo hefur alltaf verið reynt að smygla með Norrænu. Það er töluvert langt síðan við höfum tekið eitthvað að ráði í Norrænu.“

#### Mikil umferð með Norrænu

Mikill farþegafjöldi fer í gegnum Seyðisfjarðarhöfn með Norrænu, einkum yfir sumartímann. Norræna siglir nú meira og minna allt árið með fólk, farartæki, vörur og farangur.

Stefán segir meiri umferð með Norrænu kalla á meira eftirlit. Smyglarar breyti aðferðum sínum. Sérstaklega þeir stórtæku sem eru viðriðnir skipulagða glæpastarfsemi.

„Tímabilið er að lengjast og byrjar af meiri krafti en áður. Fyrir hálfum mánuði fóru þeir að selja, þá komu yfir 300 manns með fyrstu ferjunni og yfir 400 manns með ferð í síðustu viku.

Smyglarar eru alltaf að reyna nýjar aðferðir og við þurfum að halda í við það. Þessi venjulegi smásmyglari er ekkert að þróast mikið en þeir sem eru viðloðandi skipulagða brotastarfsemi reyna aðra aðferð þegar þeir eru gripnir.“

#### Smyglað úr landi

Tollgæslan hefur töluvert þurft að fylgjast með smygli út úr landinu. „Við höfum gripið mikið af þýfi í Norrænu. Á tímabili voru það rakvélarblöð sem töluverður ávinningur er í að smygla, vélar og verkfæri og fatnaður. Þá kom okkur á óvart þegar við lögðum hald á mikið magn af koparplötum sem átti að flytja úr landi.“

#### Aukning í ferðamannafjölda

Störf tollgæslunnar eru umfangsmikil og lúta að sjálfsögðu ekki eingöngu að eftirliti með smygli og fíkniefnaviðskiptum. „Hér er mikill inn- og útflutningur einstaklinga með ferjunni og það þarf líka að sinna því. Við erum mikið í pappírsvinnu því tengdri.

Þá er líka meiri skipaumferð vegna útflutnings á makríl og aukningar í uppsjávarveiðum.

Það hefur einnig orðið gríðarleg aukning í ferðamannafjölda en tollvörðum ekkert fjölgað. Það á við um allt landið,“ leggur Stefán áherslu á og bendir á höfuðborgina og Keflavíkurflugvöll.

## 4 TOLLVERÐIR
### vakta þetta svæði allan sólarhringinn




→ Fjórir tollverðir sinna eftirliti á Austurlandi allan sólarhringinn. Aukinn ferðamannafjöldi, fleiri ferðir Norrænu og meiri skipaumferð vegna aukins kvóta kallar á aukið eftirlit.






Skelltu þér í Ellingsen og kynntu þér **2016 árgerðina af Ski-Doo og Lynx** á frábæru forsöluverði.
Það hefur aldrei gefist betra tækifæri til að endurnýja sleðann.



## SKI-DOO FREERIDE 154
800R E-TEC
**2016 árgerð**

2016 Freeride sleðinn er sérhannaður fyrir sleðamenn sem hafa gaman að því að fara ótroðnar slóðir – bókstaflega. Grindin er sérstyrkt til að þola þung högg og hentar sleðinn því vel fyrir stór stökk.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 222 kg |

FORKAUPSVERÐ
**3.190.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.390.000 KR.



## LYNX BOONDOCKER
RE 3700 800R E-TEC ( E )
**2016 árgerð**

Fyrir þá sem vilja harðjaxlinn í hópnum er PPS2 afturfjöðrunin sniðin að íslenskum aðstæðum. Lynx BoonDocker sameinar styrk, lipurð og áreiðanleika sem á sér vart hliðstæðu.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 38 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 222 kg |

FORKAUPSVERÐ
**3.090.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.290 .000 KR.



## SKI-DOO SUMMIT SP 154
800R E-TEC
**2016 árgerð**

Ski Doo Summit SP 2016 er skemmtilegur sleði sem krefst lítillar fyrirhafnar. Hann er lipur og einn sérhæfðasti fjallasleðinn sem völ er á.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 210 kg |

FORKAUPSVERÐ
**2.750.000 KR.**
FULLT VERÐ 2.890.000 KR.



## SKI-DOO SUMMIT X T3
174 800R E-TEC
**2016 árgerð**

Með nýrri tækni hefur Ski Doo Summit X T3, einn fimasti sleðinn á markaðnum, verið gerður enn betri. Þessi sleði kemur þér á áfangastaði sem þig hefur hingað til aðeins dreymt um.

| Vél: | ROTAX® 800R E-TEC® |
|---|---|
| Bensíntankur: | 40 l |
| Rúmtak: | 799,5 |
| Olíutankur: | 3,7 l |
| Breidd beltis: | 406 mm |
| Þyngd: | 210 kg |

FORKAUPSVERÐ
**3.150.000 KR.**
FULLT VERÐ 3.350.000 KR.

### LEITAÐU RÁÐA HJÁ OKKUR
Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | OPNUNARTÍMI |
|---|---|---|
| Fiskislóð 1 | Tryggvabraut 1–3 | Mán.–fös. 10–18 |
| Sími 580 8500 | Sími 460 3630 | Lau. 10–16 |

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA

ORIGAMI SUSHI

RÚLLA MÁNAÐARINS!

# SURF AND TURF



BÚIÐ TIL DAGLEGA

HUMAR FRÁ MAINE, HVÍTLAUKS ALIOLI, NAUTALUND, AVOCADO, KLETTASALAT, TEMPURA FLÖGUR, TERIYAKI OG SPICY MAJÓNES.

Ávöxtur mánaðarins



1.699 kr/pk

**Jarðaber 1 kg**

Ferskt með flugi frá Frakklandi




599 kr/stk
verð áður 747

**Rians eftirréttir**
La Crème Brûlée.

TILBOÐ 30% afsláttur á kassa




435 kr/stk
verð áður 621

**McCain franskar**
Straight Cut og rifflaðar.



**Himnesk lífræn krydd**




269 kr/stk
verð áður 466

**Bai5**
Bai mangó 530 ml. og Bai kókos 500 ml.

Hefur þú prufað?

999 kr/stk
verð áður 1.198

Túrmerikrótin hefur verið notuð öldum saman til að vinna á ýmis konar kvillum eins og bólgum, gigt, meltingarvandamálum, ofnæmi og jafnvel blóðsjúkdómum. Túrmerikrótin virðist vera mjög andoxandi og því talin styrkjandi fyrir hjarta-og æðakerfi líkamans. Túrmerikrótin hefur verið nefnd sem ein heilsusamlegasta fæða heims.




**Turmeric drykkurinn**

Gildir til 12. apríl á meðan birgðir endast.

## LANDSINS MESTA ÚRVAL AF SOJA-, KÓKOS- OG MÖNDLUMJÓLKURÍS!






## HÆGELDAÐUR LAMBAHRYGGUR MEÐ BÖKUÐU GRASKERI, PAPRIKU OG RAUÐLAUK

1 stk lambahryggur
(ca. 2 kg)
150 ml ólífuolía
1 msk laukduft
2 msk paprikuduft
1 stk ferskur rauður chili
3 stk ferskir hvítlauksgeirar
Sjávarsalt
Svartur pipar úr kvörn

Setjið allt hráefnið saman í blender og maukið saman í 1 mín. Setið hrygginn í ofnskúffu eða eldfast mót. Hellið blöndunni yfir hrygginn og setjið hann inn í ofninn á 160°C hita í 60 mín. Takið hrygginn út úr ofninum, hækkið hitann í 200°C og setjið hann aftur inn í 10 mín. Takið hrygginn út úr ofninum, setjið álpappír yfir mótið og látið hann standa í 15 mín. áður en hann er borðaður

***Bakað grasker, paprika og rauðlaukur***
1 stk grasker (skrælt og skorið í kubba)
1 stk rauð paprika
(kjarnhreinsuð og skorin í bita)
2 stk tómatar
2 stk rauðlaukur
(skrældur og skorinn gróft niður)
1 msk fennelduft
1 tsk cayanna pipar
100 ml ólífuolía
Safi úr ½ sítrónu
Sjávarsalt
Svartur pipar
50 gr ristaðar möndluflögur

Skerið tómatana niður í 8-10 bita og setjið í skál með öllu hráefninu nema ristuðu möndlunum. Blandið öllu hráefninu vel saman og kryddið með saltinu og piparnum. Setið í ofnskúffu inn í 160°C heitan ofninn í 30 mín. Hækkið svo hitann upp í 190°C og eldið grænmetið í 20 mín í viðbót. Setjið í skál og dreifið möndluflögunum yfir.
















kleinu hringir




Kleinuhringjabar í Skeifunni, Smáralind, Garðabæ, Kringlunni og á Eiðistorgi
Minna úrval í öðrum verslunum.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

# SKOÐUN

Löggæsla er grunnhlutverk ríkisvaldsins:

## Fleiri ferðamenn – öflugri löggæsla

Fréttablaðið hefur undanfarna daga birt fréttaskýringu Kristjönu Guðbrandsdóttur um fíkniefnainnflutning á Íslandi. Þar kemur fram að haldlagning lögreglu á hörðum efnum hefur dregist umtalsvert saman undanfarin ár á meðan neyslan heilt yfir er sú sama.

Svo virðist sem algjört hrun hafi orðið í haldlagningu á amfetamíni en grunur er um umfangsmikla framleiðslu í landinu. Aðeins náðust 4.784 grömm á síðasta ári en árið áður voru þau 34.235 og í áraraðir hefur ekki verið lagt hald á minna en 10 þúsund grömm. Árið 2009 kom upp stærsta amfetamínmál síðustu ára þegar lögregla náði rúmum 55 kílóum. Mestu breytingarnar eru hjá lögreglunni á Suðurnesjum þar sem lítið hefur náðst af fíkniefnum síðustu þrjú ár. Umtalsverðar breytingar voru gerðar á skipulagi þar, þegar fíkniefnadeildin var flutt í Leifsstöð og breytt í Rannsóknardeild skipulagðrar brotastarfsemi.



Fanney Birna Jónsdóttir

fanney@frettabladid.is

Í dag er greint frá því að aðeins fjórir tollverðir starfi á Austurlandi, en umdæmið spannar allar hafnir frá Vopnafirði og til Hafnar í Hornafirði. Hafnirnar eru tólf talsins. Heimildarmenn blaðsins segja að vegna mannfæðarinnar séu smyglleiðir inn og út úr landinu opnar og engin leið að anna eftirlitinu.

Á sama tíma og niðurskurður hefur átt sér stað í lög- og tollgæslu hafa aldrei fleiri sótt land okkar heim. Í fyrra tók Ísland á móti tæplega einni milljón ferðamanna með flugvélum, skemmtiferðaskipum og Norrænu, auk þess sem útflutningur á makríl hefur aukið skipaumferð umtalsvert. Á dögunum var greint frá því að búast megi við um tuttugu þúsund ferðamönnum í Reykjavík á hverjum einasta degi í sumar. Það jafngildi því að allri íbúar Akureyrar færi sig í höfuðborgina á sama tíma. Ef ferðamönnum sem hingað koma með skemmtiferðaskipum er bætt við jafngildir það því að allir Selfyssingar mæti einnig til veislunnar. Auknum fjölda fylgja aukin vandræði sem mæta þarf með efldri löggæslu.

Hægt er að rökræða út í hið óendanlega um hlutverk ríkisins og rétta forgangsröðun. Sitt sýnist hverjum um ríkisrekstur á áfengisverslunum, fjölmiðli og Sinfóníuhljómsveit. Það er meira að segja hægt að deila um með hvaða hætti ríkið eigi að koma að rekstri menntastofnana og heilbrigðisþjónustu. Líklegast er ekkert eitt rétt svar í þeim efnum.

En um eitt grunnhlutverk ríkir líkast til breið samstaða. Það er að halda uppi löggæslu. Á meðan neysla, hald og sala á fíkniefnum er ólögleg ber stjórnvöldum að stemma stigu við innflutningi þessara efna til landsins. Skeytingarleysi gagnvart slíkum innflutningi grefur undan réttarvörslukerfinu og sendir slæm skilaboð út í þjóðfélagið. Á sama hátt ber stjórnvöldum að auka löggæslu til að bregðast við auknum málafjölda vegna þeirrar miklu fólksfjölgunar sem hefur orðið í landinu með ferðamannastraumnum. Allt annað væri óábyrgt og aðeins þannig geta stjórnvöld sinnt því grunnhlutverki sínu að halda uppi lögum og reglum og vernda borgara landsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Andri Ólafsson *andri@365.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

**300 þúsund króna lágmarkslaun**

– atkvæðagreiðsla um verkfall hefst aftur mánudaginn 13. apríl



Starfsgreinasamband Íslands

www.sgs.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Fögur fyrirheit

„Ætlunin er að vinna þetta í samráði við starfsmenn þarna þannig að þetta geti reynst sem best, gengið sem best fyrir sig fyrir starfsmenn og stofnunina um leið," sagði forsætisráðherra um fyrirhugaðan flutning Fiskistofu norður á Alþingi í janúar. Flutningurinn hafði valdið miklum usla innan stofnunarinnar og margir starfsmenn sögðu strax upp og aðrir hófu virka atvinnuleit. Síðast í desember sagði sjávarútvegsráðherra að ekkert hefði komið fram sem muni breyta ákvörðun sinni um flutningana og áfram verði unnið að þeim. Upphaflega var stefnt að því að flytja höfuðstöðvarnar 1. júlí næstkomandi.



### Heljargreipar óvissunnar

Það kom því mörgum í opna skjöldu þegar Sigurður Ingi Jóhannsson sjávarútvegsráðherra tilkynnti í Morgunblaðinu á miðvikudag að Fiskistofa yrði ekki flutt norður á árinu. Hann teldi rétt að staldra aðeins við til að koma til móts við starfsmenn Fiskistofu. Fiskistofustjóri kom síðan fram í gær og sagði stofnunina í heljargreipum óvissunnar. Ekki hafi tekist að ráða í stöður sem hafa losnað og verði ekki fenginn botn í málið fyrir áramót fari stofnunin á hliðina. Það er greinilega ekki öllum gefið að koma með góðu móti til móts við undirmenn sína líkt og framsóknarráðherrarnir lofuðu Fiskistofustarfsmönnum.



### Alslemma

Össur Skarphéðinsson heldur áfram að fara mikinn á Facebook-síðu sinni þar sem hann gagnrýnir frumvarp Bjarna Benediktssonar um niðurlagningu Bankasýslu ríkisins harðlega. Össur segir að með frumvarpinu fái Bjarni sem fjármálaráðherra í hendur völd yfir öllum hlutum ríkisins í bönkunum sem hann síðan geti ákveðið að einkavæða og með hvaða hætti, nokkurn veginn án samþykkis frá öðrum. „Þetta er tærleiki og gagnsæi ríkisstjórnarinnar. Fortíðin er gleymd. Upphafinu að ógæfu Íslands er sópað undir teppið," skrifar þingmaðurinn. Hann virðist orðinn leiður á því að vera í fríi og má búast við fjöri þegar þing kemur saman í næstu viku.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Langbesta fullveldisgjöfin

SAMFÉLAG



Elín Hirst
alþingismaður

Árið 2018 fagnar íslenska þjóðin 100 ára afmæli eins mikilvægasta atburðar í sögu lands og þjóðar, fullveldisins, sem við hlutum loks 1. desember 1918. Fullveldið er okkur afar dýrmætt og mikilvægt að minnast þess að í kjölfarið tókum við stökk fram á við í átt til betri lífskjara sem er saga 20. aldarinnar fyrir okkur Íslendinga. Og sér ekki fyrir endann á. Ein forsenda þessara miklu framfara er án vafa sú staðreynd að við Íslendingar urðum fullvalda þjóð og gátum ráðið okkar málum sjálf, ekki síst þeim sem mestu skiptu hvað varðar verðmætasköpun og lífskjör.

Nú styttist í 100 ára fullveldisafmælið og hugmyndir eru uppi um að þjóðin gefi sér rausnarlega gjöf á þessum merku tímamótum. Rætt hefur verið um Hús íslenskra fræða sem heppilega gjöf en með því húsi kæmust handritin okkar í sómasamlegt athvarf. Það er góð hugmynd. Þegar öllu er á botninn hvolft þá eru handritin einstök menningarleg verðmæti á heimsmælikvarða og öruggt er að þessi ótrúlegu skinnblöð munu verða eftirsótt af erlendum ferðamönnum en ekki síður okkur Íslendingum. Nú liggja handritin „fjarri" okkur í lokuðum hirslum. Aðrar framkomnar hugmyndir eru síðri, svo sem viðbygging við Alþingi og hótelbygging á Þingvöllum. Hugsanlega þarfar framkvæmdir í framtíðinni, en núna er ekki tíminn.

Langbesta gjöfin sem þjóðin getur gefið sér í tilefni fullveldisafmælisins er hinn nýi hátæknispítali sem reisa á við Hringbraut. Ég get ekki hugsað mér gjöf sem væri meiri þjóðargjöf og mun koma hverri einustu fjölskyldu í landinu til góða. Öll eigum við börn, foreldra, systkini, vini, frændur eða vinnufélaga sem þurfa og munu þurfa bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á þegar eitthvað bjátar á með heilsuna. Það þekkir hver maður hvernig allt annað hverfur í skuggann og verður hjóm þegar veikindi koma upp.

Sjúkrahús sem þjóðargjöf á fullveldisafmælinu árið 2018 myndi auk þess vera glæsilegur minnisvarði um þau gildi sem við Íslendingar höfum í hávegum í okkar samfélagi og hvernig samfélag við höfum náð að byggja upp á fullveldistímanum. Stökkið úr fátækt til bjargálna var stórt á tuttugustu öldinni. Þjóðarsjúkrahús er verðugt stórt skref fram á við inn í 21. öldina.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **PRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Erla Björg Gunnarsdóttir *erla@frettabladid.is* **MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is*
**LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Geta Píratar smalað köttum?

Í DAG
Sif Sigmarsdóttir
rithöfundur



Þangað til nýlega var hann þekktastur fyrir að vera lausgyrtur sjónvarpskynnir sem var rekinn af MTV fyrir að mæta í vinnuna klæddur eins og Osama bin Laden daginn eftir árásina á tvíburaturnana í New York með dópsalann sinn upp á arminn. Í síðasta mánuði var hann hins vegar valinn fjórði merkasti hugsuður veraldarinnar af tímaritinu Prospect – sæti ofar en hagfræðingurinn Paul Krugman. Nýjasta hugðarefni breska skemmtikraftsins Russells Brand eru stjórnmál. Brand vill byltingu. Hvernig vill hann koma henni í kring? Hann leggur til að fólk gefi skít í hina gamalgrónu stjórnmálastétt og hætti að kjósa.

### Eins og afkróaður hundur

Þingkosningar fara fram í Bretlandi eftir tæpan mánuð. Síðari hluta tuttugustu aldar voru niðurstöður kosninga í Bretlandi nokkuð fyrirsjáanlegar. Annar tveggja stóru flokkanna, Verkamannaflokkurinn eða Íhaldsflokkurinn, bar ótvíræðan sigur úr býtum. En í síðustu þingkosningum tók að hrikta í stoðum tveggja flokka kerfisins. Hvorugur flokkurinn hlaut meirihluta og fór það að endingu svo að Íhaldsflokkurinn myndaði samsteypustjórn með frjálslyndum demókrötum en samsteypustjórn hafði síðast starfað í Bretlandi á árunum 1940-1945.

Kosningarnar nú þykja spennandi. Mjótt er á munum. En ekki nóg með það. Á ný er allsendis óvíst hvort annar stóru flokkanna nái meirihluta á þingi. Eiga smáflokkarnir þess þá kost að komast til valda, annaðhvort með því að mynda samsteypustjórn með öðrum hvorum stóru flokkanna eða verja minnihlutastjórn falli.

Hið pólitíska landslag hefur tekið breytingum síðustu ár um alla Evrópu. Rótgrónir stjórnmálaflokkar sem hafa gengið að atkvæðum vísum geta ekki lengur treyst á hefðbundinn stuðning. Tveggja flokka kerfi eins og í Bretlandi falla um sjálf sig vegna aukinna vinsælda minni framboða; nýir flokkar leysa þá gömlu af hólmi eins og í Grikklandi; fylgið hrynur af flokkum sem þóttu óhagganlegir risar á hinum pólitíska velli eins og sænski Jafnaðarmannaflokkurinn hefur fengið að kynnast.

Ef marka má skoðanakannanir er sama þróun að verða hér á landi. Píratar, flokkur með þrjá þingmenn, mælist stærsti flokkur landsins. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins frá því í mars fengju Píratar nítján þingmenn ef kosið yrði nú.

Örvæntingarfull viðbrögð hinnar gamalgrónu valdastéttar við þessum nýja flokki undirstrikar hve áþreifanleg ógn hann er við stöðu þeirra. Þingmaður Sjálfstæðisflokks fann sig knúinn til að vekja máls á því á þingi að flokkurinn kenndi sig við hóp fólks sem stundaði skipulagða glæpastarfsemi á höfum úti. Jarlinn af Hádegismóum sýndi tennurnar í rislitlum háðsglefsum í vikunni, staksteinum sem hann kastaði úr glerhöll sinni þangað sem brandarar fara til að deyja.

Gamla valdaklíkan bítur frá sér eins og afkróaður hundur. Hvort tímar hennar séu liðnir veltur hins vegar á því hvernig Pírötum ferst það úr hendi að smala köttum.

### Þúsund prímadonnur

Margir þeir sem kenna sig við pírata-hreyfinguna eru svokallaðir tölvunördar. Þetta er fjölbreyttur hópur fólks sem á það aðallega sameiginlegt að berjast fyrir upplýsingafrelsi og breytingum á höfundarrétti. Einhverjir kunna að hafa áhyggjur af því að flokkur sem hangir saman á einu máli splundrist fyrr en síðar. Tölvunördar heimsins hafa hins vegar áður komið efasemdamönnum á óvart með óvæntri samheldni.

Seint á síðustu öld varð til aðferðafræði við þróun á hugbúnaði sem byggði á framlagi sjálfboðaliða. Margir létu í ljós efasemdir um að slíkt vinnufyrirkomuleg myndi skila sér í nothæfri tækni. Virtur tölvunarfræðiprófessor lýsti vandamálinu sem svo að það yrði „jafnerfitt að stilla saman strengi þúsund prímadonna um allan heim og að smala köttum“. Þessi orð lét hann falla í umræðum um stýrikerfið Linux sem þróað var með þessum opna hætti. En prófessorinn hafði á röngu að standa. Stýrikerfið sem um var rætt knýr nú meirihluta internetsins ásamt öllum Android-farsímum veraldar. Það reyndist hægt að smala köttum.

### Rassbora sem skilur ekki vald

Þegar Rusell Brand tók að hvetja fólk til að sneiða hjá kosningum barst lýðræðinu stuðningur úr óvæntri átt. John Lydon, betur þekktur sem Johnny Rotten, söngvari bresku pönkhljómsveitarinnar Sex Pistols, kallaði Russell Brand „rassboru“ sem skildi ekki eðli valds. „Ef maður kýs ekki telst maður ekki með,“ sagði Lydon. „Það er ekki nema öld síðan ekkert okkar fékk að kjósa og við viljum alls ekki hverfa aftur til þess fyrirkomulags.“

Gamla valdaklíkan bítur frá sér eins og afkróaður hundur. Hvort tímar hennar séu liðnir veltur hins vegar á því hvernig Pírötum ferst það úr hendi að smala köttum.

Þeir sem sitja makindalegir við kjötkatlana reyna nú hvað þeir geta til að sá tortryggni í garð Pírata. En velgengni Pírata ber ekki að tortryggja, heldur fagna.

Kosningaþátttaka víðast hvar í Evrópu fer minnkandi. Fólk er orðið leitt á þeim sem teljast til hefðbundinna stjórnmálamanna. Lýðræði er ekki fullkomið stjórnarfar en það er það skásta sem er í boði. Í stað þess að hunsa það eða bylta því má breyta því, rétt eins og pönkarinn Lydon leggur til, með því að taka þátt í því. Fátt væri betra fyrir lýðræðið en ef Pírötum tækist að fylkja liði, smala köttum, og hrista aðeins upp í næstu alþingiskosningum. Því í lýðræðisríki á enginn að geta gengið að valdi vísu.

# Af hverju mismunun?

FERÐAÞJÓNUSTA
Sigríður Jóna Norðkvist
eldri borgari



Það er varla þörf á að nefna þjónustu Strætó nú þegar afgreiðslan er komin í gott horf.

En nokkrar spurningar vakna vegna þjónustubíla aldraðra. Þessi þjónusta virðist ekki eiga við eftir klukkan 17 á virkum dögum. Og alls ekki um helgar. Ef mig langar í messu á sunnudegi, enginn akstur. Eða á tónleika kl. 20, nei nei. Ef farið er til læknis má hringja til baka og þá kemur bíll, en ef þú þarft til jarðarfarar og veist ekki hvenær hún er búin verður þú að koma þér heim öðruvísi. Ef þú þarft að sækja lyfin þín í apótekið þá má bíllinn ekki bíða eftir þér. Þú þarft að bíða í hálftíma eftir að annar bíll komi og sæki þig.

Þetta er nýja hagræðingin í dag.

Við gerum aldrei nógu vel við fatlaða og þurfum að hugsa vel um þá, en aldraðir sem ekki hafa fjölskylduna nálægt sér þurfa líka góða umönnun. Það er þó þakkarvert að geta hringt á þjónustubíl samdægurs.

➜ Ef mig langar í messu á sunnudegi, enginn akstur. Eða á tónleika kl. 20, nei nei.

Í DAG SÖFNUM VIÐ TIL GÓÐGERÐARMÁLA

50% AF ALLRI SÖLU RENNUR TIL KRABBAMEINSFÉLAGS ÍSLANDS OG 50% TIL ALÞJÓÐLEGRA SAMTAKA UNICEF, SAVE THE CHILDREN OG GAIN.

VERSLAÐU HJÁ OKKUR Í DAG OG HVER KRÓNA FER BEINT Í GOTT MÁLEFNI. OPIÐ FRÁ 9-21!

SELECTED FEMME / HOMME
JACK & JONES
VERO MODA
name it
VILA CLOTHES

GIVE-A-DAY
BESTSELLER

Meira um GIVE A DAY á: bestseller.is/giveaday

# Tungur tvær og Seðlabanki Íslands

SEÐLABANKINN


Guðrún Johnsen


Þórólfur Matthíasson

hagfræðingar og kennarar við Háskóla Íslands

Núgildandi lög um Seðlabanka Íslands eru að stofni til frá 2001 en var breytt 2009 vegna hruns fjármálakerfisins íslenska árinu áður: Bankastjórum var fækkað úr þremur í einn og ákvörðunarvald bankastjóra sem lýtur að peningastefnu fært í hendur fimm manna peningastefnunefndar. Ráðningarferli bankastjóra og aðstoðarbankastjóra var breytt og ráðherra skylt að kalla eftir umsögn þriggja manna nefndar. Skipunartími bankastjóra var ákveðinn 5 ár. Ráðherra er heimilt að framlengja um önnur fimm ár, án endurauglýsingar. Skipunartími núverandi Seðlabankastjóra rann út 20. ágúst 2014, en hálfu ári áður hafði fjármálaráðherra tilkynnt honum að staðan yrði auglýst laus til umsóknar og þyrfti því að keppa við aðra hæfa umsækjendur um stöðuna. Meðal umsækjenda um stöðuna var annar höfunda nýs frumvarps um breytingar á starfsumgjörð Seðlabankans.

**„Lost in translation“**

Í nýja frumvarpinu er lagt til að bankastjórninni verði breytt; í stað bankastjóra og aðstoðarbankastjóra (sem báðir eru skipaðir af fjármálaráðherra) verði þrír jafnsettir bankastjórar, sem skipa bankastjórn með jöfnu atkvæðavægi þeirra í milli. Stöðuheiti þeirra þriggja á íslensku skulu vera bankastjóri. Einn skal vera formaður bankastjórnar. Í daglegu tali er líklegt að vísað verði til hvers og eins sem seðlabankastjóra. Frumvarpshöfundar leggja til að á ensku verði talað um formann bankastjórnar sem Governor og hinir tveir verði nefndir Deputy Governors! Þetta er ónákvæm þýðing. Deputy governor vísar til aðstoðarseðlabankastjóra sem er skörinni lægra settur en sjálfur seðlabankastjórinn, sviðsstjóri eða í mesta lagi staðgengill!

**„One and one and one is three“**

Fátítt er að fyrirtækjum eða stofnunum sé stjórnað af mörgum forstöðumönnum eða forstjórum. Í sjósókn og hernaði er lokaákvörðun oftast á höndum eins aðila. Þessi skipan byggir á reynslu aldanna og einfaldri leikjafræði. Reynsla aldanna kennir að sé vel staðið að vali þess sem hefur lokaorðið verða færri mistök en ef ákvörðun er tekin af „öldungaráði“. Leikjafræðin kennir að ef þrír eða fleiri aðilar taka ákvörðun getur hver og einn skýlt sér á bak við þá staðreynd að atkvæði þeirra ráði líklega ekki úrslitum og ábyrgð þeirra í samræmi við það.

**„Christmas is all around you“**

Helsti ókosturinn við að hafa þrjá seðlabankastjóra tengist þeim leik sem leikinn verður í hvert skipti sem skipta verða í ríkisstjórn. Yfirgnæfandi líkur eru á að það verði fjármálaráðherra samsteypustjórnar sem skipi hvern nýjan bankastjóra. Ef

**➜ Leikjafræðin kennir að ef þrír eða fleiri aðilar taka ákvörðun getur hver og einn skýlt sér á bak við þá staðreynd að atkvæði þeirra ráði líklega ekki úrslitum og ábyrgð þeirra í samræmi við það.**

seðlabankastjóri er aðeins einn er líklegast að ráðherrarnir komi sér saman um faglega ráðinn bankastjóra vegna þess að skiptimyntin fyrir þann sem ekki fengi „sinn“ mann væri lítilfjörleg. Séu bankastjórar þrír horfir málið öðru vísi við. Krafan væri að nýr bankastjóri bætti úr (pólitískri) slagsíðu sem væri eða hefði verið í fyrri bankastjórn. „Þú-átt, þessvegna-á ég-að-fá“ rök yrðu notuð.

**„If I were a rich man“**

Óhætt er að segja að sporin hræði þegar kemur að pólitískri íhlutun í Seðlabanka Íslands. Hættur úr fortíðinni eru ógreinileg skil á milli ráðandi fyrirtækja og atvinnugreina, stjórnmálaflokka og ríkisstjórnar og embættismanna. Það er afar mikilvægt – varðar í raun þjóðaröryggi – að embættismannastéttin sé óháð stjórnmálum og efnahagslegum hagsmunum.

Stjórn Seðlabankans er þegar fjölskipuð, því seðlabankastjóri hefur aðeins eitt atkvæði af fimm í mikilvægustu ákvörðunum bankans, vaxtaákvörðunum, í peningastefnunefnd. Eins og sakir standa reynir helst á „einræði“ seðlabankastjórans í málefnum um afnám hafta, sem þó þarf að bera undir fjármálaráðherra, og í málefnum er varða sölu eigna úr eignasafni Seðlabankans, en þar koma einnig aðrir að borðinu, þ.e. stjórn ESÍ.

Ef tillögur hagfræðiprófessoranna verða að veruleika er hætta á að slagsíða verði á peningastefnunefndinni þar sem í meirihluta yrðu þrír pólitískt skipaðir seðlabankastjórar. Litið væri á hvern og einn bankastjóranna sem fulltrúa ráðandi stjórnmálaflokks. Síðustu árin er sjaldgæft að nefndin hafi klofnað á milli innri og ytri aðila – raunveruleg skoðanaskipti og rökræður eiga sér stað án þess að innri aðilar séu alls ráðandi. Erfitt er að sjá að sterkir, faglegir, ytri nefndarmenn, fengjust til að sitja í nefnd sem bæri svo sterkan pólitískan keim.

Einhverjar líkur kunna vera á því að tveir stórir bankar falli inn í eignasafn Seðlabankans á næstu árum. Getur verið að skipan þriggja stjóra eigi að tryggja að þeir falli í réttar hendur? Sporin hræða. Fyrir tíu árum var það meira að segja einn pólitískt skipaður seðlabankastjóri sem komst yfir viðskiptabanka með mönnum sem nú sitja í fangelsi fyrir afbrot í rekstri þess banka. Áður en sama fyrirkomulag er tekið upp aftur, er ekki mikilvægt að núverandi stjórnvöld geri upp við fortíðina til þess að þeim sé treystandi til þess að breyta öðruvísi í þetta sinn?

Með því að hafa þrjá pólitíska seðlabankastjóra er vegið að sjálfstæði stofnunarinnar. Ólíklegt er að peningastefnunefnd þar sem þrír eru í meirihluta grípi til aðhaldssamra aðgerða í aðdraganda kosninga sem þá hefur í för með sér að erfiðara verður að halda verðbólguvæntingum niðri með þekktum afleiðingum gagnvart vaxtastigi og nafnlaunaþróun.

Liggurðu á skoðunum þínum? Það er algjör óþarfi.
Sendu greinina þína á **greinar@visir.is**
og við komum henni á framfæri hið snarasta.

# Þjóðareign

SAMFÉLAG


**Stefán Jón Hafstein**
starfar með áhugafólki um sjálfbæra þróun að vitrænni umræðu um auðlindamál

Ísland er eitt auðlindaríkasta land í heimi og það sem er til skiptanna fer til aðeins 330 þúsund manna eyjasamfélags. Samt er það svo þessa dagana að launafólk leggur niður vinnu vegna misskiptingar auðsins sem landið gefur af sér, furðulega hógvær krafa um 300 þúsund króna lágmarkslaun er sögð sliga hagkerfið. Þó er bara lítill hluti vinnuaflsins með svo lág laun og auðvelt ætti að vera að bæta úr. Munum að enn er fátækt skilgreind svo að tíundi hver Íslendingur hér í auðlindaparadísinni stendur utan við meginstraum samfélagsins vegna tekjuskorts. Það er eitthvað mjög rangt við þetta skipulag.

**Þjóðareign?**

Hvað með auðlindir Íslands? Fisk, orku, land sem milljón ferðamanna langar að skoða árlega, vatn og hreint loft – sem eru alls ekki sjálfsögð gæði? Allar þessar auðlindir teljast til „þjóðareignar“ á mæltu máli. Þær eru sameign okkar allra og ef við værum vel upp alin í stórum systkinahópi væri enginn hafður útundan. Við þurfum nýtt regluverk um auðlindir okkar – og réttnefnda þjóðareign.

**Tæknilausna- og hagsmunaþras**

Í lagaþrasinu og hagsmunabrasinu erum við stöðugt rugluð með ákaflega flóknum útfærslum sem færa auðlindaarðinn úr augsýn, nýtingarréttinn inn í skrifstofuskúffur og úthlutunarnefndir með sérhönnuðum „ívilnunum“ þegar krafan er einföld: Arðurinn af auðlindum þjóðarinnar á að renna í sameiginlega sjóði hennar og vera úthlutað þaðan eftir lýðræðislegum og gagnsæjum leikreglum.

Þetta er ekki flókið. Og ekki má ganga á auðlindir landsins meira en svo að jafn mikið verði eftir handa ókomnum kynslóðum.

**Grundvallaratriðin krufin**

Áhugafólk um sjálfbæra þróun, með atbeina frá Landvernd, breiðfylkingum launafólks eins og ASÍ og BSRB, mun gangast fyrir málþingi undir yfirskriftinni „Þjóðareign“. Mikil þekking er í fræðasamfélaginu á auðlindum okkar, talsverð vinna hefur verið lögð í það síðustu ár af tveimur stórum auðlindanefndum að ramma inn málin. Við biðjum um staðreyndir og upplýsingar og viljum ræða grundvallaratriðin. Hversu mikils virði eru sameiginlegar auðlindir þjóðarinnar? Hvernig má færa þær undir gagnsætt stjórnkerfi ríkisins? Hversu miklu skiptir að hafa ákvæði í stjórnarskrá um sameiginlegar auðlindir? Hver er hættan á spillingu og hvernig má dreifa auðlindaarðinum með réttlátum hætti? Málþingið verður laugardaginn 11. apríl á Hótel Sögu kl. 13 og allir boðnir velkomnir. Færri mál eru meira virði fyrir okkur nú en einmitt Þjóðareign.

**➜ Þær eru sameign okkar allra og ef við værum vel upp alin í stórum systkinahópi væri enginn hafður útundan.**

# Áhugaverð viðfangsefni á Degi verkfræðinnar

VERKFRÆÐI


**Kristinn Andersen**
formaður Verkfræðingafélags Íslands

Dagur verkfræðinnar er í fyrsta skipti haldinn í dag, föstudaginn 10. apríl, en Verkfræðingafélag Íslands hefur valið þennan dag til þess að vekja athygli á störfum verkfræðinga og viðfangsefnum þeirra í atvinnulífi, rannsóknum og nýsköpun.

Verkfræðin kemur víða við sögu í uppbyggingu atvinnulífs og bættra lífsskilyrða í harðbýlu landi og ennþá eru tækifærin næg, hvort sem er í hefðbundnum greinum verkfræðinnar eða þeim nýju sem komið hafa fram á undanförnum árum. Í hugbúnaðariðnaðinum, þróun innviða og hátækni fyrir heilbrigðisþjónustu, samgöngum, orkugreinum eða nýsköpun í atvinnulífinu – á öllum þessum sviðum koma verkfræðingar við sögu með þá þekkingu og færni sem byggir á krefjandi námi og reynslu við lausn margbreytilegra viðfangsefna.

Í tilefni dagsins gengst Verkfræðingafélag Íslands fyrir ráðstefnu sem hefst kl. 13 á Hótel Nordica, en hún er opin almenningi jafnt sem verkfræðingum og félagsmönnum VFÍ. Þar er annars vegar vakin athygli á verðmætasköpun verkfræðinnar og hins vegar þætti verkfræðinnar í uppbyggingu innviða heilbrigðisþjónustunnar.

Verðmætasköpun tekur á sig ýmsar myndir, allt frá sölu verkfræðiþekkingar út í heim til stórstígra framfara í vinnslu sjávarafurða, öflunar orku úr vindinum, verkfræðirannsókna og verkfræði með tilliti til sjálfbærni. Á sviði heilbrigðisþjónustu og innviða hennar koma verkfræðingar víða við sögu. Umræða um byggingu húsnæðis og aðstöðu hefur vart farið framhjá neinum, en verkfræðingar koma einnig að hönnun og þróun tæknibúnaðarins sem stendur undir nútíma heilbrigðisþjónustu – allt frá heilsugæslustöðvum til hátæknisjúkrahúsa.

Um þessi málefni og önnur áhugaverð viðfangsefni verkfræðinga verður fjallað á ráðstefnunni á Degi verkfræðinnar. Sérstaklega er ástæða til að hvetja ungt fólk til þess að kynna sér þessi viðfangsefni og sækja ráðstefnuna, en þar fara jafnframt fram kynningar á vegum háskólanna sem kenna verkfræðigreinar hérlendis og kynnt verða áhugaverð verkefni sprotafyrirtækja, alþjóðleg þróunarverkefni og viðfangsefni ungra frumkvöðla á sviði verkfræði.

Með Degi verkfræðinnar er ætlun okkar í Verkfræðingafélagi Íslands að hefja árvissan viðburð sem veki áhuga og skilning á þeim fjölbreytilegu og mikilvægu verkefnum sem verkfræðingar starfa við.

# Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins – þjónusta byggð á þekkingu

SAMFÉLAG


**Þóra Leósdóttir**
iðjuþjálfi MPM


**Þóranna Halldórsdóttir**
þroskaþjálfi

Fagmennska, virðing, velferð og framsækni eru einkunnarorðin í starfsemi Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins sem var stofnuð 1986. Hún þjónar börnum með alvarlegar þroskaraskanir og ýmsar fatlanir og fjölskyldum þeirra af öllu landinu. Greiningarstöð heyrir undir velferðarráðuneytið og starfar samkvæmt lögum nr. 38 frá 2003. Markmið starfseminnar er að tryggja að fötluðum börnum og unglingum bjóðist greining, ráðgjöf og önnur úrræði sem efla færni og sjálfstæði þeirra til framtíðar. Skjólstæðingum með flóknar eða sjaldgæfar fatlanir er veitt sérstök eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma. Leiðarljós í starfsemi Greiningarstöðvar er fræðasýnin um taugaþroska, auk þess sem byggt er á hugmyndafræði fjölskyldumiðaðrar þjónustu. Foreldrar eru hvattir til að taka virkan þátt í íhlutun og að eiga hlutdeild í ákvörðunum er varða þjónustu við barn og fjölskyldu. Fræðsla um fatlanir og kennsla í sérhæfðum vinnubrögðum eru mikilvægir þættir í starfi stofnunarinnar. Rannsóknir og þátttaka í fræðastarfi innan lands sem og utan er einnig meðal lögbundinna verkefna.

Til að Greiningarstöð geti sinnt hlutverki sínu þarf hún á ríkulegum mannauði að halda. Sá mannauður byggir á háskólamenntuðu starfsfólki sem býr yfir sérþekkingu og reynslu. Í röðum starfsmanna er fólk úr ólíkum heilbrigðisgreinum og má þar nefna félagsráðgjafa, iðjuþjálfa, sjúkraþjálfara, talmeinafræðinga, þroskaþjálfa, sálfræðinga, sérkennara og atferlisfræðinga. Á Greiningarstöð leggur háskólamenntað starfsfólk sig fram um að veita bestu mögulegu þjónustu og fræðslu sem byggir á gagnreyndum leiðum. Ólík þekking og reynsla er sameinuð í þverfaglegri teymisvinnu sem hefur það markmið að skapa lausnir sem mæta fjölþættum þörfum fatlaðra barna og fjölskyldna þeirra. Slíkt er ekki einungis til hagsbóta fyrir viðkomandi skjólstæðinga heldur einnig fyrir samfélagið allt.

Á tyllidögum halda ráðamenn því gjarnan á lofti að íslenskt samfélag sé á pari við önnur norræn ríki hvað varðar velferðarþjónustu. Munurinn er þó sá að hjá frændþjóðum okkar er menntun metin að verðleikum og skilar sér í launaumslag fólks. Því er ekki að heilsa hér á landi. Það er kominn tími til að stjórnvöld átti sig á því að framlag háskólamanna til félags- og heilbrigðisþjónustu er ómissandi þekking og framtíðaruppbygging þjónustunnar veltur á henni, svo einfalt er það. Kæru Íslendingar – leiðréttum laun háskólafólks og missum ekki þekkinguna úr landi. Hvetjum stjórnvöld til að verða við þann sanngjörnu kröfum sem Bandalag háskólamanna setur fram. Fjárfestum í mannauði og menntun – á því byggist velferð komandi kynslóða!

**➜ Skjólstæðingum með flóknar eða sjaldgæfar fatlanir er veitt sérstök eftirfylgd og ráðgjöf til lengri tíma.**

*Höfundar eru í Bandalagi háskólamanna og starfa á Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins*

# KRÓNAN

– fyrst og fremst ódýr!

# Föstudagar eru pizzudagar

**Gerðu þína eigin pizzu!**




Upprúllað pizzudeig á bökunarpappír

Pizzudeig sem þarf fletja út

## PIZZUBOTNAR

## 3 fyrir 2

Þú velur þrjá botna

Borgar fyrir tvo. Ódýrasti botninn er frír. Má blanda saman botnum.



Tilbúinn pizzubotn með sósu

Sjá opnunartíma verslana Krónunnar á www.kronan.is

# Hvert er svarið í verkfallstíð?

KJARAMÁL



Árni Páll Árnason
formaður Samfylkingarinnar

Við skynjum öll þá undiröldu sem nú er á vinnumarkaði. Verkföll blasa við hjá flestum stéttum. Allt meðaltekjufólk og lágtekjufólk finnur á eigin skinni að brýn þörf er á bættum kjörum. Launin sem hér bjóðast eru oft og einatt helmingur af því sem býðst fyrir sambærileg störf í nálægum löndum. Hvað er til ráða?

Svarið er einfalt og flókið í senn. Við verðum að haga kjarasamningum með sama hætti og hefur reynst svo afar vel á Norðurlöndunum og hefur líka reynst okkur vel þegar við höfum borið gæfu til að fylgja þeirri forskrift. Norræna samfélagsmódelið hefur aftur og aftur sýnt að það getur betur glímt við bæði uppsveiflu og samdrátt en önnur kerfi. Til þess að það virki þarf skýra og ábyrga hagstjórn, sem byggist á stöðugleika, góðum aðgangi að erlendum mörkuðum með fríverslun og samræmdri launastefnu sem ýtir undir hagvöxt og fulla atvinnu og dregur úr launamun og tryggir að enginn verði skilinn eftir. Það þarf líka umfangsmikil velferðarkerfi, sem byggjast á afkomutryggingu og aðgengi að þjónustu sem tryggir mikla atvinnuþátttöku og hreyfanleika launafólks, ódýra menntun og heilbrigðis- og velferðarþjónustu sem fjármögnuð er með sköttum og tryggir jafnrétti í reynd. Og það þarf vel skipulagðan vinnumarkað, sem byggir á samspili milli lagasetningar og kjarasamninga og öflugri verkalýðshreyfingu.

Ekkert í þessu er sjálfgefið. Allt byggist þetta á samspili á milli stjórnmálaflokkanna og samtaka á vinnumarkaði. Allir þurfa að hafa næg áhrif og umboð til að leita eftir heildarlausnum og fylgja eftir þeim aðgerðum sem þörf er á. Hlutverk stjórnmálamanna í þessu kerfi er ekki að taka þátt í vinsældakapphlaupi með því að taka undir hverja kröfu, heldur að styðja við heildarsamninga sem tryggja markmið um kaupmáttaraukningu og að bilið minnki milli hæstu og lægstu launa og beita ríkisvaldinu til að þau markmið náist.

Þess vegna samþykkti Samfylkingin fyrir sitt leyti á nýafstöðnum landsfundi að skuldbinda okkur til að stjórna á þennan veg: Við munum í ríkisstjórn setja okkur almenna efnahagsstefnu með þessi markmið

**➜ Ríkisstjórnin hefur spillt svo samskiptum á vinnumarkaði að leitun er að öðru eins.**

að leiðarljósi og leggja hana fyrir samráðsvettvang með aðilum vinnumarkaðarins. Að því loknu munum við leggja hana fyrir Alþingi og byggja hagstjórnina á víðtækri stefnumörkun til nokkurra ára í senn. Þannig bindum við vissulega okkur sjálf, en við leggjum grunn að stöðugleika til lengri tíma og náum hámarksávinningi fyrir fólkið í landinu.

**Rót erfiðleikanna tvíþætt**

Þrátt fyrir hátíðarræður um ágæti „sveigjanleika“ hinnar íslensku krónu virðist ekkert benda til að þjóðin sé í raun tilbúin til að búa við afleiðingarnar. Hún er ekki til í að sætta sig við skuldabyrðina sem krónan skapar. Það sást vel í síðustu þingkosningum, þegar loforð um bætur fyrir skuldahækkun urðu lykill að kosningasigri. Og nú er líka orðið ljóst að þjóðin er ekki til í að búa við kjaraskerðinguna sem krónan skapar. Fyrst riðu á vaðið þeir sem sterkast standa á vinnumarkaði og sóttu sér bætur fyrir krónuna. Nú vilja allir aðrir eðlilega sækja þær bætur líka. Þessa dagana fer þannig fram nokkurs konar þjóðaratkvæðagreiðsla um hvort þjóðin er sátt við krónuna. Svarið virðist afgerandi NEI.

Ríkisstjórnin hefur spillt svo samskiptum á vinnumarkaði að leitun er að öðru eins. Samningarnir 21. desember 2013 fólu í sér gullið tækifæri fyrir ríkisstjórnina. Hún þurfti bara að styðja við heildstæða lausn sem aðilar vinnumarkaðarins voru búnir að skapa og leggja af mörkum til lágtekjufólks og meðaltekjufólks með aðgerðum í skattkerfi og gjaldskrám. Efndirnar voru engar. Ekkert hefur hreyfst í húsnæðismálum. Ekkert hefur gerst í skattamálum til að mæta þörfum almenns launafólks. Skattbreytingar og skuldaleiðrétting ríkisstjórnarinnar hafa flutt byrðar upp á tugi milljarða af þeim sem best standa á meðaltekjufólk og lágtekjufólk. Ríkisstjórnin ber þannig höfuðábyrgð á þeirri upplausn sem nú er orðin á vinnumarkaði.

# Olíuleit á Drekasvæðinu og markmið okkar í loftslagsmálum

ORKUMÁL



Guðni A. Jóhannesson
orkumálastjóri

Mannkynið stendur nú frammi fyrir mikilli ögrun. Notkun okkar á jarðefnaeldsneyti, landnýting og fleiri þættir, sem tengjast hinu mannlega umhverfi, eru að valda mikilli röskun á kolefnisjafnvægi lofthjúpsins, sem aftur getur haft mikil og víðtæk áhrif á loftslag og náttúrufar. Sviðsmyndir og líkanreikningar benda til þess að það þurfi verulega minnkun kolefnislosunar frá núverandi gildum til þess að koma í veg fyrir meiri háttar áföll tengd loftslagsbreytingum.

Það dylst engum, sem að þessum málum kemur, að hér er um að véla sérlega flókið orsakasamhengi. Í fyrsta lagi hver áhrif verða á loftslag og náttúrufar vegna kolefnislosunar, í öðru lagi hver áhrif verða á velferð mannkyns vegna þeirra aðgerða sem við verðum að grípa til til þess að minnka kolefnislosun og í þriðja lagi hvaða afleiðingar loftslagsbreytingar og náttúruhamfarir hafa á samfélög manna á jarðarkringlunni.

Það er ljóst að það eru engar einfaldar lausnir til. Við þurfum að grípa til róttækra aðgerða til þess að draga verulega úr kolefnislosun. Samtímis þurfum við að gera okkur grein fyrir því að þær munu draga úr hagvexti sem bæði þýðir rýrnun á efnislegum kjörum íbúa iðnríkjanna og jafnframt að möguleikar okkar til þess að ráðast gegn fátækt, hungri og aðstöðuleysi þess stóra hluta jarðarbúa, sem nú búa við afspyrnu vond kjör, takmarkast að sama skapi.

Það hefur hingað til verið nokkuð almenn samstaða meðal þeirra þjóða sem tekið hafa forystu í loftslagsmálunum um það að helsta leiðin til þess að draga úr kolefnislosun sé að leggja gjald á útblástur kolefnis. Þá verður hagkvæmt að nýta kolefnisfría orkugjafa og að skilja kolefni úr útblæstri kolaorkuvera og stærri iðjuvera og síðan farga þeim. Til þess að ná árangri í að auka hlut endurnýjanlegra orkugjafa hefur verið talað um að gjaldið þyrfti að vera u.þ.b. 30 bandaríkjadalir á tonn af koldíoxíði og til þess að gera förgun eða endurnýtingu koldíoxíðs frá kolabrennslu, sem er stærsti mengunarvaldurinn, mögulega þurfi gjaldið að vera um 80-90 Bandaríkjadalir á tonnið. Í seinna tilfellinu þýddi þetta t.d. að lítrinn af eldsneyti myndi hækka um u.þ.b. 100 kr. Þannig myndu hins vegar í upphafi, t.d. á Íslandi innheimtast um 70 milljarðar á ári sem mætti nýta til þess að fjárfesta í orkuskiptum með rafmagnsbílum og lestarsamgöngum, framleiðslu á eldsneyti úr raforku og kolefnisútblæstri, repjufræjum og hvers kyns úrgangi svo dæmi séu nefnd.

**Þurfum að vanda vel valið**

Í bók sinni Thinking Fast and Slow lýsir sálfræðingurinn Daniel Kahnemann stöðugri viðleitni mannsandans til þess að yfirfæra flóknar og vandasamar ákvarðanir í einfaldari vandamál sem útheimta mun auðveldari rökleiðslur og lausnamengi.

Í þessum anda hafa ýmsir aðilar, og nú síðast landsfundur Samfylkingarinnar, bent á og ályktað um aðrar leiðir til þess að draga úr kolefnislosun. Þeir vilja hætta við áform um olíuvinnslu á Drekasvæðinu, slíta gerðum samningum um olíuleit og vinnslu og sýna þannig öðrum útflutningslöndum á olíu það eftirdæmi sem þau þurfa til þess að finna hjá sér þörf til þess að gera slíkt hið sama. Ef við miðum við útflutningstölur frá 2011 þá verða helstu nemendur í þessum sunnudagaskóla: Sádi-Arabía og Rússland með um 7 milljónir tunna á dag hvort land og Kúveit, Nígería, Írak, Íran, Noregur, Sameinuðu

**➜ Það er ljóst að það eru engar einfaldar lausnir til. Við þurfum að grípa til róttækra aðgerða til þess að draga verulega úr kolefnislosun.**

arabísku furstadæmin, Angóla og Venesúela með 1,5 til tvær milljónir tunna á dag hvert land. Miðað við núverandi olíuverð eru það sennilega sameiginlegt hagsmunamál þessara þjóða að draga úr eftirspurn, til þess að ná fram verðhækkun, þótt það hafi enn ekki gerst fyrst og fremst vegna samstöðuleysis þeirra. Það er hins vegar alveg ljóst að samdráttur framboðs og hækkun olíuverðs til einhvers konar jafnvægis við vistvæna orkugjafa takmarkar mjög möguleika þeirra ríkja, sem nota jarðefnaeldsneyti, til þess að leggja á kolefnisgjald og fjármagna þannig græn orkuskipti.

Við getum svo aftur velt því fyrir okkur hversu líklegir þeir, sem ráða yfir hagnaðinum af olíuvinnslunni í ofangreindum löndum, eru til þess að verja þeim til góðra hluta í þágu alls mannkyns. Þjóðir með sterka lýðræðishefð, eins og Noregur og Ísland, eru líklegri til þess að nýta hagnað af olíuvinnslu skynsamlega, en eru jafnframt háðar því að slík vinnsla njóti stuðnings meirihluta kjósenda. Noregur hefur enn sérstöðu meðal olíuframleiðenda með því að leggja hagnaðinn af olíuvinnslu í sjóð til þess að skila hagnaðinum til komandi kynslóða í anda markmiða um sjálfbærni.

Ég held að við séum flest sammála um alvarleika málsins og markmið okkar. Við þurfum hins vegar að vanda vel valið á þeim aðgerðum, sem við viljum grípa til. Okkur ber rík siðferðileg skylda til þess velja aðgerðir okkar þannig, að þær skili sem mestum árangri í minnkandi losun kolefnis með sem minnstum neikvæðum áhrifum á afkomumöguleika mannkynsins í heild.

# „Hafðu hugrekki …“

SAMFÉLAG



Jóhann Björnsson
formaður Siðmenntar

Nú á vordögum fermast rúmlega 300 ungmenni borgaralegri fermingu á vegum Siðmenntar. Aldrei hafa fleiri börn fermst borgaralega en í ár. Athafnir eru haldnar á Akureyri, í Reykjavík, Kópavogi og í fyrsta sinn í Reykjanesbæ.

Fermingarbörnin sækja námskeið þar sem megináhersla er lögð á að efla og þjálfa gagnrýna og sjálfstæða hugsun og auka færni í að takast á við siðferðileg álitaefni. Eitt fermingarbarnanna var í viðtali nýverið og sagði m.a. um fermingarnámskeiðið:

„Á námskeiðinu fjöllum við um ólíka siði, tölum um hvað það þýðir að vera með fordóma, ræðum gagnrýna hugsun og hvað það sé miklu betra að skoða hlutina frá ólíkum sjónarhornum. Maður á ekki bara að gleypa við öllu sem maður heyrir og les og samþykkja það án þess að hugsa frekar út í það.“

Og fermingarbarnið heldur áfram og kveðst: „… vera þeirrar skoðunar að fermingarfræðsla Siðmenntar sé mjög gagnleg fyrir alla, ekki bara unglinga heldur líka eldra fólk … Svo ræðum við hvað það sé gott fyrir mann að vera alltaf opinn fyrir nýjum hugmyndum og hugsa út fyrir rammann.“

Þessi hugsun sem ríkjandi er á fermingarnámskeiðunum og fermingarbarnið lýsti kom fram hjá þýska heimspekingnum Immanúel Kant í grein sem hann skrifaði 1784. Kant hvatti samborgara sína til þess að hugsa sjálfstætt og gagnrýnið. Hann benti jafnframt á að hvarvetna væri fólk hvatt til að hugsa hvorki né rökræða: „Fjármálaráðherrann segir: „Rökræðið ekki, heldur borgið.“ Presturinn segir: „Rökræðið ekki, heldur trúið.““

Í nútímasamfélagi er ekki síður mikilvægt að hugsa sjálfstætt og gagnrýnið en var á dögum Kants, enda dynja á okkur alls kyns skilaboð á degi hverjum sem ástæða er til að skoða gagnrýnið. Orð Kants: „Hafðu hugrekki til að nota þitt eigið hyggjuvit!“ lýsa einstaklega vel meginmarkmiði fermingarnámskeiða Siðmenntar. Ef unglingunum tekst að auka hugrekki sitt til þess að nota eigið hyggjuvit hefur mikið áunnist og þeir fengið dýrmætt veganesti út í lífið.

# Sorphirða og frjálshyggja

ÞJÓNUSTA



Guðmundur Edgarsson
málvísindamaður

Jón Gnarr, fyrrverandi borgarstjóri í Reykjavík, skrifaði athyglisverða grein um sorphirðu í helgarblað Fréttablaðsins fyrir nokkru. Í greininni lýsir hann sorphirðu í Reykjavík sem afar óhagkvæmri og dýrri þjónustu þar sem heill her af mannskap sækir sorptunnurnar upp að dyrum í stað þess að fólk fari sjálft með tunnurnar út á götu svo losa megi tunnurnar með minni mannskap og tilkostnaði. Slíkt sé gert í blíðviðrisborginni Houston í Texas, þar sem Jón dvelst um þessar mundir, og þykir sjálfsagt. Enn fremur segir Jón það stórmerkilega þversögn að þeir pólitísku flokkar, sem kenni sig við sjálfstæði og einstaklingsábyrgð, séu þeir sem reki hvað hatrammastan áróður fyrir þeim munaðarsósíalisma, eins og hann kallar það, að ruslið sé sótt upp að dyrum.

**Sorp eða pitsur?**

Forvitnilegt er að velta þessum ummælum Jóns fyrir sér frá sjónarhóli frjálshyggjunnar. Vilja frelsisunnendur að ruslið sé sótt upp að dyrum eða trilla með tunnurnar kvöldið áður? Vilja þeir frekar að tunnan sé losuð fjórum sinnum á mánuði eða þrisvar? Svarið er: hvorki né eða bæði og! Með öðrum orðum, spurningarnar er merkingarlausar.

Allt eins má spyrja: Vill fólk sækja pitsuna eða greiða aukalega fyrir þann munaðarsósíalisma að fá hana heimsenda? Eða: Vill fólk stóra pitsu eða miðlungs? Með tveimur eða þremur áleggstegundum? Brauðstangir? Mergur málsins er jú sá, að fólk er mismunandi og af því þurfa rekstraraðilar sorphirðuþjónustu að taka mið, rétt eins og pitsustaðirnir hafa gert alla tíð.

**Pólitískt kerfi eða markaðskerfi?**

Spurningin snýst því ekki um hvort sorptunnur allra Reykvíkinga eigi að sækja upp að dyrum eða hversu oft eigi að losa þær heldur hvers vegna er komið fram við þá eins og hjörð af ósjálfstæðum verum þegar um sorphirðu er að ræða, en þroskaða einstaklinga með sjálfstæða hugsun þegar kemur að pitsum. Svarið er, að sorphirða er rekin undir pólitísku kerfi, en pitsustaðir undir markaðskerfi. Pólitískt kerfi felur í sér að þjónusta á þess vegum sé slík kjarnorkuvísindi að einungis stjórnmálamönnum sé treystandi til að meta hvað neytendum sé fyrir bestu. Í slíku kerfi er gert ráð fyrir að þarfir og langanir fólks séu nokkurn veginn eins og því sé réttast að aðeins einn aðili sjái um þjónustuna. Með öðrum orðum, þjónusta undir pólitísku kerfi felur í sér einokun. Á hinn bóginn felur þjónusta undir markaðskerfi í sér samkeppni, val, fjölbreytni og stöðugar nýjungar.

**➜ Kannski kæmu fram á sviðið litlir verktakar, sem undirbyðu stóru sorphirðufyrirtækin og sótthreinsuðu tunnurnar í leiðinni.**

**Samkeppni á sorphirðumarkaðinn**

Ef sorphirða fengi að njóta sín á markaði í stað þess að festast í fjötrum miðstýringar og einokunar er ljóst að fjölbreytnin yrði meiri, bæði hvað þjónustuna snertir og verð. Kannski væri komið sorphirðufyrirtæki á markaðinn sem byði þeim sem flokkuðu endurnýtanlega sorpið að losa tunnurnar endurgjaldslaust. Kannski mundu einhver fyrirtæki bjóða upp á garðhirðu og sorphirðu og kúnninn fengi afslátt, nýtti hann sér hvort tveggja. Kannski kæmu fram á sviðið litlir verktakar, sem undirbyðu stóru sorphirðufyrirtækin og sótthreinsuðu tunnurnar í leiðinni. Enginn getur sagt með vissu hvernig sorphirða myndi þróast væri hún rekin á markaðsforsendum. Við höfum þó eina sterka vísbendingu: hvert sem litið er hafa framfarir orðið örari og nýjungar tíðari á þeim sviðum þar sem frelsi og samkeppni hefur ríkt en þar sem einokun hefur verið í fyrirrúmi. Það er því engin furða að pitsur séu vinsælar.

# VORIÐ KEMUR
## – oftast á þessum árstíma!

**MÚRBÚÐARVERÐ**



**Furukrossviður**
9-12-15-18 mm þykkur
Gæðavara. Gott verð



**Frábært verð á stál- og plastþakrennum.**
Sjá verðlista á www.murbudin.is



Protool veltisög
250mm, 1800W,
borð 47x51 cm
**48.990**



Drive léttivagn
150 kg
**5.790**



Öflugar hjólbörur
90 lítra
**7.490**

MARGAR GERÐIR AF HJÓLBÖRUM



Járnbúkkar sett = 2 stykki
**4.690**



**Lavor háþrýstidæla STM 160**

Made by Lavor

- 160 bar Max
- 8,5 lítrar/mín.
- 2500W
- Pallabursti
- 8 metra slanga
- Turbo stútur
- Slanga fyrir stíflulosun
- Þvottabursti

**27.990**



Rakaþolplast 0,2x4x25m
**11.990**



Protool fjölnota verkfæri 220W með 37 fylgihluti í tösku
**11.990**



Drive160 L steypurhrærivél
**39.510**



Bíla & gluggaþvottakústur, gegn um rennandi 116>180cm, hraðtengi með lokun
**2.660**



Gúmmímottur margar gerðir og stærðir, verðdæmi 66x99cm
**2.190**



Flúðamold 20 l
**590**



WZ-9006
Greinaklippur
**895**



Mako sterkir ruslapokar
120 lítrar 10stk
**390**



RLA-05
Áltrappa 5 þrep, tvöföld
**6.610**
6 þrepa **7.800**
7 þrepa **9.580**



WZ-9019
Greinaklippur
**1.795**



Strákústur
30cm breiður
**795**



LLA-112
Álstigi 12 þrep 3,38 m
**7.900**

MARGAR STÆRÐIR OG MIKIÐ ÚRVAL AF STIGUM

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGAVÖRUM

Meiri gæði – Lægra verð – MÚRBÚÐIN

# MÚRBÚÐIN

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 8-18 |

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

**Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!**

**NETTÓ SÉR RAUTT!!**

**ÓTRÚLEG VERÐ!**
Sérstakur afsláttur af völdum vörum.
**Fyrstir koma fyrstir fá!**

# BÆKLINGURINN KOMINN ÚT!

## *Casa Fiesta vörur 20% afsláttur!*







NAUTGRIPAHAKK
FERSKT, KJÖTSEL
**1.189**
ÁÐUR 1.450 KR/KG



-50%
GRÍSASNITSEL
STJÖRNUGRÍS
**1.149**
ÁÐUR 2.298 KR/KG




-44%
KJÚKLINGALUNDIR
DANPO, 700 GR
**986**
ÁÐUR 1.761 KR/PK



42%
GRÍSAGÚLLAS
STJÖRNUGRÍS
**1.090**
ÁÐUR 1.880 KR/KG



-30%
LAMBASÚPUKJÖT
SS, FROSIÐ Í POKA
**599**
ÁÐUR 855 KR/KG



KJÚKL.UPPLÆRI 1,5KG
M/BEINI, DANPO
**994**
ÁÐUR 1.198 KR/PK

**Tilboðin gilda 10. - 12. apríl 2015**
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# 25% AFSLÁTTUR! ...AF BANÖNUM, APPELSÍNUM, PERUM OG EPLUM (GULUM,RAUÐUM & GRÆNUM)






ÍSFUGL

**KJÚKLINGALASAGNA**
ÍSFUGL, FROSIÐ
**888**
ÁÐUR 1.139 KR/STK



50%

**PIZZASTYKKI**
MEÐ OSTI
**186**
ÁÐUR 372 KR/STK

**PIZZASTYKKI**
MEÐ SALAMI
**199**
ÁÐUR 398 KR/STK




34%

**CP ÞVOTTAKODDAR**
PINK, 10STK Í PK
**395**
ÁÐUR 598 KR/PK

40%

**CP ÞVOTTAEFNI**
PINK630 ML
**299**
ÁÐUR 498 KR/STK




75%

**BLENDA 1,17 KG**
ÞVOTTAEFNI, SENSITIVE
**98**
ÁÐUR 393 KR/PK




40%

**CP SÚKKUL.BITAKEX**
200 GR
**119**
ÁÐUR 199 KR/PK

41%

**CP SÚKKULAÐIKEX**
DIGESTIVE, 300 GR
**140**
ÁÐUR 238 KR/PK




40%

**BLAUTKLÚTAR 56STK**
PAMPERS,SENSITIVE
**179**
ÁÐUR 298 KR/PK

42%

**MAXI POPPKORN**
70 GR
**98**
ÁÐUR 169 KR/PK




**FANTA EXOTIC**
0,5 L
**69**
ÁÐUR 139 KR/STK

51%




39%

**ORKUDRYKKUR**
EMERGE 250 ML
**79**
ÁÐUR 159 KR/STK

34%

**PEPSI 33 CL**
PEPSI/PEPSI MAX
**59**
ÁÐUR 89 KR/STK



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát eiginmanns míns,

**GÍSLA STEINSSONAR**
**Neðstaleiti 7,**

sem lést 17. mars sl. Sérstakar þakkir til starfsfólks Landakots fyrir góða umönnun.

**Ólöf Thorlacius**



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð, virðingu og hlýhug við fráfall elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUÐRÚNAR (LILLU) HARALDSDÓTTUR**
**Bakkaseli 6, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Eir fyrir góða umönnun og hlýju.

**Sævar Karlsson** **Guðrún Aðalsteinsdóttir**
**Haraldur R. Karlsson** **Abbie Lee Kleppa**
**Guðrún J. Karlsdóttir Forberg** **Ståle Forberg**
**börn og barnabörn.**



†

Eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR RAFNAR HALLDÓRSSON**
**tæknifræðingur,**
**Heiðarbæ 16,**

verður jarðsunginn frá Árbæjarkirkju mánudaginn 13. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Kristín Sigurbjarnardóttir**
**Sigurbjörn Búi Sigurðsson** **Helga Ásgeirsdóttir**
**Guðmundur Tryggvi Sigurðsson** **Auður Ólafsdóttir**
**Hlíf Sigurðardóttir** **Ámundi V. Brynjólfsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,

**INGEBORG EIDE GEIRSDÓTTIR,**
**Auðarstræti 15, Reykjavík,**

lést á Landspítalanum mánudaginn 6. apríl. Útförin fer fram frá Háteigskirkju fimmtudaginn 16. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Ás styrktarfélag.

**Hlíf Geirsdóttir,** **Stefán Ásgeirsson,**
**Ólína Geirsdóttir,** **Sveinbjörn Björnsson,**
**Benedikt Geirsson,** **Helga Möller**
**og systkinabörn.**



†

Ástkær sambýlismaður, bróðir, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**GARÐAR GUÐMUNDSSON**
**skipstjóri og útgerðarmaður,**
**Ólafsfirði,**

verður jarðsunginn frá Ólafsfjarðarkirkju kl. 14.00 sunnudaginn 12. apríl nk.

**Helga Torfadóttir**
**Halldór I. Guðmundsson**
**Halldóra Garðarsdóttir** **Maron Björnsson**
**Þuríður Sigmundsdóttir**
**Ólöf Garðarsdóttir** **Barði Jakobsson**
**Hannes Garðarsson** **Steinunn Aðalbjarnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð vegna fráfalls

**INGIBJARGAR SESSELJU SIGURÐARDÓTTUR**
**hjúkrunarheimilinu Grund,**
**áður til heimilis að**
**Eiðismýri 30, Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir eru færðar starfsfólki á Frúargangi, deild A3 á Grund, fyrir frábæra umönnun og hlýju í hennar garð.

**Hreiðar Ögmundsson** **Katrín Gunnarsdóttir**
**Jón Ögmundsson** **Anna Sigríður Indriðadóttir**
**Birgir Ögmundsson** **Guðrún Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

# Þrívíddartækni notuð við andlitsígræðslu

**Paolo Garguilio heldur fyrirlestur um notkun þrívíddarprentunar við skurðaðgerðir. Fyrirlesturinn er hluti af ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands vegna Dags verkfræðinnar.**

„Það hafa nú þegar verið framkvæmdar um það bil 200 aðgerðir á Íslandi með aðkomu þrívíddarmódela, en næsta skref er að hanna, prenta og græða módel í sjúklinga,“ segir Paolo Gargiulo, verkfræðingur og sérfræðingur á Landspítalanum, en hann heldur fyrirlestur í dag um hvernig hægt er að nýta þrívíddarprentun við skurðaðgerðir.

„Um þessar mundir erum við á heilbrigðistæknisetrinu að hanna fyrsta gerviígræðlinginn fyrir flókið tilfelli við uppbygginguna á andliti og er áætlað að hann verði græddur í sjúkling nú í sumar.“

Fyrirlestur Paolo er hluti af ráðstefnu Verkfræðingafélags Íslands á degi verkfræðinnar sem er haldinn í dag. Ráðstefnan er ókeypis og opin fyrir alla.

„Við ákváðum að helga dag verkfræði og sameina dag þar sem aðalfundur og ráðstefna fara fram og fá þannig tækifæri til að koma saman og kynna verkfræðina fyrir almenningi,“ segir Kristinn Anderssen, formaður Verkfræðingafélags Íslands.

Á ráðstefnunni sem hefst kl. 13.00 í dag á Hilton Nordica, verða ýmsir áhugaverðir fyrirlestrar. Þar verður meðal annars fjallað um nýstárlegar geymsluaðferðir, vindmyllur Landsvirkjunar og Sound of Vision-verkefnið sem snýst um hvernig hægt er að nota tækni til að hjálpa blindum að fara ferða sinna. Kristinn segist vilja sýna almenningi hvað verkfræði getur verið fjölbreytt og að hún snúist ekki bara um að byggja hátæknisjúkrahús og mannvirki.

- sgg



**TÆKNINÝJUNGAR** Paolo Gargulio býr til líkamsparta með þrívíddarprentun. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

> **Verkfræði snýst um meira en að byggja mannvirki.**



†

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi og langafi,

**JÓHANN INDRIÐASON**
**rafmagnsverkfræðingur,**
**Suðurlandsbraut 58,**
**Reykjavík,**

lést á Landakotsspítalanum fimmtudaginn 2. apríl. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 13. apríl kl. 13.00.

**Helga Jónasdóttir**
**Sylvía Jóhannsdóttir**
**Laufey Jóhannsdóttir** **Gunnar Jóhannesson**
**Indriði Jóhannsson** **Berglind S. Guðnadóttir**
**Helga Jóhannsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Sambýlismaður minn, fóstursonur, fósturfaðir og bróðir,

**BRAGI BJÖRGVINSSON**
**frá Höskuldsstaðaseli, Breiðdal,**

lést á Landspítalanum Fossvogi 1. apríl. Útförin fer fram frá Heydalakirkju Breiðdal laugardaginn 11. apríl kl. 14.00.

**Edda Björgmundsdóttir**
**Ragnheiður Hóseasdóttir**
**Guðbjartur Guðmundsson** **Sigurbjörg Júlíusdóttir**
**Marey Björgvinsdóttir** **Þórður Þorgrímsson**
**Ingibjörg Björgvinsdóttir** **Hans Eiríksson**
**Björn Björgvinsson**
**Baldur Björgvinsson** **Nanna Svansdóttir**
**Unnur Björgvinsdóttir** **Guðmundur Björgólfsson**
**og fjölskyldur.**



†

Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN WEST FREDERIKSEN**
**Víðmel 21,**
**Reykjavík,**

andaðist í faðmi fjölskyldunnar á Landspítalanum við Hringbraut þriðjudaginn 17. mars. Útförin hefur farið fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík. Þökkum auðsýnda samúð og hlýhug.

**María Frederiksen**
**Margrét A. Frederiksen** **Hörður Hákonarson**
**Karl West Frederiksen** **Laufey Vilhjálmsdóttir**
**Vilhelm M. Frederiksen** **Erla Gunnarsdóttir**
**Ingibjörg A. Frederiksen** **Guðmundur Margeirsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

Þökkum samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**GUNNLAUGAR MARGRÉTAR STEFÁNSDÓTTUR**

Sérstakar þakkir fær starfsfólk hjúkrunarheimilisins Foldabæjar og Sólvangs fyrir góða umönnun.

**Jónína Sigrún Bjarnadóttir** **Grétar Jónsson**
**Stefán Þór Bjarnason** **Álfheiður Arnardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA



Elín Sigrún Jónsdóttir framkvæmdastjóri
Þorsteinn Elísson útfararþjónusta
Snævar Jón Andrésson útfararþjónusta
Hugrún Jónsdóttir útfararstjóri
Rósa Kristjánsdóttir útfararstjóri
Guðmundur Baldvinsson útfararþjónusta
Jón G. Bjarnason útfararþjónusta
Ellert Ingason útfararþjónusta
Katla Þorsteinsdóttir lögfræðiþjónusta
Gestur Hreinsson útfararþjónusta

Útfarar- og lögfræðiþjónusta

Önnumst alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

2013 2014 Framúrskarandi fyrirtæki



**SPILAÐ Á SPIL**
**Alþjóðlegi spiladagurinn er á laugardaginn, 11. apríl. Af því tilefni blása Spilavinir til spilaveislu í verslun sinni á Suðurlandsbraut 48.**




# SLÉTTARI HÚÐ Á HEILBRIGÐAN HÁTT

**SNYRTISTOFAN HAFBLIK KYNNIR** *Guðrún Friðriksdóttir snyrtifræðimeistari sérhæfir sig í hljóðbylgju- og húðslípunarmeðferðum sem eyða háræðasliti og gefa húðinni meiri þéttleika þannig að hún stinnist og verður frísklegri.*

Snyrtistofan Hafblik býður upp á allar almennar snyrtimeðferðir, svo sem litun og plokkun, heitsteinanudd, andlitsmeðferðir og alls kyns lúxusmeðferðir. Auk þess sérhæfir Guðrún Friðriksdóttir, snyrtifræðimeistari og eigandi snyrtistofunnar, sig í hljóðbylgju- og húðslípunarmeðferðum. „Hljóðbylgjumeðferðin fjarlægir háræðaslit í andliti, á hálsi og bringu, háræðastjörnur, blóðblöðrur og skemmdir í húð eftir rósroða," segir Guðrún.

Húðslípun vinnur á hrukkum, sólarskemmdum, öldrunarblettum, örum, augnpokum og þreyttri, siginni húð. Hún styrkir og stinnir húðina og endurnýjar frá grunni. Til að fríska upp á húðina er tilvalið að fara í eitt skipti í húðslípun. Ef hins vegar á að vinna á einhverjum vandamálum og ná fram besta mögulega árangri er gott að taka tíu meðferðir í röð með fimm til sjö daga millibili. „Húðslípun er heilbrigð leið til að stinna og styrkja húðina. Ég tel að það sé mun betra að nota þá leið en til dæmis að leggjast undir hnífinn. Með því er verið að strekkja og þynna húðina en með húðslípun er farið algjörlega í hina áttina. Þá er verið að örva alla frumustarfsemi þannig að húðin þéttist og nær aftur stinnleika og frísklegu og unglegu útliti."

Í húðslípun er sandkristöllum blásið á húðina og þannig eru allar dauðar húðfrumur slípaðar burtu. „Húðslípunin er mjög árangursrík því þegar búið er að slípa er nærandi ampúla sett á húðina sem fer beint inn því húðin er svo opin. Því næst er lífrænt vottaður maski settur á sem byggir húðina upp og lokar henni þannig að hún verður ekki rauð og viðkvæm á eftir heldur frískleg og fín," segir Guðrún.

Hljóðbylgjumeðferð gegn háræðasliti er mikil nákvæmnisvinna því þá er unnið með punkt fyrir punkt á hverri háræð. „Eftir meðferð hvítnar háræðin en daginn eftir dökknar svæðið aftur og verður áberandi í fimm til sjö daga. Að fjórum vikum liðnum er ekki hægt að sjá nein merki um háræðaslit. Þó þarf stundum tvær til þrjár meðferðir til að loka háræð endanlega. Þetta er mjög örugg og flott meðferð sem hefur skilað hundrað prósent árangri hjá öllum þeim sem hafa komið til mín í meðferð í gegnum árin."



**GUÐRÚN FRIÐRIKSDÓTTIR SNYRTIFRÆÐIMEISTARI** segir húðslípunar- og hljóðbylgjumeðferðir hjá henni hafa skilað hundrað prósent árangri. MYND/PJETUR



**HÁRÆÐASLITSMEÐFERÐ** Að fjórum vikum liðnum er ekki hægt að sjá nein merki um háræðaslit.



**HÚÐSLÍPUN** Til að ná burtu gráma vetrarins og fríska upp á húðina er tilvalið að fara í eitt skipti í húðslípun.






AÐALFUNDUR
HEIMILIS OG SKÓLA

Aðalfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra verður haldinn **miðvikudaginn 22. apríl kl.17:00.**

Fundurinn verður haldinn hjá **SAMFOK að Háaleitisbraut 11-13, 108 Reykjavík.** Á dagskrá verða hefðbundin aðalfundarstörf og eru félagsmenn hvattir til að mæta.

Heimili og skóli
Landssamtök foreldra
SUÐURLANDSBRAUT 24 | 108 REYKJAVÍK
SÍMI 516 0100 | WWW.HEIMILIOGSKOLI.IS

OptiBac probiotics

Flatur magi á sjö dögum
One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flatari.






„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu"
Hanna Rún Bazev Óladóttir
dansari.

PRENTUN.IS

Fæst í apótekum og heilsubúðum

Til hvers að flækja hlutina? 365
SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!
365.is | Sími 1817



**MIKIL FJÖLBREYTNI** Gústaf Hannibal Ólafsson fjölmiðlafulltrúi og Heather Millard, framkvæmdastjóri Reykjavík Shorts & Docs. MYND/ERNIR

# FYNDNAR, ERFIÐAR OG FRÆÐANDI Í SENN

**STUTTMYNDAHÁTÍÐ** *Bíó Paradís verður undirlagt stutt- og heimildarmyndum um helgina þegar Reykjavík Shorts & Docs verður haldin í þrettánda sinn.*

Stutt- og heimildarmyndahátíðin Reykjavík Shorts & Docs hófst í gær, fimmtudag, og stendur yfir fram á sunnudag. Hátíðin var fyrst haldin fyrir þrettán árum og hefur vaxið jafnt og þétt bæði að umfangi og aðsókn að sögn Gústafs Hannibals Ólafssonar, fjölmiðlafulltrúa hátíðarinnar. Hann segir markmið hátíðarinnar alltaf hafa verið að gera hana bæði að stökkpalli fyrir íslenska kvikmyndagerð og um leið að gefa almenningi kost á að upplifa frábærar heimildarmyndir og stuttmyndir. „Hátíðin hefur alltaf lagt metnað sinn í að sýna úrval af stuttmyndum, teiknimyndum og heimildarmyndum víðsvegar að úr heiminum sem eru í senn spennandi, kynþokkafullar, fyndnar, erfiðar og fræðandi og ættu ekki að fara fram hjá neinum."

Til dæmis um stöðu hátíðarinnar nefnir hann að leikstjórinn Laura Poitras, sem á mynd um uppljóstrarann Edward Snowden á hátíðinni, tók við Óskarsverðlaunum fyrir sex vikum fyrir myndina. „Það sýnir vel hvernig hátíðin hefur vaxið. Einnig má nefna að Pawel Wysoczanski, sem vann verðlaun á hátíðinni fyrir þremur árum sem besti nýliðinn, er kominn aftur með mynd sem hann tók upp á vélina sem hann fékk í verðlaun þá."

Gústaf segir stóru myndir hátíðarinnar vera Citizen Four eftir Poitras og Sweet Dreams eftir þau Lisu & Rob Fruchtman. Ekki síður megi þó vekja athygli á myndunum Sumé og Jurek sem báðar eru stórskemmtilegar. „Sumé er fyrsta grænlenska heimildarmyndin í fullri lengd og segir frá grænlensku rokksveitinni Sumé. Hún átti þátt í að breyttri sjálfsmynd Grænlendinga í upphafi áttunda áratugarins enda fyrsta hljómsveitin sem söng á grænlensku og söng um leið um það sem skipti Grænlendinga máli, allt frá drykkjuskapnum upp í dönsku nýlendustefnuna og allt þar á milli. Þetta er mjög falleg og flott mynd og tónlistin frábær. Dálítið eins og ef myndinni Searching for Sugarman og Jóni Sigurðssyni væri blandað saman í eina mynd."

**ÓKEYPIS NÁMSKEIÐ**

Ekki síður sé Jurek áhugaverð mynd. „Hún er bráðfyndin og skemmtileg og fjallar um hálfklikkaðan Pólverja sem var annar maðurinn til að klífa fjórtán hæstu tinda heims. Hann fór á nokkra þeirra að vetrarlagi, sem var óþekkt, og fór leiðir sem aðrir töldu ófærar. Hann var mjög skemmtileg persóna sem fjármagnaði leiðangrana með því að smygla ísskápum til Katmandú, drakk vodka og reykti sígarettur á leiðinni. Það er mynd sem kemur mjög á óvart."

Leikstjórar allra myndanna svara spurningum gesta úr sal á sérstökum sýningum. „Það er einstakt tækifæri til að spyrja Fruchtman um hvernig er að gera mynd í Rúanda eða hvernig Poitras leið á hótelherberginu í Hong Kong þegar Snowden var að ljóstra upp um stórfelldar njósnir Bandaríkjamanna. Það verður áhugavert."

Í dag, föstudag, verða sýndar fjórar íslenskar stuttmyndir og tvær styttri heimildarmyndir. „Síðan var opnunarmyndin í gær líka íslensk, Bannað að vera fáviti, sem fjallar um tónlistarhátíðina Eistnaflug."

Auk sýninga verður boðið upp á tvö námskeið um helgina þar sem tveir Óskarsverðlaunahafar munu halda opin og ókeypis námskeið. „Annars vegar mun Laura Poitras halda námskeið um heimildarmyndagerð og blaðamennsku á morgun, laugardag, og hins vegar heldur Lisa Fruchtmann námskeið um klippingu á sunnudeginum. Poitras er verðlaunablaðamaður sem hefur unnið BAFTA-verðlaunin og Óskarinn og Fruchtmann klippti meðal annars Apocalypse Now, Godfather III og fékk Óskarsverðlaunin fyrir The Right Stuff. Það verður nóg pláss fyrir alla, bæði byrjendur og lengra komna, og ég hvet alla áhugasama til að mæta enda ekki á hverjum degi sem maður getur farið á námskeið hjá Óskarsverðlaunahöfum og það ókeypis."

Hátíðin fer öll fram í Bíói Paradís við Hverfisgötu í Reykjavík. Upplýsingar um hátíðina og sýningar má finna á www.shortsdocsfest.com og á facebook (Reykjavik Shorts&Docs) og á Twitter (@ShortsDOCSFest).

# Lífið

FÖSTUDAGUR
10. APRÍL 2015

Nanna Árnadóttir
íþróttafræðingur
**SKIPULÖGÐ HREYFING Á VINNUSTÖÐUM 4**

Eva Laufey Kjaran
Matarvísir
**GÓMSÆTAR UPPSKRIFTIR AÐ DÖGURÐI 8**

Tíska og trend
Vortískan
**ÞAÐ ALLRA HEITASTA Í VOR OG SUMAR 10**



Jóní Jónsdóttir

## ÖRLÖGIN STÝRÐU MÉR Í ÞESSA ÁTT

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

## KÓSÍ LAGALISTI



**Katrín Amni er markaðsstjóri Heilsuhússins og tveggja barna móðir sem deilir hér með lesendum Lífsins kósí lagalistanum sínum sem er kjörinn fyrir huggulega helgi með fjölskyldunni.**

- **HOLDING BACK THE YEARS** *SIMPLY RED*
- **CARELESS WHISPER** *GEORGE MICHAEL*
- **BIG JET PLANE** *ANGUS & JULIA STONE*
- **SON OF A PREACHER MAN** *DUSTY SPRINGFIELD*
- **HOME AGAIN** *MICHAEL KIWANUKA*
- **TÍU DROPAR** *MOSES HIGHTOWER*
- **LET IT BE ME** *RAY LAMONTAGNE*
- **WAITING GAME** *BANKS*
- **I SEE FIRE** *ED SHEERAN*
- **BREATHE ME** *SIA*



„Þegar lífið verður svona eða hinsegin þá verð ég hamingjusöm.“

NORDICPHOTOS/GETTY

# ÞAÐ EINA SEM VIÐ HÖFUM FYRIR VÍST ER NÚIÐ

**Það er okkur eðlislægt að hugsa um liðinn tíma en hugum við nægilega mikið að núinu?**

**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Samkvæmt íslenska almanakinu styttist allverulega í sumarið þó svo að verðurguðirnir séu því ekki sammála sem stendur. Þeir hljóta þó að fara að sjá að sér og lofa okkur sem búum á eyjunni fögru að sjá til sólar innan tíðar.

Við komum öll misjafnlega undan vetrinum en sjálfsagt erum við flest sammála um það að nú sé nóg komið af þessum blessaða vetri. Samkvæmt áreiðanlegum veðurspám næstu daga þurfum við þó að bíða enn um sinn. Þessi bið, biðin endalausa. Við erum alltaf að bíða eftir einhverju eða einhverjum. „Þegar lífið verður svona, þá verð ég sko hamingjusöm,“ segjum við við okkur sjálf, „Ég þoli ekki þennan vetur lengur, ég get ekki beðið eftir sumrinu, þá verð ég sko ánægður.“

Erum við þá ekki ánægð og hamingjusöm núna?

Væri eitthvert vit í því að snúa þessu við, vakna á morgnana og hugsa að þú sért hamingjusöm eða hamingjusamur núna, akkúrat á þessari stundu. Ákveða það bara svona upp úr þurru og sjá hvað gerist? Kannski gerist ekki neitt en kannski gerist eitthvað stórkostlegt. Það er nefnilega svolítið magnað að ná því að vera í núinu, þó að það sé ekki nema í örstutta stund. Einbeittu þér að andardrættinum reglulega yfir daginn, hlustaðu á hann. Finnst þér ekki róandi að hlusta á lífsins takt? Þetta er núið, þú ert aldrei eins nálægt núinu og þegar þú hlustar á andardrátt með fullri athygli, hvort sem það er þinn eigin eða barnanna þinna.

Taktu hverjum degi eins og hann kemur til þín, hver dagur felur í sér lítið kraftaverk en þér er það ekki sýnilegt nema þú staldrir við og sért tilbúin/n til að koma auga á það.

„Væri eitthvert vit í því að snúa þessu við, vakna á morgnana og hugsa að þú sért hamingjusöm eða hamingjusamur núna, akkúrat á þessari stundu.“




## LÍFIÐ MÆLIR MEÐ DEKRI

Farðu í smádekur. Það er spáð kulda um helgina og því er um að gera að auðga andann og líkamann og skella sér í smá dekur. Það þarf ekki að kosta mikið að bjóða góðri vinkonu með sér í gufu og heitan pott þar sem spjallað er um allt milli himins og jarðar. Hitinn færir smá sumaryl í hjartað og lætur streituna leka úr kroppnum og vinkonan endurnærir sálina og kitlar hláturtaugarnar. Takið með ykkur maska fyrir andlit og hár og njótið þess að dekra hvor við aðra og bara vera til í núinu.



**Lífið**
www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Umsjón **Friðrika Hjördís Geirsdóttir** rikka@365.is • Ábyrgðarmaður **Kristín Þorsteinsdóttir** erlabjorg@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd **Valgarður Gíslason**


TOPSHOP
KAREN MILLEN
DOROTHY PERKINS
WAREHOUSE
evans.
ÚTSÖLUMARKAÐUR
KORPU OUTLET
Á KORPUTORGI
Allar vörur frá Warehouse, Topshop, Dorothy Perkins og Evans á 500-6000 kr.
ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR Á VÖRUM FRÁ KAREN MILLEN

# TEKUR VINNUSTAÐURINN ÞINN ÞÁTT?

**Það er sannað að þeir einstaklingar sem stunda reglulega líkamsrækt eru betri starfsmenn en þeir sem gera það ekki.**



**Nanna Árnadóttir**
íþróttafræðingur

Við getum öll verið sammála um það að skynsamleg hreyfing gerir okkur gott, ekki satt? Flestir vita þetta og flestir vita einnig að ef við hreyfum okkur ekki nóg mun heilsunni að öllum líkindum hraka. Þolið minnkar og vöðvamassinn rýrnar sem gerir það að verkum að allar daglegar athafnir verða enn erfiðari, sem gerir það enn erfiðara fyrir okkur að koma okkur af stað í skipulagða hreyfingu. Ef mataræðið er einnig lélegt er hætta á því að lífsstíllinn fari að draga dilk á eftir sér með svokölluðum lífsstílstengdum sjúkdómum, sem geta skert lífsgæði manns til muna eða dregið mann til dauða.

Þegar við vorum lítil var hreyfing partur af daglegu lífi. Við vorum skikkuð til að hreyfa okkur í skólanum og einhver af okkur voru í íþróttum. Því miður er það oft svo að þegar komið er að ákveðnu stigi í íþróttunum þá neyðist maður til þess að hætta ef maður er ekki að stefna á afreksbrautina þar sem lítið pláss er fyrir þá sem vilja bara æfa þrisvar sinnum í viku án þess að keppa. Þessir einstaklingar vita þá oft ekki hvert þeir eiga að leita og oftar en ekki gerist það að þeir hætta að hreyfa sig vegna þess að hreyfingin er ekki partur af skipulögðu íþróttastarfi lengur. Á þessum tímapunkti í lífinu fer líka oft að verða meira að gera, skólinn, fjölskyldan, vinnan eða allt þetta tekur að mestu allan frítíma manns og því vill hreyfingin oft verða útundan. Þá eru góð ráð dýr. Eða hvað?

Sumir vinnustaðir, þó alls ekki nógu margir, hafa tekið upp á því að leyfa starfsmönnum sínum að stunda líkamsrækt á vinnutíma ásamt því að niðurgreiða, eða jafnvel gefa starfsmönnum sínum kort í líkamsræktarstöð. Þetta er eitthvað sem mér finnst að allir góðir stjórnendur hljóti að sjá sem gott tækifæri til þess að auka afköst starfsmanna. Heilbrigður starfsmaður hlýtur að skila af sér meiri vinnu og færri veikindadögum. Svo er það einnig staðreynd að hreyfing lætur okkur líða vel, einkum vegna þess að þegar við hreyfum okkur framleiðir líkaminn hormónið endorfín sem skapar vellíðunartilfinningu. Allar líkur eru því á því að starfsmaðurinn sem hreyfir sig sé léttari í lund og almennt ánægðari en sá sem gerir það ekki.

Hér með skora ég á alla vinnuveitendur að skoða starfsmannastefnu sína, athuga hvort ekki sé rúm fyrir örlitla breytingu og koma skipulagðri hreyfingu fyrir á vinnustað. Það mun skila sér margfalt til baka, ekki bara fyrir fyrirtækið heldur einnig fyrir einstaklingana og þjóðina í heild.



Heilbrigður starfsmaður tekur færri veikindadaga. NORDICPHOTOS/GETTY

„Þetta er eitthvað sem mér finnst að allir góðir stjórnendur hljóti að sjá sem gott tækifæri til þess að auka afköst starfsmanna. Heilbrigður starfsmaður hlýtur að skila af sér meiri vinnu og færri veikindadögum.“






# ÉG SKAL HLUSTA Á ÞIG

Elsku fallegu unglingarnir mínir sem ég hitti daglega, bæði rafrænt og í persónu, þessi pistill er til ykkar. Ég vona að ef þú nærð ekki að lesa hann að þá geri einhver fullorðinn það fyrir þig eða allavega bendi þér á hann. Í gærkvöldi sat ég með snillingum. Þetta voru eldklárir unglingar á aldrinum þrettán til sextán ára og sögðu þau mér raunasögur sínar af fullorðna fólkinu. Einn drengur sagði mér frá því þegar hann í sakleysi sínu og forvitni ætlaði að kaupa pakka af smokkum í stórri matvöruverslun en var neitað um afgreiðslu. Það ku víst vera átján ára aldurstakmark á smokkum. Að sögn þess fullorðna sem stóð fyrir aftan kassann. Litli vinurinn sneri sér við leiður í bragði og velti því fyrir sér hvað skyldi nú taka til bragðs, má bara blása upp smokka þegar maður verður lögráða?



## Frásagnir fullorðinna

Svo voru það stelpurnar sem lýstu fyrir mér vægast sagt ömurlegri framkomu fullorðins fólks sem átti að vera að leiðbeina þeim í „sumarbúðum“ en braut þær niður með svívirðingum, leiðindum og kvenfyrirlitningu. Ekki nóg með það heldur var hræðsluáróðri um kynsjúkdóma troðið ofan í kokið á þeim með myndum af kynfærum með vörtum og vætlandi sárum. Þeim var gjörsamlega misboðið og kynlíf gert að hættulegum og skítugum hlut. Kannski ekki von að við erum enn að tala um „hreinar meyjar“ þegar þetta er myndin sem sumir varpa af kynlífi fyrir þessar elskur.

Þegar ég heyri svona frásagnir þá sýður í mér blóðið. Þetta eru bara tvö dæmi en ég á töluvert fleiri í bakpokanum um óviðeigandi hegðun fullorðins fólks í garð unglinga. Þegar ég spyr þau hverjum þau hafi sagt frá þessu þá segja þau að enginn hlusti, þeim er ekki trúað og því gerist ekkert og ekkert breytist. Þau bara eldist, þakki fyrir að vera komin úr aðstæðunum og lífið heldur áfram. Óheppilegt þó fyrir þá sem fara á eftir því ef ekki er hlustað þá breytist ekki neitt. Ég lofaði þessum börnum að vera málsvari þeirra. Ég lofaði að fara með málið lengra. Ef þau segja mér sögu af óréttlæti og ég get haft einhver áhrif á framgang mála þá geri ég það. Hvort sem það er að tala við skólastjórnendur eða bæjarstjórn, málið skal leysast og þetta barn skal fá að vita að einhver heyrði rödd þess og að því sé trúað.

Manstu hvernig það var að vera barn og segja frá einhverju sem gerðist og þér leið illa yfir en þér var sagt að þú værir að ímynda þér hlutina eða bara misskildir aðstæður? Af hverju má ekki draga orð fullorðins fólks í efa og hlusta á unglinga og bara kanna málið? Skilningur og túlkun aðstæðna og orða er misjafn en ef við köfum ekki ofan í málið þá breytist ekkert og ég segi stopp. Ég ætla hlusta og ég ætla breyta. Ég lofa þér því.

„Svo voru það stelpurnar sem lýstu fyrir mér vægast sagt ömurlegri framkomu fullorðins fólks sem átti að vera að leiðbeina þeim í „sumarbúðum“ en braut þær niður með svívirðingum, leiðindum og kvenfyrirlitningu.“

**VILTU SPYRJA UM KYNLÍF?**

Ef þú hefur spurningu um kynlíf þá getur þú sent Siggu Dögg póst og spurningin þín gæti birst í Fréttablaðinu.
sigga@siggadogg.is



1. ÁRS
CHUCK NORRIS GRILL
Á AFMÆLI Á MORGUN
FRÍR BURGER & KÓK
ALLAN DAGINN &
ÍS FYRIR KRAKKANA





OPIÐ TIL 01:00 ALLA DAGA
LAUGAVEGUR 30 / S. 561-3333

Kjötsmiðjan ehf KJÖTVINNSLA
Coca-Cola
Kjörís
PASSION REYKJAVÍK


Jóní Jónsdóttir, listakona býr í fallegri íbúð í miðbænum ásamt fjölskyldu sinni.

# HUGMYNDIR ÖÐLAST LÍF

**JÓNÍ JÓNSDÓTTIR, er fjölhæf listakona og hluti af þríeykinu Gjörningaklúbbnum. Frá barnæsku hefur listin togað hana til sín og kom aldrei önnur starfsgrein til greina. Hún segir Lífinu frá barnæskunni í sveitinni, samstarfinu við söngkonuna Björk Guðmundsdóttur og kraftaverkinu sem hún beið eftir í tíu ár.**





**Friðrika Hjördís Geirsdóttir**
umsjónarkona Lífsins | rikka@365.is

Jóní Jónsdóttir listakona sleit barnsskónum í Eyjafirðinum í stórum systkinahópi og bjó við þau forréttindi að geta hlaupið um í gróðurhúsum og gripið sér ferskt grænmeti í aðra höndina á milli þess sem hún hjálpaði til við sauðburðinn og naut lífsins í sveitinni. „Foreldrar mömmu voru garðyrkjubændur og foreldrar pabba voru fjárbændur í Eyjafirðinum. Ég segi stundum að ég hafi alist upp með það besta á disknum, lambakjötið og grænmetið.“ Frá átta til tólf ára aldurs fór Jóní í heimavistarskóla í sveitinni þar sem hún dvaldi á virkum dögum en kom svo heim um helgar. „ Það voru mikil forréttindi að fá að fara í heimavistarskóla, þarna var ég í umsjá góðs fólks og átti góðar vinkonur. Ég lærði að vera sjálfstæð og fann fyrir miklu öryggi á þessum stað. Það þurfti alveg að toga mig í burtu þegar við ákváðum svo að flytja suður,“ segir Jóní. Við tók nokkurt flakk sem endaði í Mosfellsbæ þar sem að móðir Jóníar býr enn. „Foreldrar mínir skildu þegar ég var tuttugu og sjö ára. Pabbi býr á Stokkseyri en hann er algjör sveitakall sem hefur aldrei flutt sína kennitölu til Reykjavíkur, Mosó var það næsta sem hann komst,“ segir Jóní og hlær.

Eftir að Jóní flutti suður tók við erfiður tími þar sem hún skipti oft um skóla og kom það fyrir að skiptin urðu á miðjum vetri. „Það var svolítið töff en ég var frekar góð í íþróttum og það hjálpaði mér í gegnum breytingarnar og erfiðleikana við það að vera nýja stelpan í bekknum. Krakkar geta verið svolítið óvægnir þegar ný manneskja mætir á svæðið. Eftir nokkur ár voru þó allir búnir að gleyma því að ég væri aðflutt. Og ég á mjög góðar vinkonur frá þessum tíma sem mér þykir æðislega vænt um.“

## Ólíkar birtingamyndir

Frá því að Jóní man eftir sér hefur listin átt hug hennar allan. „Mamma er mikil listakona og ég man eftir því að ég vaknaði eina nóttina sem barn og sá mömmu sitja á gólfinu með stóra svarta flauelspappírsörk fyrir framan sig. Á pappírinn hafði hún teiknað með krítum mynd af óhugnanlegri konu með snák um hálsinn. Þetta var greypt í huga mér og mér fannst þetta ótrúlega flott. Upp frá þessu vissi ég að ég vildi verða myndlistarkona. Örlögin og hvatning frá góðu fólki hafa líka á einhvern hátt stýrt mér í þessa átt.“ Eftir grunnskóla fór Jóní á listabraut í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti og þaðan í Myndlistarskólann. „Ég kláraði reyndar aldrei stúdentspróf en tók alla þá listakúrsa sem ég mögulega gat í skólanum. Ég sótti svo um í Myndlista- og handíðaskólanum og hugsaði að ef ég kæmist ekki inn þá myndi ég klára stúdentinn, en ég komst inn og þá varð ekki aftur snúið.“ Í Myndlistaskólanum kynntist Jóní þeim Eirúnu Sigurðardóttur og Sigrúnu Hrólfsdóttur sem saman stofnuðu svo hinn víðfræga Gjörningaklúbb. „Við byrjuðum að gera gjörninga á lokaárinu í skólanum, okkur datt ekki í hug að við yrðum enn að tuttugu árum síðar. Það var eitthvað sem fór í gang eins og snjóbolti sem rúllaði bara áfram.“ Það eru ófá málefnin sem þær stöllur í Gjörningaklúbbnum hafa sett sín fingraför á og túlkað á sinn einstaka hátt. „Oft koma hugmyndirnar fyrst og út frá því ákveðum við hvaða miðill hentar best fyrir verkið. Enginn miðill er okkur óviðkomandi. Þetta er mjög lífrænt og oftar en ekki öðlast hugmyndirnar sjálfstætt líf. Stundum verða t.d. til skúlptúrar út frá hugmynd sem átti upphaflega að vera búningur í gjörningi. Verk Gjörningaklúbbsins er eins og stórt ættartré þar sem hægt er að rekja skyldleikann á milli verkanna. Rauði þráðurinn í verkunum endurspeglar samt alltaf einhvers konar birtingarmynd af samfélagslegum þáttum, menningu, femínisma, húmor, persónulegum hlutum og því sem við höfum gaman af.“

## Samstarf við Björk

Gjörningaklúbburinn er nýkominn heim frá New York þar sem hann tók þátt í sýningu um Björk í MoMA, Museum of Modern Art. Á sýningunni eru tvö verk eftir Gjörningaklúbbinn. „Björk Guðmundsdóttir sá verk eftir okkur á sýningu sem við gerðum 2004. Verkið heitir „Hamur“ og er eins konar fuglshamur úr sokkabuxum með hekluðri grímu og hekluðum stígvélum. Það varð kveikjan að samstarfi okkar og má finna það verk ásamt búningi sem við hönnuðum fyrir hana í tengslum við Volta-plötuna sem kom út árið 2007 á MoMA.

Gjörningaklúbburinn er óhræddur við að prófa sig áfram og nota ný hráefni og nálgun við listsköpun sína. Þær hafa til að mynda búið til falleg listaverk úr lakkrís og marsípani, heklað búninga og sem fyrr segir notað sokkabuxur í túlkun sinni og framsetningu á hugmyndunum. „Ég held að það sé bara raunveruleg einlægni á bak við verkin okkar. Þetta kemur bara í flæði sem er eiginlega óútskýranlegt. Hugmyndirnar koma til okkar á mismunandi hátt, stundum erum við að kryfja eitthvað til mergjar sem á okkur brennur og stundum fáum við innblástur úr umhverfinu og lífinu almennt.“

Fram undan er stútfullt ár af viðburðum hjá klúbbnum, frumsýning á gjörningakvikmynd í Bíói Paradís 16. apríl, einkasýning í galleríi í Genúa á Ítalíu og margt

„Það varð kveikjan að samstarfi okkar og má finna það verk ásamt búningi sem við hönnuðum fyrir hana í tengslum við Volta-plötuna sem kom út árið 2007 á MoMA. “

fleira, en hróður þeirra fer sífellt víðar um heiminn. Aðspurð segist Jóní lítinn tíma hafa eins og er fyrir sína eigin persónulegu listsköpun en sér fyrir sér að sá tími gefist í nánni framtíð. „Ég hef undanfarið verið að vinna með danshöfundum og hannað búninga fyrir sýningar auk þess sem ég bætti við mig meistaragráðu í listkennslu. Það er aftur á móti bara svo mikið að gera núna hjá Gjörningaklúbbnum að tíminn til annarra verka er lítill. Svo er það einnig fjölskyldan sem ég vil veita athygli á þessu tímabili í lífi mínu.“

## Börn eru kraftaverk

Jóní er gift Lárusi Páli Ólafssyni, heimspekingi og laganema, og eiga þau saman soninn Frey sem nýverið fagnaði tveggja ára afmæli sínu. „Það er alveg ótrúlegt hvað svona lítil manneskja getur breytt lífinu til hins betra. Mér finnst stundum eins og líf mitt hafi áður verið litlaust og snautt en eftir tilkomu hans er það svo bjart og litríkt.“ Jóní segir að þau Lárus séu svona „late bloomers“ þar sem að þau hafi eignast barn eftir að hafa verið svo lengi saman og orðin dálítið fullorðin. „Ástæðan fyrir því er hreinlega sú að við gátum ekki átt börn þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir og margar glasafrjóvgunarmeðferðir. Það var svo ekki fyrr en að frjósemisgyðjan systir mín gaf mér egg að ég varð loks ólétt. Mér finnst bara svo ótrúlegt að svona lítil manneskja geti verið svona mikill karakter. Hann er svo stríðinn og með ofurheyrn,“ segir Jóní og hlær. „Hann er eins og hundur, hann heyrir þegar pabbi hans kemur inn götuna og þá stekkur hann út í glugga og kallar á mig og vill fela sig, til þess eins að stökkva fram og bregða honum í stríðniskasti þegar hann kemur inn um dyrnar.“ Það liggur í loftinu að mikil gleði umleikur Jóní og fjölskyldu hennar og lífið leikur við þau þrátt fyrir mikið annríki. „Það er bara allt miklu betra eftir að Freyr kom í heiminn og núna er ég bara í þeim fasa að koma lífinu aftur í ritma, svona eins og nýbakaðar mæður gera en það er meiri kraftur í mér og ég er jákvæðari og hugsa með tilhlökkun til framtíðarinnar. Ég er viss um að þetta er það besta sem kom fyrir okkur Lárus, við vorum búin að vera svo lengi í egóismanum. Svo kemur Freyr eins og tuska í andlitið, en hún er ekki blaut,“ segir Jóní með kómískum svip.

Jóní Jónsdóttir er einstök manneskja með frábæran húmor sem við hin sem á horfum fáum að upplifa í gegnum listsköpun hennar sem og vinkvenna hennar í Gjörningaklúbbnum. Það verður því forvitnilegt að fylgjast með því hvað okkar konu dettur í hug að gera næst, en það mætti ætla að það væri eitthvað óvænt og útreiknalegt.

## MYNDAALBÚMIÐ







Jóní, Freyr og Lárus Páll á góðri stundu, Jóní, ásamt vinkonum sínum í Gjörningaklúbbnum, Söngkonan Björk Guðmundsdóttir í búningi sem Gjörningaklúbburinn hannaði.

SVO KRÖFTUGT AÐ ÞAÐ FJARLÆGIR EINNIG FALDA FITU ÚR UPPÞVOTTAVÉLINNI ÞINNI!





Pönnukökur eru gómsætar á morgunverðarhlaðborðinu.

# DÖGURÐUR Í GÓÐRA VINA HÓPI

**Brunch eða dögurður eins og það heitir á íslensku er fullkomin máltíð sem sameinar bæði morgunmat og hádegismat. Dögurður nýtur mikilla vinsælda og ekki að ástæðulausu. Það er fátt betra en að byrja daginn með staðgóðum mat í góðra vina hópi og eru þá gómsætar pönnukökur ómissandi.**




**Hérna gefur Eva Laufey lesendum Lífsins frábærar uppskriftir úr þætti sínum Eldhúsið hennar Evu sem sýndur er á fimmtudagskvöldum á Stöð 2.**

### Amerískar pönnukökur

**5 dl hveiti**
**3 tsk. lyftiduft**
**½ tsk. salt**
**2 egg**
**4 dl AB-mjólk**
**2-3 dl mjólk**
**3 msk. smjör (brætt)**
**1 tsk. vanilla extract eða vanillusykur**
**1 msk. sykur**

1. Sigtið saman hveiti, lyftiduft og salt.
2. Bræðið smjör, leggið til hliðar og kælið.
3. Pískið egg og mjólk saman.
4. Næsta skref er að blanda öllum hráefnum saman í skál með sleif, ég blanda sykrinum saman við í lokin.
5. Leyfið deiginu að standa í 30-60 mínútur áður en þið steikið pönnukökurnar.
6. Hitið smá smjör á pönnukökupönnu og steikið pönnukökurnar í um mínútu eða tvær á hvorri hlið. Þær eru tilbúnar þegar þær eru gullinbrúnar.

Þetta er frábær grunnuppskrift að pönnukökum en stundum bæti ég eplum, bláberjum, bönunum eða súkkulaðispónum út í deigið. Prófið ykkur áfram með það hráefni sem ykkur finnst gott… pönnukökur eru einfaldlega ljúffengar!

„Á visir.is/matur er að finna fleiri frábærar uppskriftir úr þáttum Evu Laufeyjar“

### Bláberjasíróp

**3 dl sykur**
**3 dl appelsínusafi**
**3 dl bláber, fersk eða frosin**
**Rifinn börkur af hálfri sítrónu**

Hitið sykur og appelsínusafa í potti þar til blandan er orðin þykk, bætið þá bláberjum og berkinum af hálfri sítrónu út í og leyfið sírópinu að malla í 30 mínútur.








# BETRI HEILSA Á EINFALDAN MÁTA




Ljómandi með Þorbjörgu er nýr og fræðandi örþáttur sem hafið hefur göngu sína á Heilsuvísi. Þættirnir eru tíu talsins og fjallar hver þeirra um málefni sem snúa að bættri heilsu með einföldum hætti. Fyrsti þátturinn fjallar um fitu en hún er okkur lífsnauðsynleg.

Þorbjörg svarar spurningum sem okkur áhorfendur þyrstir að vita svarið við. Hvers konar fitu eigum við að borða og forðast? Getur fita verið grennandi? Hvaða fitu eigum við að innbyrða til þess að halda uppi jafnri orku allan daginn? Í hverjum þætti sýnir Þorbjörg okkur svo hvernig við getum matreitt dásamlegan og fljótlegan rétt með litlum tilkostnaði. Í þættinum sem fjallar um fitu gefur hún okkur uppskrift að kaffi sem er þess virði að vakna eldsnemma fyrir á morgnana. Ekki missa af næsta þætti næstkomandi fimmtudag á **www.visir.is/heilsa.**

### Bulletproof kaffi Tobbu

**200 ml gott kaffi eða sjóðandi vatn og 2-3 tsk. instant lífrænt kaffi**

**1 msk. ósaltað smjör eða Ghee-smjör frá Pukka**

**1 msk. lífræn og kaldpressuð kókosolía frá Himneskt**

**1 tsk. lífrænt kakósmjör frá Bulletproof**

Setjið allt hráefni saman í blandarann og blandið saman í 5-10 sekúndur. Hellið í stórt latte-glas og njótið.


Full búð af nýjum vörum
20-50%
afsláttur af öllum vörum
Tunika
stærðir 10 - 22
Verð áður 11.900 kr.-
Nú aðeins 6.990 kr.-
Kjóll
stærðir 38 - 46
Verð áður 22.900 kr.-
Nú aðeins 17.900 kr.-
Tunika
Litir:
svart - offwhite - coral
stærðir 38 - 44
Verð áður 12.900 kr.-
Nú aðeins 5.990 kr.-
Tunika
stærðir 10 - 22
Verð áður 11.900 kr.-
Nú aðeins 6.990 kr.-
COSMO
Kringlunni



Vor- og sumartískan í ár er kvenleg og litrík. Fögur efni eins og rúskinn og silki eru áberandi.

# VORLEG TÍSKA

**Tískuspekúlantar hafa sjaldan verið eins spenntir fyrir vor- og sumartískunni eins og þetta árið. Trendin eru hvert öðru fallegri og ber þá tískan frá 7. áratugnum þar hæst.**

Tískan fyrir vorið og sumarið 2015 er alveg einstaklega smekkleg og skemmtileg að mati okkar á Lífinu. Það sem stendur upp úr og er í raun nauðsynlegt að útvega sér, ef þú hefur áhuga á tísku, eru gallabuxur sem eru vel snjáðar og rifnar í kringum hnjásvæðið og svo eru það útvíðu gallabuxurnar sem eru innblásnar frá 7. áratugnum. Sá áratugur kemur víða við á tískupöllum nýliðinna sýninga og má þar sjá mikil áhrif frá þessum tíma, fljótandi og litríkir kjólar, kögur, rúskinn, há stígvél, litríkar rykfrakkar og síðast en ekki síst hlébarðamunstur í bæði fatnaði og fylgihlutum. Það er því spennandi vor og sumar fram undan.



Dýramunstur eru alltaf klassísk en þau eru einstaklega vinsæl í fylgihlutum í sumar.


Engir punktar, engin aukakort og ekkert vesen!

FÁÐU AFSLÁTT ÁN ÞESS AÐ BIÐJA UM HANN!

Allir áskrifendur sjónvarps- eða fjarskiptaþjónustu 365 fá nú sjálfvirkan afslátt hjá fjölda fyrirtækja og verslana án þess að þurfa að biðja um hann. Það eina sem þarf að gera er að skrá greiðslukort fjölskyldunnar í VILD á 365.is.

Vild

Skráðu þig á 365.is


# KÓKOSOLÍAN ER MÖGNUÐ

Það hefur fyrir löngu verið sannreynt að kókosolían er til margra hluta nýtileg. Ef nota á kókosolíu á líkamann eða til inntöku er allrabest að hún sé kaldpressuð og lífræn.

**Kókosolían er frábær kostur sem**

**● LÍKAMSSKRÚBBUR**
Bræddu 100 grömm af kókosolíu og blandaðu henni við 50 grömm af fínmöluðu salti. Saltið hjálpar til við að fjarlægja dauðar húðfrumur og olían mýkir húðina.

**● FARÐAHREINSIR**
Kókosolían er frábær andlitshreinsir. Berðu olíuna á húðina og láttu hana standa í mínútu, þurrkaðu hana af með mjúkum pappír og þvoðu andlitið með ylvolgu vatni.

**● NAGLABANDAOLÍA**
Settu smá kókosolíu í litla kremdollu og taktu með þér í vinnuna eða skólann. Berðu olíuna reglulega á naglaböndin til þess að halda þeim mjúkum.

**● SLEIPIEFNI**
Kókosolían er afburðargott sleipiefni við ýmis skemmtileg tækifæri.

**● DJÚPNÆRING**
Settu smá kókosolíu í þurra hárenda og sofðu með hana í hárinu. Þvoðu hárið eins og venjulega morguninn eftir.




Við eigum
5 ára
afmæli!
20-50%
afsláttur
af öllum vörum!
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
DRANELLA
PULZ
BENEDIKTE UTZON
MOS MOSH

## Instagram



### Summer

**instagram.com/summer**

Nú er sólin farin að hækka á lofti og marga farið að lengja eftir sumrinu. Til að flýta aðeins fyrir okkar langþráða sumri má skoða þessar fögru myndir og fá smá sólskin inn í hjartað því hér eru bara myndir sem minna á sumar.

## facebook



### Stain removal 101

**www.facebook.com/stainremoval101**

Ein þriggja barna móðir tekur hér saman helstu ráðin til að eyða heimsins erfiðustu blettum af flíkum og heimilinu. Klárlega ómissandi að líka við þessa og fylgjast með og deila fróðleiknum áfram.

## Pinterest



### Total beauty

**www.pinterest.com/totalbeauty**

Hér hafa sérfræðingar í heimi alls sem er móðins tekið saman heitustu trendin í hári, tísku, snyrtivörum og förðun.

## HLAÐVARP



### All in the Mind

**www.abc.net.au/radionational/programs/allinthemind/**

Heilinn og hegðun er til umfjöllunar í hálftíma löngum þáttum á þessu hlaðvarpi og er fjallað um allt frá draumum til þunglyndis, minnis og sálfræðimeðferðar. Þættirnir hafa hlotið margvísleg alþjóðleg verðlaun svo nú er um að gera að hlaða niður, opna hugann og hlusta.

# VEFSÍÐAN IKEA VÖRUR Í ÖÐRUM BÚNINGI

### Ikea hackers

**www.ikeahackers.net**

Þessi síða er frábær fyrir alla þá sem luma á mublu frá IKEA og langar til að fríska upp á hana eða jafnvel gefa henni alveg nýtt notagildi. Hér eru ótal hugmyndir um hvernig megi breyta hillum í borð og blaðagrindum í ávaxtaskálar. Þessi síða er algjörlega ómissandi og fær þig til að sjá IKEA-húsgögn í alveg nýju ljósi.










# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

**HELDRI FÁKSMENN**
Hittast næst laugardaginn 11. apríl (ekki nk. laugardag) í Guðmundarstofu kl. 10:30 Sjáumst þá hress og kát.

## Nudd



**PÁSKATILBOÐ 20% AFSL. Á TANTRA NUDDI**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S.698 8301 www.tantra-temple.com

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**Rauða Torgið**
Sönn tilbreyting • Heit ævintýri
Stefnumót: 905-2000 • 535-9920
Konur, allt frítt í s. 555-4321
Karlar auglýsa frítt, 535-9922
Heitar kynlífssögur
905-2002 • 535-9930
Símadömur • live spjall
908-6000 • 535-9999

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.
**gsm 777 1313**
**leiga@leiguherbergi.is**

Stúdíóíbúð til leigu á góðum stað. Hentar námsmönnum vel. Uppl. í s. 853 6683

**TIL LEIGU Á AÐEINS 950 KR FM!**
Kistumelar 16, 116 Reykjavík 165 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsluhurðir, góð malbikuð lóð og greið aðkoma.
**Uppl. veitir Hafsteinn í s. 690-3031**

Tæpl. 30 fm kj.íbúð til langtímaleigu miðsvæðis. Sérinngangur, eldhús/ sturta, hol, svefnherb. og snyrting. Verð 70 þús. m. hita og rafmagni. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Gæludýr ekki leyfð. 3ja mán. trygging. Íbúðin er laus frá 1. maí 2015. Uppl. í 842 2908.

3ja herb, íbúð m/bílskúr til leigu í austurbæ Kópavogs. Langtímaleiga. Uppl. í s. 892 9656

## Sumarbústaðir

**Hellatún í Ásahreppi í Rangárvallsýslu.**



Parhús (154,4fm) með tveimur íbúðum 67.8fm og 86,6fm, byggt úr holsteini 1944.
Húsið stendur á eignarlóð.
FRÁBÆRT HÚS Í FERÐAÞJÓNUSTU.
Húsið er án innréttinga, gólfefna en með hita og rafmagni.
Skipt hefur verið um glugga og gler að hluta. Hitaveita.
SKOÐA AÐ TAKA BÍL eða HJÓLHÝSI UPPÍ HLUTA KAUPVERÐS. V. 9,9 m.
Allar nánari uppl. veitir Steinar S: 898-5254

## Geymsluhúsnæði

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers frá 3000 kr mán. Langtímasamningur í boði. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLURTILLEIGU.IS**
Nýjar sérhannað 300 geymslur, stærðir 1,7-7,2 fm. Opnunartilboð: Fyrsti mánuðurinn frír. Aðgangur 24 tíma sólarhrings, upphitað og vaktað. Smiðjuvegur 4 Kópavogi. S: 4143000.

**SUMARTILBOÐ GEYMSLULAUSNIR.IS**
Verð frá 2900kr.mán Sækjum og sendum. S: 615-5005

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**AFGREIÐSLUSTARF**
Við óskum eftir manneskju í afgreiðslu í verslun okkar. Viðkomandi þarf að hafa góða þjónustulund, vera góðu/ur í samskiptum og hafa þekkingu á vefnaðarvöru. Ef þig langar að vinna á lifandi vinnustað
**Endilega sendu inn umsókn á kolbrun@vogue.is**

**VÉLAVERKSTÆÐI**
Vanur maður eða lagtækur óskast við viðgerðir og smíðar. Góð laun í boði.
**Umsóknir sendist á thjonusta@365.is ásamt símanúmeri og uppl. Merkt: „Vélverkstæði"**

Starfskraft vantar í Sauðburð frá 25.apríl - út mai. Uppl. í s. 487 4791.

## námskeið

**STANGVEIÐIMENN/KONUR ATHUGIÐ**
Námskeið í fluguköstum hefst sunnudaginn 12. apríl í TBR húsinu, Gnoðarvogi 1, kl. 20:00.
**Kennt verður 12 - 19 og 26. apríl og 3. maí.**
Námskeiðin eru þessir fjórir sunnudagar.
Við leggjum til stangir, skráning á staðnum, gegn greiðslu.
Mætið tímanlega munið eftir inniskóm.
**Verð 16.000 kr enn 14.000 kr til félagsmanna.**
Uppl. í síma **894 2865** Gísli • KKR, SVFR og SVH

## fundir / mannfagnaður

**Aðalfundur**
birta landssamtök
Aðalfundur Birtu landssamtaka foreldra/forráðamanna barna/ungmenna sem látist hafa fyrirvaralaust, verður haldinn í Grafarvogskirkju laugardaginn 11. apríl 2015 og hefst kl. 14:00.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is





# TÖLVUTILBOÐ

## LEIKJATURN MEÐ LENGRI ÁBYRGÐ

Fullkomin borðtölva með 3 ára ábyrgð á móðurborði og skjákorti. Intel i3 örgjörvi ásamt Nvidia 750Ti skjákorti sem hentar vel í leikjaspilun og margmiðlun. 8GB vinnsluminni tryggir aukinn hraða. Stór 1TB harður diskur fyrir gögnin. Frábær og nett borðtölva á lækkuðu verði.

SKJÁKORT MÓÐURBORÐ 3 ÁRA ÁBYRGÐ ÁBYRGJUMST ÁREIÐANLEIKA

SÉRTILBOÐ

**119.990**

VERÐ ÁÐUR 134.935



## INTEL i5 HASWELL



Toshiba kraftur og gæði. Traustar 15,6“ fartölvur með kraftmiklum Intel i5 Haswell örgjörva sem tryggir ofurhraða vinnslu. Intel HD 4400 skjákort og þráðlaust AC netkort sem tryggir allt að þrefalt hraðara þráðlaust net.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 99.990

TOSHIBA

TOS-L50B1WJ TOS-L50B1Z0

## 8“ OG FJÖGURRA KJARNA SPJALDTÖLVA



Langvinsælasta spjaldtölvan okkar með Quad core örgjörva og 1024x768 punkta upplausn. Nýja Android 4.4 Kit Kat stýrikerfið. Einstakt verð fyrir jafn öfluga spjaldtölvu. Vinsæl fyrir börnin í leikina.

**16.990**

nextbook

NEX-NX785QC8G

## ÓTRÚLEGT VERÐ FYRIR 13,3“ FARTÖLVU



Hagkvæmasta 13,3“ fartölvan okkar með Intel örgjörva. Hentar vel í netnotkun og létta almenna vinnslu.

**49.990**

VERÐ ÁÐUR 54.990

acer

ACE-NXMRTED009

## FARTÖLVA OG SPJALDTÖLVA Í EINNI TÖLVU



30.000 KRÓNA FERMINGARAFSLÁTTUR

Létt og meðfærileg fjögurra kjarna Intel fartölva með snertiskjá sem hægt er að breyta í stóra 13,3“ spjaldtölvu með einum smelli.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 119.990

TOSHIBA

TOS-L30WB10D

## HRAÐVIRK MEÐ INTEL PENTIUM OG SSD



Ótrúlegt fermingartilboðsverð fyrir fartölvu með Intel Pentium örgjörva, 8GB vinnsluminni og 120GB SSD diski.

**89.990**

VERÐ ÁÐUR 109.990

acer

ACE-NXMPHED011

tl.is

## 150 GERÐIR AF FARTÖLVUM, BORÐTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM!




**OPIÐ**

Virka daga 10-18

Laugardaga 11-16

TÖLVU LISTINN

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES |
|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 |


Stöð 2 er hluti af 365


GAME OF THRONES
ÍSLAND · BANDARÍKIN
13.04.15
FRUMSÝNING KL. 01:00 AÐFARANÓTT MÁNUDAGS
ENDURSÝNING KL. 21:40 MÁNUDAG
HBO
Undirbúðu þig fyrir átökin með fyrstu fjóru þáttaröðunum á Stöð 2 Maraþon.
Tryggðu þér áskrift á 365.is eða í síma 1817.
SPORTS DIRECT.com
Gull
©2015 Home Box Office, Inc. All rights reserved. HBO® and all related programs are the property of Home Box Office, Inc.

# MENNING

# Framsækin myndlist um alla borg

Myndlistarhátíðin Sequences VII verður opnuð í dag. Hún hefst í Kling&Bang á Hverfisgötu 42 og Nýló Núlli í Bankastræti 0.

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is

„Við fengum Alfredo Cramerotti frá Ítalíu sem sýningarstjóra og hann bauð listamönnum að þessu borði út frá sínum hugmyndum. Hann hefur aldrei komið hingað til lands fyrr en í tengslum við þetta verkefni en það er mikilvægt að njóta hans þroskuðu augna, reynslu og tengslanets,“ segir Edda Kristín Sigurjónsdóttir, aðstoðarsýningarstjóri myndlistarhátíðarinnar Sequences VII, sem hefst í dag, föstudag, og stendur til 19. apríl. „Eðli myndlistar er löng meðganga en hún byggist þó á því að vera sýnileg og umfram allt góð,“ segir Edda Kristín. Hún tekur fram að Sequences sé haldin annað hvert ár og hafi að markmiði að skapa vettvang fyrir framsækna myndlist á borð við gjörninga, hljóðlist og vídeólist.

Opnunarhátíðin er í Kling&Bang á Hverfisgötu 42 í dag klukkan 17 og hefst með opnun sýningar verka Carolee Schneemann sem er heiðurslistamaður Sequences VII. „Schneemann er ein af framsæknustu myndlistarmönnum samtímans og sú sem aðrir myndlistarmenn og sviðslistamenn sækja innblástur til. Þótt hún sé á áttræðisaldri er hún full eldmóðs og mikils virði fyrir heiminn,“ lýsir Edda Kristín. Á sýningu hennar eru meðal annars ljósmyndir af verkinu Eye Body sem Erró tók fyrir Schneemann og upptaka af viðtali við hana sem tekið var af listfræðingnum Hans-Ulrich Obrist. Samhliða sýningu Schneemann mun Hanna Kristín Birgisdóttir opna sýningu í Kling&Bang og hún ætlar að flytja gjörning á opnuninni.

> **Schneemann er ein af framsæknustu myndlistarmönnum samtímans og sú sem aðrir myndlistarmenn og sviðslistamenn sækja innblástur til.**

Sequences VII teygir sig um alla borg. Auk Kling&Bang má nefna Bíó Paradís og Hverfisgallerí. Einnig verður nýr sýningarstaður Nýlistasafnsins opnaður í dag í Bankastræti núll, þar sem almenningsklósett voru í áraraðir og þar sýnir Ragnar Helgi Ólafsson. „Staðurinn heitir Nýló Núllið. Þar með hefst ný saga neðanjarðar,“ segir Edda Kristín glaðlega og bætir við að Sequences Baby Doll barinn verði líka opnaður í Mengi á Óðinsgötu. Opnunarhátíðin stendur fram á sunnudag. Níu listamenn sýna þá í JL húsinu þar sem Nóatún var áður og Nýló í Breiðholti lætur ekki sitt eftir liggja. Boðið verður upp á reglulega gjörninga á Hótel Holti, til veislu úti á Granda og svo má lengi telja.

Dagskrá Sequences VII og nánari upplýsingar má finna á www.sequences.is.



**AÐSTOÐARSÝNINGARSTJÓRINN** „Eðli myndlistar er löng meðganga en hún byggist þó á því að vera sýnileg og umfram allt góð,“ segir Edda Kristín. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í DAG KL. 9-21
SÖFNUM VIÐ TIL GÓÐGERÐARMÁLA
JACK & JONES
VERO MODA
name it
SELECTED FEMME / HOMME
VILA CLOTHES
GIVE-A-DAY
BESTSELLER

# Nýtt verk Jóhanns G og fleira gott

Íslensk og erlend lög af fjölbreyttu tagi verða flutt í Norræna húsinu á tónleikum í röðinni 15:15 á sunnudag undir yfirskriftinni Litríkir tónar.

„Við kinkum kolli í átt að djassi, blús, barokki og kunnuglegum dansrytmum svo þetta verða litríkir tónar,“ segir Eydís Franzdóttir óbóleikari glaðlega þegar hún er innt eftir efni tónleikanna 15:15 í Norræna húsinu á sunnudaginn. Þar spilar Eydís með kvartettinum Dísunum sem í eru, auk hennar, þær Bryndís Pálsdóttir fiðluleikari, Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Bryndís Björgvinsdóttir sellóleikari. Einnig leikur Steef van Oosterhout á slagverk.

„Við frumflytjum verkið What the Heck? sem Jóhann G. Jóhannsson samdi fyrir okkur. Það er glænýtt og bráðskemmtilegt,“ lýsir Eydís. „Þau Herdís Anna og Steef flytja líka verkið Fimm lög frá Gautlöndum sem Snorri Sigfús Birgisson vann upp úr gömlum þjóðlögum sem afasystir Herdísar Önnu söng á sínum tíma inn á band. Einnig verður kvartett eftir finnska tónskáldið Rautavaara og kvikmyndatónlist Nino Rota sem Jóhann G. setti saman í eina syrpu.“ - gun



**JÓHANN OG FLYTJENDURNIR** Jóhann G., Bryndís, Eydís, Bryndís Björgvins, Herdís Anna og Steef.




TILBOÐ
Við bjóðum takmarkað magn af Miele þvottavélum og þurrkurum á sérstöku tilboðsverði.
Gildir á meðan byrgðir endast.
✔ Íslenskt stjórnborð
✔ Íslenskar leiðbeiningar
Þvottavél: verð frá kr. 139.900
Þurrkari: verð frá kr. 114.900



Miele Besta vörumerkið í Þýskalandi 2015
EIRVÍK
Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

# EKKI MISSA AF ÞESSUM!




**1.**
Metsölulisti
Eymundsson

## DANSKUR EÐALKRIMMI!

„Blædel kemur lesandanum í opna skjöldu á hárréttum augnablikum og óhugnaðurinn eykst jafnt og þétt.“
★★★★ Politiken

„Þú rífur söguna í þig á einum degi og hugsar um hana lengi á eftir.“
Oprah

**Gleymdu stúlkurnar**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-




## ALVÖRU TRYLLIR!
### SÖNN SAGA FRÁ SVÍÞJÓÐ

„Áhugaverðasti krimminn á svæðinu. Mjög vel skrifað og byggt, það er allt þarna sem á að vera í krimma. Fín bók.“
Friðrika Benónýs, Kiljunni

**Dansað við björninn**
Vildarverð: 3.599.-
Verð: 3.899.-




**Britt-Marie var hér**
Vildarverð: 3.299.-
Verð: 3.699.-

## ÞÚ HLÆRÐ
### OG GRÆTUR!

„Ég mæli hiklaust með Britt-Marie var hér.“
Menningarvitinn.is

„Þú munt hvað eftir annað hlæja upphátt við lesturinn, finna fyrir hlýju og stöku tár munu falla á blaðsíðurnar.“
Hemmets Veckotidning

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 14b, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Flugstöð Leifs Eiríkssonar

Penninn Eymundsson
540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími Vildarverða er frá 10. apríl, til og með 13. apríl. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.



# FÖSTUDAGUR 10. APRÍL

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

### Tónleikar

**12.15** Ókeypis hádegistónleikar Tríós Reykjavíkur á Kjarvalsstöðum. Flutt verða píanótríó eftir Mozart og fiðlu/píanósónata eftir Brahms.

**17.00** 10. apríl gefur **Máni Orrason** út sína fyrstu plötu sem heitir Repeating Patterns. Af því tilefni tekur Máni nokkur lög í Lucky Records, Rauðarárstíg.

**21.00** Frumherjar Rokksins AUKATÓNLEIKAR í Salnum, Kópavogi 10. apríl kl. 21.00. Miðasala á midi.is, verð 3.900kr.

**22.00** Kontinuum og Casio Fatso á Bar 11. Um heimsviðburð er að ræða þar sem hljómsveitirnar Kontinuum og Casio Fatso spila á Bar 11 og kynna nýju plöturnar sínar.

**22.00** Kontinuum og Casio Fatso á Bar 11. Um heimsviðburð er að ræða þar sem hljómsveitirnar Kontinuum og Casio Fatso spila á Bar 11 og kynna nýju plöturnar sínar.

**23.30** Trúbadorarnir Krummafótur í Gamla kaupfélaginu. Dúettinn Krummafótur heldur uppi góðri stemmingu allt kvöldið. Frítt inn.

**23.30** Funk Rock hljómsveitin Electric Elephant á Íslenska rokkbarnum. Bandið er úr Hafnarfirði og Árbæ og hefur hlotið mikla athygli á skömmum tíma. FRÍTT INN.

### Opnanir

**17.00** Opnunarpartí Suitup Reykjavik á Laugavegi 42b. Formleg opnun verslunarinnar Suitup Reykjavík. Allir velkomnir.

**17.30** Opnun Listar án landamæra 2015 í Ráðhúsi Reykjavíkur. Kynnar í ár verða Maggi Mix og Salka Valsdóttir úr Reykjavíkurdætrum.

### Hátíðir

**13.00** Verkfræðingafélag Íslands heldur Dag verkfræðinnar hátíðlegan á Hilton Reykjavík Nordica. Markmiðið er að kynna verkfræðina, störf verkfræðinga og efla tengsl meðal íslenskra verkfræðinga.

### Pub Quiz

**18.00** Drekktu betur númer 608 verður haldið á Ölstofu Kormáks og Skjaldar, föstudagskvöldið 10. apríl. Gleði, gleði.

### Málþing

**09.00** Opið málþing um lokaverkefni BA-nema í uppeldis- og menntunarfræði. Málþingið er haldið í Bratta í Stakkahlíð þann 10. apríl, kl 9.00-17.00. Kaffi og kökur verða í boði.

### Uppistand

**20.00** Uppistand og tónleikar í Vonarhúsi SÁÁ í Efstaleiti. **Dóri DNA,** tónlist frá Hinemoa og happdrætti. Húsið opnað kl. 19.30, 1.500 kr inn. Allur ágóði fer í að styrkja þýðingu á bókmenntum fyrir fíkla.

**21.00** Pétur Jóhann Sigfússon í Félagsheimilinu í Bolungarvík með sýninguna sína „Pétur Jóhann óheflaður“ föstudagskvöldið 10. apríl.

**22.00** Uppistand á A.Hansen. Fram koma Ólafur Freyr, Anton Logi, Soffía Karls, Einar Westlund, Sigurður Anton, Gísli Pálmason og Þorgrímur Guðni.

### Tónlist

**20.00** Samsöngur í Hannesarholti að Grundarstíg 10. Aðgangseyrir 1.000 krónur. Í boði að mæta fyrr og panta súpu og heimabakað brauð í veitingastofunum á 1.hæðinni.

**21.00** Blokk á Akureyri Backpackers Í tilefni AK Extreme. Intro Beats, Housekell (Borg), Símon FKNHNDSM, Jonbjorn & Viktor Birgiss (Lagaffe Tales) Frítt inn.

**23.00** Magnús R. Einarsson og félagar leika og syngja á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Föstudaginn 10. apríl. Aðgangur er ókeypis.

### Fyrirlestrar

**20.00** Pálína Ásgeirsdóttir sálfræðingur heldur fyrirlestur sem hún nefnir: Núvitund í daglegi lífi, í húsi Lífspekifélags Íslands, Ingólfsstræti 22.

### Myndlist

**12.00** Föstudaginn 10. apríl opnar Ásrún Kristjánsdóttir sýningu í Gallery Bakarí. Sýningin stendur frá 10. til 20. apríl. Opið virka daga frá 12-18, laugardaga frá 12-16.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*

## EKKI MISSA AF

**Dóri DNA**
**Vonarhúsið**



Dóri DNA er einn þeirra sem koma fram á góðgerðarkvöldi SÁÁ í Vonarhúsinu í kvöld.





Blár apríl er árlegt vitundarátak Styrktarfélags barna með einhverfu og er föstudagurinn 10. apríl að þessu sinni tileinkaður átakinu. Við hvetjum þig til að finna blátt í þínu umhverfi, smella af mynd og deila með okkur á Facebook og Instagram, merkt **#blarapril.**

Blár er alþjóðlegur litur einhverfu. Rétt eins og blæbrigði bláa litarins eru birtingarmyndir einhverfu óteljandi því hver einstaklingur hefur sinn stað á rófinu með öllum þeim áskorunum sem einhverfu fylgja.

Styrktarfélag barna með einhverfu
902 10 10

# Nýtt myndband Bang Gang frumsýnt í dag

Hljómsveitin Bang Gang gefur út nýja plötu í byrjun sumars og í dag verður fyrsta myndbandið frumsýnt.



BARÐI JÓHANNSSON

Í dag frumsýnir Bang Gang nýtt myndband við lagið Out of Horizon, en lagið er af nýju plötunni The Wolves Are Whispering sem kemur út 9. júní. Myndbandið var frumsýnt í dag á heimasíðu ítalska Rolling Stone, frönsku síðunni Les Inrocks og á síðu þýska tímaritsins Kaltblut.

Myndbandið var tekið upp í Kólumbíu og var gert af leikstjóranum Luis Vanegas. „Þetta myndband vann keppni sem við gerum í gegnum síðuna Genero. Þar bárust um



**ÚR MYNDBANDINU** Stilla úr myndbandinu sem frumsýnt verður í dag.

fimmtíu hugmyndir,“ segir Barði Jóhannsson í Bang Gang. Hann segir myndbandið hafa passað fullkomlega við lagið og plötuna. „Platan er í dekkri kantinum og myndbandið er það líka. Ég valdi það því mér finnst það passa fullkomlega í heim plötunnar, eiginlega eins og bíómynd. Kannski tengjumst við einhverju hugskeytasambandi milli Íslands og Kólumbíu, því þetta er nákvæmlega eins og ég hefði viljað,“ segir Barði og hlær.

> **Platan er í dekkri kantinum og myndbandið er það líka.**

Með Barða á nýju plötunni eru góðir gestir og má þar nefna Helen Marnie úr Ladytron, Keren Ann, Bloodgroup og Jófríði Ákadóttur úr Samaris. Eins bregður fyrrverandi söngkonu sveitarinnar, Esther Talíu Casey, fyrir í bakröddum í tveimur lögum. Annað þeirra er einmitt Out of Horizon. - asi



**STJARNA** Steinunn stígur á svið ásamt hljómsveit í hádeginu í dag.

## Steinunn syngur lög Sigfúsar

Steinunn Ása Þorvaldsdóttir, ætlar að sýna á sér nýja hlið í dag, þegar hún stígur á svið á hádegistónleikum í Laugarneskirkju í hádeginu í dag. Þar mun hún syngja lög Fúsa, Sigfúsar Halldórssonar, með lítilli hljómsveit og tveimur öðrum söngkonum, þeim Hildigunni Einarsdóttur og Þórunni Elínu Pétursdóttur. Steinunn, sem er þekktust fyrir að vera ein af sjónvarpsstjörnunum í þáttunum Með okkar augum, ætlar að gefa allan ágóða af tónleikunum til líknardeildar Landspítalans í Kópavogi. Aðgangseyrir er 1.500 krónur og hefjast tónleikarnir klukkan 12 og standa yfir í hálftíma. - asi



**NIÐUR Í NÚLLIÐ** Ragnar Helgi Ólafsson verður fyrstur til að sýna í Bankastræti núll.

## Opna sýningarrými í Núllinu

Nýlistasafnið hefur tekið yfir salernin í Bankastræti núll og breytt þessu gamla salerni í sýningarrými. „Þetta hefur verið ónotað í þó nokkurn tíma. Þetta er óvenjulegt rými og ég vona að þetta verði ánægjulegt fyrir gesti að sjá það í nýju ljósi,“ segir Þorgerður Ólafsdóttir, formaður Nýlistasafnsins. Salernin í Bankastræti núll hafa verið friðuð þannig að engu hefur verið breytt. „Það er mikil virðing borin fyrir innréttingunni, svo einu breytingarnar eru að öll salerni voru fjarlægð, nema eitt sem verður notað sem slíkt. Karlasalernið var gert upp fyrir nokkrum áratugum, en kvennasalernið er í upprunalegri mynd.“

Gert er ráð fyrir að hafa sýningarrýmið opið í vor, sumar og í haust. Fyrstur til að sýna í rýminu er listamaðurinn Ragnar Helgi Ólafsson, sem sýnir myndbandsinnsetninguna The apparent impossibility of zero. Sýningin verður opnuð klukkan 18.30 og er gengið inn kvennasalernismegin þar sem aðgangur að karlasalerninu er lokaður af öryggisástæðum. - asi






Afgreiðslutími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •




**Afgreiðslutími í Bónus:** Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00 •

# Hæfileikabúntin takast á í síðasta skipti

Guðrún Ansnes Þorvaldsdóttir
gudrun@frettabladid.is

Á sunnudagskvöld munu úrslit Ísland Got Talent verða kunngjörð. Alls keppa sex atriði til úrslita og er óhætt að fullyrða að mikið verður um dýrðir, enda til mikils að vinna. Sigurvegarinn fer nefnilega heim með tíu milljónir króna upp á vasann. Stresskóst og stuðstemning einkenna þennan stórkostlega hóp sem án nokkurs vafa á eftir að skemmta landsmönnum um ókomna tíð. Fréttablaðið hafði samband við önnum kafið keppnisfólkið og í dag kynnumst við örlítið öðruvísi hliðum á helmingi keppendanna.



**PRÆLSPENNT** Blessunarlega mun Alda spreyta sig á raddböndunum en ekki tuskunni á sunnudag, en hún hefur megna óbeit á því síðarnefnda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

ALDA DÍS ARNARDÓTTIR

## Barngóði söngfuglinn úr Snæfellsbæ

Alda Dís var sú allra fyrsta til að komast í úrslitin. Hún gerði heiðarlega tilraun til að verða viðskiptafræðingur og stefndi á níu til fimm starf, en játaði sig sigraða fyrir listagyðjunni og fylgdi hjartanu. Söngurinn á hug hennar allan en milli þess gætir hún barna á Laufásborg, fjarri heimahögunum í Snæfellsbæ.

**Leiðinlegasta húsverkið sem ég lendi í: Purrka af. Engin spurning.**

**Þær tíu milljónir sem ég fæ í verðlaun, ef ég vinn, ætla ég að nota til að: Fara í tónlistarnám erlendis.**

**Ef ég yrði skilin eftir á eyðieyju, en fengi að grípa með mér þrennt myndi ég velja: Hníf, kærastann og svo myndi ég velja mat.**



**HJÓLA Í ÞETTA** Hér er öryggið sett á oddinn, enda töluverð áhætta tekin þegar menn dansa við hjólin sín svo listilega.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

BMX BRÓS

## Óska eftir stelpum í BMX hjólaklúbbinn

Benedikt Benediktsson og Magnús Bjarki Þórlindsson, BMX Brós, hjóluðu ekki á garðinn þar sem hann var lægstur. Þeir hafa hjólað hringinn í kringum landið á BMX-hjólunum sínum og sakna sárlega fleiri stelpna í sportið. Drengirnir lofa enn meiri áhættu, meiri hamagangi og fleiri brögðum á úrslitakvöldinu.

**BENEDIKT: Heimsins besti matur er: Mexíkóskur. Stjörnumerkið er: Bogmaður. Húsverkið sem gengur af mér dauðum: Að fara út með þetta rusl.**

**MAGNÚS: Ef ég mætti velja eitt starf yrði draumastarfið: Geimfari. Uppáhaldsdómarinn minn í keppninni er: Selma. Hún hefur svo mikinn áhuga á þessu sporti. Maður sér það. Ef ég yrði skilinn eftir á eyðieyju, en fengi að grípa með mér þrennt myndi ég velja: Sólarolíu, bók og sundskýlu.**






AGLA BRÍET EINARSDÓTTIR

## Sultuslaka stórsöngkonan

Agla Bríet er yngsti keppandi Ísland Got Talent en hún er þrettán ára gömul. Hún segir skólann ekki flækjast svo fyrir sér og segir ekki laust við að fjölskylda og vinir séu næstum spenntari en hún. Hana dreymir um að verða söngkona og vonar innilega að það komi til með að verða að veruleika eftir þátttökuna í keppninni.

**Besti maturinn sem ég fæ: Sushi.**

**Allra leiðinlegast húsverkið sem ég er látin gera: Að setja í uppþvottavélina.**

**Ef ég yrði skilin eftir á eyðieyju, en fengi að grípa með mér þrennt myndi ég velja: Gítarinn minn, svolítinn mat og eitthvað gott að lesa.**



**HLAKKAR TIL** Agla Bríet er vel undirbúin fyrir átökin og mun gefa sig alla í sönginn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

→ Fjallað verður um hin þrjú atriðin í Fréttablaði laugardagsins


HJÓLAÐU
INN Í SUMARIÐ
30%
AFSLÁTTUR
AF VÖLDUM HJÓLUM
HJÓLIN ERU Í SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ
ÚTILÍF
síðan 1974
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is


VALENTINO


ETRO


LOUIS VUITTON


ETRO

# TREND FRJÁLSLEGUR BÓHEMFÍLINGUR


VALENTINO


ETRO


VALENTINO

Þetta fer allt að hafast, veturinn er að kveðja og vorið er svo sannarlega á næsta leiti. Með hækkandi sól tökum við upp léttari klæðnað. Á tískupöllunum fyrir sumarið var mikið um léttar, skrautlegar flíkur í bóhem-stíl, sem fara einstaklega vel við rúskinnstískuna sem mun verða svo vinsæl í sumar.


TOMMY HILFIGER

VILTU NÁ FORSKOTI?
OPIÐ FYRIR UMSÓKNIR Í MEISTARANÁM
Verið velkomin á kynningu á meistaranámi við allar deildir HR í dag kl. 12.
HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



# THOMSON

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




ClearMotionIndex 100Hz

DVB T2/C

**Flott og vel búið sjónvarp á frábæru tilboði.**

**Thomson 40FZ5534**

**79.990**

VERÐ ÁÐUR **99.990**

**Örþunnt og öflugt**
Háskerpu myndgæði með öflugum PureImage3 örgjörva, 1920x1080 Full HD upplausn, MegaContrast og 100Hz Clear motion index.

**Notendavænt snjallsjónvarp**
Tækið er með þráðlausu neti, styður gagnvirka HbbTV möguleika og er með innbyggðum netvafra.

**Fullt af möguleikum**
Tækið getur tengst netkerfi hússins, er með stafrænum móttakara, tveim USB tengjum, þrem HDMI tengjum auk tengis fyrir heyrnartól.

CI+ · HD TV 1080p · Smart TV · MEGA contrast · HbbTV · COLOR extender · Pure image3 Intelligent HD Engine · dlna · A++ · USB multimedia browser · DIGITAL pure sound · eco mode

***Fleiri sjónvarpstilboð á sm.is***

# Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**










# Skipulagsráðherra ríkisins

**BAKÞANKAR**
Guðmundar Kristjáns Jónssonar



Forsætisráðherra ákvað á dögunum að sýna þjóðinni í verki af hverju honum tókst ekki að ljúka námi sínu í skipulagsfræðum við Oxford á sínum tíma. Það sem margir héldu að væri aprílgabb virðist eftir allt saman hafa verið viðleitni ráðherrans til að viðurkenna veikleika sína. Einlægni er sannarlega ekki öllum gefin og því er stundum nauðsynlegt að taka viljann fyrir verkið.

**ÞAÐ ER** reyndar spurning hvort alþingismenn og -konur eigi að tjá sig um skipulagsmál í Reykjavík á sama tíma og Alþingisreiturinn sjálfur er ein rjúkandi rúst. Stærstur hluti reitsins er nýttur sem óskipulagt bílastæði, horn Vonarstrætis og Tjarnargötu er víggirt malarplan eftir fornleifauppgröft sem lauk árið 2012 og Kirkjustrætið er nær ófært gangandi vegfarendum þar sem búið er að girða fyrir gangstéttina. Flestar fréttir um stöðu mála á reitnum eru frá árinu 2008 og hvergi á öllum girðingaflaumnum má finna upplýsingar um fyrirhugaða uppbyggingu eða áætluð verklok.

**VISSULEGA** er viðeigandi að á 100 ára afmæli fullveldisins verði lokið við áform um uppbyggingu á Alþingisreitnum en það er algjör óþarfi að leita 100 ár aftur í tímann og snúa Guðjóni Samúelssyni við í gröfinni til að svo megi verða. Núgildandi deiliskipulag frá árinu 2007 er prýðilegt þrátt fyrir að höfundar þess séu ekki enn komnir undir græna torfu og greinargerð þess ekki skrifuð í anda Jónasar frá Hriflu. Deiliskipulagið leysir vel húsnæðisvanda Alþingis og með framfylgd þess yrði fyllilega komið til móts við hagkvæmnissjónarmiðin sem fram koma í þingsályktunartillögunni góðu. Mestu máli skiptir að bæta ásýnd þessa mikilvæga reits sem allra fyrst.

**ANNARS** öfunda ég ekki skipulagsfræðinga Framsóknarflokksins um þessar mundir. Það er eitt að komast í samband við framliðna húsameistara en annað að koma flugvelli fyrir í Efstaleiti þegar flokkurinn hefur flutt Landspítalann. Staðsetning flugvallarins rétt við sjúkrahús er forsenda þess að landsbyggðin lifi af, ekki satt?



**Stundum eru tónleikagestir bara til í þetta, þetta er oft mjög spes, stundum gefa áhorfendur þér einhvern kraft sem er erfitt að lýsa.**

**EFNILEGIR** Erling Bang, Kaktus Einarsson, Kalli, Gulli Einarsson og Einar Helgason fóru á túr með The Vaccines. FRÉTTABLAÐIÐ/FRIÐRIK HELGASON

# Trixið að ná þeim á sitt band

**Hljómsveitin Fufano hitaði upp fyrir hina þekktu hljómsveit The Vaccines á tónleikaferðalagi um Bretland og eru meðlimirnir nýkomnir heim. Sveitin Spilar á Pohoda-hátíðinni í sumar og mun hita upp fyrir Blur.**

„Lokagiggið stendur eiginlega upp úr,“ segir Hrafnkell Flóki Kaktus Einarsson, söngvari hljómsveitarinnar Fufanu, en hún var að ljúka tveggja vikna tónleikaferðalagi með The Vaccines í gær.

Hann getur þó ekki alveg bent á hvað það var við tónleikana sem stóð upp úr. „Stundum eru tónleikagestir bara til í þetta, þetta er oft mjög spes, stundum gefa áhorfendur þér einhvern kraft sem er erfitt að lýsa.“

The Vaccines hóf tónleikaferðalag um Bretland í lok mars og Fufanu hefur ferðast með sveitinni um allt landið og hitað upp fyrir hana. Hrafnkell lætur vel af ferðinni, hann segir að það hafi verið uppselt á alla tónleikana og það sé vissulega gaman að spila fyrir fullu húsi. Hann segir þó að það geti verið erfitt að hita upp fyrir stórt band með jafn sterkan áhangendahóp og The Vaccines, enda fólk oft bara að bíða eftir aðalbandinu. „En þá er trixið að ná þeim á sitt band, það er leikni sem tók nokkra tónleika að finna.“

Strákarnir í Fufanu léku líka á tvennum tónleikum með japanska bandinu Bo Ningen. Hrafnkell segir þá tónleika einnig standa svolítið upp úr í ferðinni enda hafi tónleikagestir þar verið innstilltari á þeirra tónlist.

Tónlist Fufano er „er rokk með áhrifum af raftónlist“ að sögn Hrafnkels. Hann segir þó frekar erfitt að lýsa tónlistinni. Áður voru hann og Guðlaugur Halldór Einarsson í hljómsveitinni Captain Fufano sem spilaði teknótónlist. „Þegar við urðum Fufano var þetta allt í einu ekki lengur teknó heldur meira rokk með raftónlistarelementum og trommuheilum.“

Fufano heldur tónleika á Húrra í kvöld þar sem Hekla og Dj Flugvél og geimskip sjá um upphitunina og hefjast þeir klukkan 21.00.

Fram undan hjá strákunum er meðal annars að hita upp fyrir Blur í Hyde Park í júní og spila á Pohoda-hátíðinni í Slóvakíu í júlí. Hrafnkell segir að þar komi einnig fram flottir íslenskir listamenn eins og Björk og Ghostigital. En til að byrja með stefna strákarnir á að fara aftur í stúdíó að vinna að meiri tónlist. Þarna eru greinilega upprennandi listamenn á ferð sem verður gaman að fylgjast með í framtíðinni.

- sgg






# 20% AFSLÁTTUR

## AF LG ÞVOTTAVÉLUM OG TVÖFÖLDUM KÆLISKÁPUM



LG
Life's Good

10 ára ábyrgð á mótor!



**_Takmarkað magn_**

*Fyrstur kemur – fyrstur fær*




Heimilistæki ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • **KAUPVANGI 6 EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • ÞJÓÐBRAUT 1 **AKRANESI** S: 431-3333 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

## Vinna ríkjandi meistarar ekki leik í úrslitakeppninni þriðja árið í röð?



Íslandsmeistarar ÍBV eiga á hættu að fara í sumarfrí strax í kvöld þegar þeir taka á móti Aftureldingu í Vestmannaeyjum í öðrum leik liðanna í átta liða úrslitum Olís-deildar karla í handbolta. Afturelding vann fyrsta leik liðanna í átta liða úrslitunum eftir framlengingu og kemst áfram í undanúrslit með sigri í kvöld. Tapi Eyjamenn í kvöld verður þetta þriðja úrslitakeppnin í röð hjá körlunum þar sem ríkjandi Íslandsmeistarar vinna ekki leik. HK (vann 2012) og Fram (vann 2013) komust ekki í úrslitakeppnina árið eftir að þau unnu Íslandsmeistaratitilinn. ÍR-ingar geta líka tryggt sér sæti í undanúrslitunum vinni liðið Akureyringa fyrir norðan í kvöld en ÍR vann fyrsta leikinn 24-20 á heimavelli. Valur og Haukar urðu í gærkvöldi fyrstu tvö liðin sem komust í undanúrslitin þegar þau slógu út Fram (Valur) og FH (Haukar) en Valur og Haukar mætast í undanúrslitunum.

## Segir að löglegt fæðubótarefni hafi fellt sig á lyfjaprófi

**HANDBOLTI** Handknattleiksdeild FH staðfesti í gær að leikmaður félagsins, Jóhann Birgir Ingvarsson, hefði fallið á lyfjaprófi.

Sama útkoma var í A- og B-sýni Jóhanns sem hefur aðstoðað lyfjaeftirlit ÍSÍ eftir fremsta megni frá því málið kom upp að því er fram kemur í yfirlýsingu frá FH og leikmanninum.

Jóhann Birgir var tekinn í lyfjapróf eftir bikarúrslitaleik FH og ÍBV þann 28. febrúar síðastliðinn. Leikmaðurinn segir að fæðubótarefni, sem hann tók inn í góðri trú, hafi fellt hann. Fæðubótarefnið er leyfilegt í sölu á Íslandi.

Leikmaðurinn tekur þó fulla ábyrgð á því að hafa tekið efnið inn enda segir í yfirlýsingunni að það sé á ábyrgð hvers og eins íþróttamanns hvað hann setur ofan í sig.

Jóhann Birgir mun sætta sig við niðurstöðu dómstóls ÍSÍ sama hver hún verður. Hún gæti verið allt að tvö ár fyrir þetta brot. Hann hefur ekki spilað með félaginu síðan málið kom upp. FH og Jóhann Birgir munu ekki tjá sig frekar fyrr en dómur liggur fyrir í málinu. **- hbg**



**Á LEIÐ Í BANN** Jóhann Birgir Ingvarsson í leik með FH í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**HETJAN** Stefan Bonneau tryggði Njarðvík sigur á KR með 3ja stiga körfu sekúndu fyrir leikslok. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### DOMINOS KARLA

UNDANÚRSLIT LEIKUR 2

**NJARÐVÍK - KR 85-84 (47-35)**

**Njarðvík:** Stefan Bonneau 34/8 fråk./5 stoðs., Logi Gunnarsson 15, Mirko Stefán Virijevic 12, Hjörtur Hrafn Einarsson 9/6 stoðs. Snorri Hrafnkelsson 9, Ólafur Helgi Jónsson 4, Maciej Baginski 2.

**KR:** Michael Craion 28/9 frák./7 stoðs./4 varin, Helgi Már Magnússon 20, Darri Hilmarsson 11/5 stolnir, Finnur Atli Magnússon 10, Björn Kristjánsson 8, Brynjar Þór Björnsson 7/5 frák./5 stoðs..

**Staðan: 1-1 og næsti leikur á sunnudagskvöld.**

### OLÍS DEILD KARLA

8 LIÐA ÚRSLIT LEIKUR 2

**HAUKAR - FH 28-24 (16-16)**

**Mörk Hauka (skot):** Adam Haukur Baumruk 8 (13), Árni Steinn Steinþórss. 8 (14/1), Einar Pétur Péturss. 5 (5), Tjörvi Þorgeirsson 3 (7), Janus Daði Smárason 3/1 (7/1), Þröstur Þráinsson 1/1 (2/2).

**Varin skot:** Giedrius Morkunas 10/1 (25/3, 40%), Grétar Ari Guðjónsson 2 (11, 18%),

**Mörk FH (skot):** Magnús Óli Magnúss. 8 (13), Ásbjörn Friðrikss. 6/2 (9/2), Þorgeir Björnss. 3 (5), Ísak Rafnss. 3 (10), Daníel Matthíass. 2 (4), Theodór Pálmas. 1 (1), Halldór Ingi Jónass. 1 (2).

**Varin skot:** Ágúst Elí Björgvinsson 8 (30/1, 27%), Brynjar Darri Baldursson 7/1 (13/2, 54%),

**Staðan: Haukar unnu 2-0 eru komnir áfram**

**FRAM - VALUR 24-34 (11-20)**

**Mörk Fram (skot):** Ólafur Ægir Ólafss. 9 (17), Kristinn Björgúlfss. 4/1 (6/1), Elías Bóasson 3 (6), Ólafur Jóhann Magnúss. 2 (2), Garðar B. Sigurjónss. 2/1 (2/1), Stefán Baldvin 2 (5), Arnar Freyr Arnarss. 1 (1), Sigurður Örn Þorsteinsson 1 (10).

**Varin skot:** Kristófer Fannar Guðmundsson 7 (34/5, 21%), Valtýr Már Hákonarson (7/1, 0%),

**Mörk Vals (skot):** Kári Kristján Kristjánsson 6/3 (6/3), Sveinn Aron Sveinsson 5/2 (5/2), Vignir Stefánsson 5 (6), Finnur Ingi Stefánsson 5/1 (6/1), Geir Guðmundsson 4 (8), Alexander Örn Júlíusson 3 (5), Atli Már Báruson 2 (2), Daníel Ingason 2 (3), Bjartur Guðmundsson 1 (1), Elvar Friðrikss. 1 (2).

**Varin skot:** Stephen Nielsen 8 (18, 44%), Hlynur Morthens 7 (21/2, 33%),

**Staðan: Valur vann 2-0 er komið áfram**

# Var hundleiðinlegur tími

Kjartan Henry Finnbogason hefur komið gríðarlega sterkur til baka eftir meiðsli hjá danska liðinu Horsens og skorað fimm mörk í fimm leikjum. Ræddi við íslensk lið í byrjun árs en ákvað að halda áfram úti.

**FÓTBOLTI** Knattspyrnuframherjinn Kjartan Henry Finnbogason sem leikur með danska 1. deildar liðinu Horsens hefur farið frábærlega af stað eftir langt vetrarfrí í deildinni og skorað fimm mörk í fimm fyrstu leikjum liðsins. Kjartan átti erfitt uppdráttar vegna meiðsla á fyrri hluta leiktíðar. Hann spilaði aðeins einu sinni 90 mínútur og í heildina ekki nema 192 mínútur í tólf fyrstu leikjum tímabilsins.

„Þetta er búið að ganga vel núna,“ segir Kjartan Henry léttur í samtali við Fréttablaðið, en hann var að borða þegar blaðamaður sló á þráðinn til hans.

„Það er alltaf nóg í boði hjá liðinu en maður borðar bara það hollasta. Allavega fimm daga vikunnar,“ segir hann og hlær.

### Konunum í lífinu að þakka

Það er augljóslega létt yfir Kjartani þessa dagana enda fer hann varla inn á fótboltavöll án þess að skora.

„Ég var meiddur frá því ég kom til Horsens. Ég viðbeinsbrotnaði í fyrsta leik sem var bikarleikur og reif liðbönd í öxlinni. Ég gat ekkert beitt mér en reyndi alltaf að taka íslenska víkinginn á þetta og spila meiddur. Það var gert grín að manni og spurt hvort maður væri ekki í fótbolta, en maður notar öxlina í allt sem maður gerir á vellinum.“

Það gerði mikið fyrir hann að danski fótboltinn leggst í þriggja mánaða dvala á miðju tímabili yfir vetrartímann, en fríið á milli loka hvers tímabils og byrjunar þess næsta er ekki nema sex vikur.

